



Lag fyrir endurreisn  
íslenska vaðmálsins

Eigendur NPK segja tilurð félagsins  
vera efnahagshruninu að þakka

Mikill áhugi hjá ungu fólki  
að flytja í Húnaping vestra

# Bændablaðið

22. tölublað 2019 • Fimmtudagur 21. nóvember • Blað nr. 551 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Birgir Birgisson, garðyrkjumaður í gróðrarstöðinni Ficus í Bröttuhlíð í Hveragerði, er mjög öflugur í ræktun á hinum vinsælu jólastjörnum sem eru nú að fara á markað. Þótt rauða jólastjarnan sé langvinsælust, þá hefur Birgir líka verið að rækta hvítar, bleikar, mislitar og míní-jólastjörnur, sér og öðrum til gamans. – Sjá nánar um jólastjörnurækt Birgis á bls. 22–23

Mynd / Hörður Kristjánsson

Blómabændur vilja snúa vörn í sókn til að styrkja samfélög á landsbyggðinni þrátt fyrir harðan mótbyr:

## „Ekki fræðilegur möguleiki að keppa við tollfrjálsan innflutning á blómum“

— segja blómabændur í Espiflöt og vísa til þess er blómarækt lagðist af í Noregi, Danmörku og Finnlandi eftir niðurfellingu tolla

Íslenskir garðyrkjubændur hafa verulegar áhyggjur af framvindu mála varðandi orkuverð og tollvernd á blómum sem mjög er sótt að. Engan bilbug er samt á þeim að finna og eru bændur ákveðnir í að sækja fram og auka blómaframleiðslu til að mæta innanlandsþörfinni.

Blómabændur í Garðyrkjustöðinni Espiflöt í Reykholti í Bláskógabyggð eru í sóknarhug þrátt fyrir áhyggjur og hyggjast hefja stækun á stöðinni næsta sumar sem vonast er til að verði tekin í gagnið haustið 2020. Axel Sæland og eiginkona hans, Heiða Pálrún Leifsdóttir hjúkrunarfræðingur, tóku

við rekstrinum af foreldrum Axels, þeim Sveini A. Sæland og Áslaugu Sveinbjarnardóttur, en þau starfa þó enn við blómaræktina í Espiflöt.

**Talsmenn innflutnings á blómum hafa sjaldan verið herskárri**

Sveinn segir að á þeim 40 árum sem hann hafi sinnt þessum málum hafi blóma- og grænmetisinnflytjendur sjaldan verið eins herskár gagnvart íslenskum garðyrkjubændum og nú. Þeir leggi nú hart að yfirvöldum að afnema þá innflutningstolla sem enn eru á blómum og beri við skorti, m.a. á túlíppönum. Herförin núna hafi byrjað er Axel svaraði því játandi

í fjölmiðlaviðtali í vor að íslenskir blómabændur gætu annað markaðnum.

**Voru neyddir til að hætta**

„Framleiðsla finnskra garðyrkjubænda lagðist einfaldlega af, þeir réðu ekki við innflutninginn. Í Noregi, sem er í EFTA eins og við, héldu bændur lengi í vonina um að geta haldið áfram sinni blómaframleiðslu. Vegna samninga Norðmanna varðandi þróunaraðstoð við þróunarlöndin voru sett inn ákvæði um að fella niður alla tolla á blómum. Þar með var blómaframleiðendum í Noregi fórnad og nú eru blóm flutt

beint inn til Noregs frá Afríku. Við vitum því alveg hvað muni gerast verði tollar að fullu afnumdir varðandi blómainsflutning til Íslands. Viðskiptamenn í Hollandi fara þá létt með að slátra okkar litla markaði hér,“ segir Sveinn.

**Ekki fræðilegur möguleiki að keppa við tollfrjálsan innflutning**

„Það er ekki fræðilegur möguleiki að keppa við tollfrjálsan innflutning,“ segir Axel Sæland.

„Við tollaniðurfellingar vegna EES-samningsins datt nellikuframleiðslan t.d. alveg út hjá okkur. Við vorum áður með 500 fermetra

undir slíka ræktun. Það var útilokað að keppa við tollalausan innflutning.“

**Vill endurskoðun tolla á blómum**

Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri verslanasviðs Blómavals, telur að full þörf sé á að endurskoða tolla á innfluttum blómum. Hann segist hafa fullan skilning á að það þurfi að vernda stöðu bænda, en hún þurfi þá að vera á réttum forsendum.

„Þetta er ekki að vernda nokkurn einasta mann. Þetta er bara skattur fyrir ríkissjóð og gjald fyrir neytendur, segir Kristinn. /HKr.

– Sjá nánar á bls. 28 og 29



## FRÉTTIR

Minkabændur gegna mikilvægu hlutverki í hringrásarkerfi samfélagsins að mati Eflu verkfræðistofu:

# Loðdýrarækt dregur úr kolefnisspori Íslendinga

– minnkar CO<sub>2</sub> losun um 1.100 tonnum meira en hún skapar, ástæðan er nýting á slátur- og fiskúrgangi sem annars þyrfti að urða

Samkvæmt skýrslu starfshóps um greiningu á framtíðarhorfum í minkarækt hefur nýting á fisk- og sláturhúsauðgangi í greininni umtalsverð áhrif til að draga úr kolefnisspori. Nýting þessa hráefnis til fódurgerðar í stað þess að urða það dregur úr kolefnisspori landsins samkvæmt útreikningum verkfræðistofunnar Eflu.

Minkarækt á í dag verulega undir högg að sækja vegna lágs skinnaverðs síðustu ár, en árin 2016 til og með 2019 hefur skinnaverð verið mun lægra en framleiðslukostnaður skinnanna. Meginástæða verðfallsins er offramleiðsla sem varð á heimsvísu á árunum 2011 til 2015. Þrátt fyrir erfiða stöðu er athyglisvert að samkvæmt úttekt Eflu verkfræðistofu, þá er áframhaldandi minkarækt hagstæð hvað varðar kolefnisspor Íslands. Þar er útreikningur á kolefnisspori byggður á sömu aðferðafræði og notuð er varðandi sauðfjárrækt.

## Dregið úr losun með nýtingu á hráefni sem annars þyrfti að urða

Framleiðsla minkaskinna byggir á fóðri sem er að stærstum hluta samsett úr afgangshráefnum sem falla til við matvælaframleiðslu í sláturhúsum og fiskvinnslum. Þær úrvinnslustöðvar sem selja og geta selt fóður til fleiri aðila, hafa bæði getu og vilja til að vinna meira af hráefnum en nýtt eru í fóðri á dag.

Meðallosun minkaræktunar á Íslandi á árunum 2016–2018 var samkvæmt skýrslu Eflu verkfræðistofu um 2.060 tonn í CO<sub>2</sub> ígildum. Losunin var nokkuð jöfn yfir tímabilið sé horft á losun á hvert framleitt skinn. Samkvæmt samantektinni sparar greinin umhverfinu 3.140 CO<sub>2</sub> ígildistonn árlega með því að nýta lífrænan úrgang til fódururðurar í stað þess að hann sé urðaður. Það sparar um 144 milljónir í árlegan kostnað sem annars yrði vegna urðunar.

Þar sem umfang minkaræktunar hefur minnkað mikið á undanförunum árum hefur heildarlosunin minnkað töluvert. Losun metans og gládlofts úr meltingarvegi og skít minkanna myndar samtals rúman helming kolefnisspensins. Þar fyrir utan er framleiðsla og innflutningur ýmissa íblöndunarefna í fóðrinu stærsti þátturinn, eða um 22% af kolefnissporinu.

Fóðurverð til bændu hefur sveiflast nokkuð en árið 2018 var það 57 kr./kg að meðaltali hjá Fódurstöð Suðurlands en 47 kr./kg að meðaltali hjá Fódurstöð KS. Bæði verð eru með flutningi til bændu. Í dag er fóðurverð með flutningi til bændu 45 kr. á kg hjá Fódurstöð KS en 52 kr. á kg hjá Fódurstöð Suðurlands. Hafa fóðurstöðvarnarið verið að selja fóður með lítilli álagningu.

## Það kostar um 6.000 krónur að framleiða hvert skinn

Áætlaður kostnaður við framleiðslu hvers minkaskinnar er um 6.000 kr. Þar af er fóður langstærsti hlutinn, eða um 42%, en um 50–52 kíló af fóðri þarf til að ala hvert dýr í sláturúrækt.

Í minkarækt er skinnið megin



Hráefni frá sláturhúsum og fiskvinnslu sem nýtt er í minkarækt sparar losun gróðurhúsalofttegunda sem annars myndast ef þetta sama hráefni er urðað.

Myndir /EEE

afurðin og eru þau seld við hamarshögg á uppboði. Íslenskir minkabændur hafa nýtt uppboðshús Kopenhagen Fur í Danmörku til sölu sinna skinna.

## Skinnaverðið fór hæst í 12.593 krónur árið 2013

Á árinu 2008 voru flutt út 134.936 minkaskinn að verðmæti 502.501.664 krónur. Þá varð meðalverð á skinni 3.724 krónur. Árið 2011 voru flutt út 138.525 skinn fyrir rúmlega 1,1 milljarð króna. Þá var meðalverð á skinn 8.186 krónur. Á árinu 2013 var meðalverð á skinn komið í 12.593 krónur. Þá voru flutt út 174.463 skinn fyrir tæpa 2,2 milljarða króna. Síðan fór að halla undan fæti með lækkandi skinnaverði.

Lægst fór skinnaverðið í 3.106 krónur árið 2018, en þá voru seld 159.122 skinn fyrir rúmlega 495 milljónir króna. Á yfirstandandi ári hefur verðið aðeins verið að stíga og meðalverðið komið í 3.275 krónur. Enn virðist því talsvert vanta upp á að 6.000 króna framleiðsluverði verði náð.

## Minkabændur gegna mikilvægu hlutverki í hringrásarkerfi samfélagsins


Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL), telur að ávinningurinn af loðdýrarækt með nýtingu þess hráefnis, sem annars yrði að urða með ærnum tilkostnaði, samræmist vel loftslagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er stefnt að því að urðun lífræns úrgangs verði bönnuð í framtíðinni.

Skýrsla sem loðdýrabændur fengu Eflu verkfræðistofu til að vinna um kolefnisspor minkaræktarinnar staðfestir þetta. Þar segir m.a.:

„Minkaræktin hér á landi er ákveðin hlekki í hringrásarkerfi landsins, þar sem langstærsti hluti minkafóðurs er fisk- og sláturúrgangur, sem annars væri urðaður með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig er skítur minkanna notaður sem áburður á tún sem leiðir til minni innflutnings á tilbúnum áburði. Segja má að ef sláturúrgangurinn hefði verið urðaður og tilbúni áburðurrinn framleiddur og fluttur til landsins, hefði losun gróðurhúsalofttegunda verið meiri en tvöföld á við núverandi losun minkaræktarinnar, þar sem fisk- og sláturúrgangur er nýttur sem



Fjöldi minkabúa á Íslandi



Minkalæða með hvolpa.

fóður og minkaskítur sem áburður. Í heildina er því umhverfislegur ávinningur af minkaræktinni.“

## Um 93–94% minkafóðurs er fisk- og sláturúrgangur

Langstærsti hluti minkafóðurs er fisk- og sláturúrgangur úr öðrum landbúnaðar- og sjávarútvegs- greinum, eða 93–94%. Þar kemur mest frá kjúklingarækt og fiskvinnslu (aðallega ýsa, þorskur, steinbítur og karfi), en einnig er notaður afskurður úr nautum, lömbum og svínnum. Þá er talsverðu af ýmsum öðrum kolvetnum blandað í fóðrið, eins og hveiti, byggi, barði og örum afgöngum úr bakaríum. Ýmsar gerðir af olíu- og fituefnum, t.d. sojaolíu, repjuolíu, steikingafita frá veitingastöðum og lýsi er einnig notað ásamt súru sem lengir líftíma fódursins. Þar er oftast um að ræða ediksýru, brennisteinssýru og maurasýru.

Minkunum eru gefnar staðlaðar vítamínblöndur samkvæmt almennum ráðleggingum og eru það einu fæðubótarefni sem notuð eru. Lyf eru nær ekkert notuð nema þeirra sé sérstaklega krafist og er það þá samkvæmt leiðbeiningum dýralækna. Lyfjum er því ekki blandað í fóðrið að staðaldri og engar bólu-setningar eru stundaðar í greininni að staðaldri.

## Minkaræktin sparar innflutning á tilbúnum áburði

„Sé úrgangurinn ekki notaður í minkaræktina má gera ráð fyrir að hann sé urðaður. Urðun á lífrænum úrgangi hefur með sér nokkuð stórt kolefnisspor vegna mikillar metangasmýndunar. Færa má rök fyrir því að vegna notkunar á sláturúrganginum, sem annars yrði urðaður, stuðli minkaræktin að því að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda er minni en annars væri. Auk þess er minkaskítur nýttur sem áburður svo ekki þarf að flytja inn jafn mikinn tilbúinn áburð og annars væri. Minkabændur gegna því mikilvægu hlutverki í hringrásarkerfi samfélagsins,“ segir í skýrslu Eflu.

## Ráðherrar skipuðu starfshóp til að greina framtíðarhorfur

Skipaður var starfshópur þann 19. febrúar síðastliðinn til að greina framtíðarhorfur í minkarækt. Hópurinn var skipaður af Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Kristjáni Þór Júlíusssyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Við vinnu sína var teyminu ætlað að eiga náð samstarf með fóðurstöðvum sem hafa milligöngu um útvegum fódurs til minkabænda. Hópurinn skipaðu þau Ásta Pálmadóttir, frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Kjartan Hreinsson, frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Arnar Már Elíasson frá Byggingastofnun og Einar E. Einarsson frá Samtökum loðdýrabænda. Teymið hefur nú skilað af sér skýrslu en haldnir voru 10 fundir um málið.

## Fjórar tillögur til að styðja við greinina

Starfshópurinn setti á blað fjórar tillögur sem ætlað er að mæta þeirri

erfiðu stöðu sem minkaræktin er í um þessar mundir og um leið að styðja markmið ríkisstjórnarinnar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í stað þess að eyða fjármunum í urðun sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda er lagt til að þeir peningar verði nýttir til fódurgerðar fyrir loðdýrabú og styrki þá um leið þessa búgrein.

Frá 2014 hefur minkabúnum fækkað um tvo þriðju, eða úr 31 í 10. Sumir loðdýrabændur hafa hætt starfsemi og þá tekið á sig áföllin af tekjutapinu, en önnur bú hafa hreinlega orðið gjaldþrota. Þar á meðal eru bú sem höfðu náð mjög góðum tökum á loðdýraræktinni og þóttu til fyrirmyndar í greininni. Helstu tillögur starfshópsins eru byggðar á núverandi stjórnarsáttmála og aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá september 2018. Þær eru eftirfarandi:

Gerður verði umhverfissamningur við greinina til þrjú ára með það að markmiði að nýta kosti hennar til eyðingar á lífrænum úrgangi frá matvælaframleiðendum.

Úrvinnslustöðvar hráefna til fódurgerðar og aukinnar úrvinnslu á hráefnum verði sérstaklega eflar og styrktar. Í það fari samtals 116 milljónir króna á ári.

Framleiðendur fái greiðslur fyrir minkaskítinn að sambærilegri upphæð og útreiknaður kostnaður kolefnisspens við framleiðslu og innflutning á samsvarandi magni af tilbúnum áburði. Samtals 28 milljónir króna á ári.

Minkabændum verði tryggt jafnræði að sérstökum lánnum Byggingastofnunar og að afborgun þeirra verði tryggt þau ár sem skinnaverð nær ekki tiltekinni upphæð. Heildarfjárhæð er óljós, en á 10 ára tímabili yrði hún ekki hærrí en 10 milljónir króna á ári án vaxta.

## Aukaforðir úr minkaræktinni

Minkabændur hafa reynt að búa til hliðargreinar við minkaræktina og má þar t.d. nefna framleiðslu á græðandi smyrslum úr minkafitu, sem Urðarköttur í Skagafirði hefur t.d. markaðsett. Það bú tengist samnefndum rekstri minkabús formanns Samtaka íslenskra loðdýrabænda. Einnig hefur verið reynt að framleiða lífdísil úr fitunni sem skrópuð er innan af leðurhlið skinnanna, en árangurinn er misjafn. Sú fita sem ekki er nýtt á þennan hátt er urðuð.

Skrokkar minkanna sem til falla á Íslandi hafa að mestu verið urðaðir. Hér tíðkast ekki að framleiða úr minkakjöti fæðu til manndis, þó slíkt þekkist m.a. í Kína og Víetnam. Víða erlendis eru skrokkar þó endurnir og úr þeim gert kjötmjöl sem notað er í gæludýrafóður. Á Íslandi var eitt sinn reynt að þurrka hluta af skrokkum og gera úr þeim gæludýrafóður. Þeirri framleiðslu hefur nú verið hætt og eru því nær allir minkaskrokkar urðaðir hér á landi. Órlítið fer í kjötmjölsframleiðslu en hlutfallið er óþekkt og því eru allir skrokkar sagðir urðaðir í dag. Þá er hver skrokkur tæp 2 kg, en eldi hans er búuð að farga 48 kg af hráefnum sem annars hefðu verið urðuð.

/HKr.





# Búðu þig vel undir veturinn

ENNEINN / SÍA / NK95201



## Dimex kuldagalli

Vnr. 9609 648

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum. Litur: Svartur. Stærðir: S-3XL.



## Dunlop Purofort professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Létt stígvél með höggdeyfi í sóla. Auðvelt að þrifa og endast vel. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



## Dimex axlabönd

Vnr. 9609 4096+

Breið og þægileg axlabönd með járnklemmum. Litur: Svartur. Ein stærð.



## Dimex mittisbuxur

Vnr. 9609 6068

Buxur úr teygjanlegu efni, einstaklega líprar og þægilegar. Litur: Svartur. Stærðir: 44-64.



## Nítrildýfðir vetrarhanskar

Vnr. 9640 8810

Saumlausir vetrarhanskar með mjög gott grip. Litur: Svartur. Stærðir: 9-10-11.



## Vinnuvettlingar, þrjóna

Vnr. A108 VV101

Vinnuvettlingar úr ull/nælon. Litur: Grár. Tvær stærðir.



## Dimex peysa

Vnr. 9609 4282+

Rennd flíspeysa með þrjónaefni. Vasar lokaðir með rennilás. Litur: Svartur. Stærðir: XS-3XL.



## Dimex sokkar

Vnr. 9609 4101+

Þykkir og góðir sokkar. 5 pör í pakkingu. Litur: Svartur. Stærðir: 40-46.



## Dimex þrjónahúfa

Vnr. 9609 4101+

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

### Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448  
 Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330  
 Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293  
 Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar

N1



## FRÉTTIR

Sauðfjár- og alifuglaræktin standa nánast jafnfætis í framleiðslu afurða:

# Kjúklingakjötið komið með langmestu markaðshlutdeildina í sölu, eða 33,8%

– Sauðfjárafurðir með 24,4% markaðshlutdeild hjá neytendum og svínakjötið 22,8% – mest aukning er þó í sölu á hrossakjöti

Samkvæmt nýjustu tölum frá Búnaðarstofu MAST nemur kjötframleiðsla íslenskra bænda síðustu 12 mánuði, eða til októberloka, rúmlega 31.725 tonn. Framleiðsla á sauðfjárafurðum og alifuglakjöti er nánast jafnfætis, en salan á alifuglakjöti var samt mun meiri á þessu tímabili þrátt fyrir að kindakjöttssalan hafi líka aukist.

Mest var framleitt af sauðfjárafurðum á síðustu 12 mánuðum eða rúmlega 9.709,5 tonn. Framleiðslan á alifuglakjöti kemur í kjölfarið og var 9.570,3 tonn. Í þriðja sæti er svo svínakjöt, eða rúmlega 6.591,1 tonn. Þá kemur nautgripakjöt sem er rúmlega 4.795,4 tonn og hrossakjötið rekur svo lestina og af því hafa verið framleidd rétt tæplega 1.059 tonn.

### Svipuð framleiðsla á sauðfjárafurðum og alifuglakjöti

Undanfarin ár hefur stöðugt verið að draga saman með framleiðslu á

kindakjöti og alifuglakjöti. Er nú svo komið að þessar tvær greinar eru nánast komnar með sömu markaðshlutdeild þótt sauðfjárafurður sé enn sjónarmun á undan. Þannig eru sauðfjárafurðir með 30,6% markaðshlutdeild á meðan alifuglakjötið er með 30,2%. Í þriðja sæti kemur svínakjötið með 20,8% framleiðsluhlutdeild. Síðan kemur nautgripakjötið með 15,1% hlutdeild og hrossakjötið með 3,3%.

### Kjúklingakjötið komið langt fram úr kindakjöttssölu

Mjög athyglisvert er að skoða sölutölur á kjöti á síðustu 12 mánuðum. Þar kemur fram að salan á alifuglakjöti var tæplega 9.775,7 tonn sem er 33,8% aukning frá því í fyrra. Sala á sauðfjárafurðum frá afurðastöðvum til kjötvinnsla og verslana nam síðustu 12 mánuði 7.052,6 tonn. Þar með var salan á alifuglakjöti

rúmum 2.723 tonn meiri en salan á sauðfjárafurðum.

Salan á kjúklingakjötinu var jafnframt 205,5 tonn meiri en heildarframleiðslan á síðustu 12 mánuðum, sem var 9.570,3 tonn. Mismunurinn var væntanlega tekinn af birgðum frá fyrra ári sem námu rúmum 600 tonn.

### Alifuglakjötið með mestu markaðshlutdeild

Markaðshlutdeild alifuglakjöts í sölu jókst á síðustu 12 mánuðum um 1,3% og var þá komin í 33,8% markaðshlutdeild í síðasta mánuði.

### Salan á sauðfjárafurðum jókst um 1,3%

Þrátt fyrir afburðagóða stöðu alifuglakjötsins jókst sala á sauðfjárafurðum um 1,3%. Nam salan tæpum 6.581,9 tonn og var markaðshlutdeildin 24,4%. Inni í þessum tölum eru afurðir sem bændur hafa

tekið heim til eigin brúks, en þær námu tæpum 1.339,3 tonn á síðustu 12 mánuðum.

Mest var söluaukningin í sölu á ærkjöti sem jókst um 17,7%. Þá jókst salan á hrúta kjöti um 14,8% og sala á lambakjöti jókst um 0,2%. Aftur á móti dróst saman salan á afurðum af veturögmlum ám um 21,2%.

### Nær óbreytt staða í sölu á svína- og nautgripakjöti

Svínakjöttssalan var svipuð og 2018, en dróst þó örlítið saman, eða um 1,8%, og var þá komin í 22,8% hlutdeild á kjötmarkaði.

Salan á nautgripakjöti stóð nánast í stað með 16,6% markaðshlutdeild. Þar er samt örlítill aukning, eða 0,2%.

### Hrossakjötið með langmestu aukninguna

Hástökkvari í sölu síðustu 12 mánuði var hins vegar hrossakjötið.

Þar jókst salan um 13,7%, en markaðshlutdeildin var að vísu ekki nema 2,5%. Salan á kjöti af fullorðnum hrossum jókst um 15,4% og salan á folaldakjöti jókst nánast um það sama, eða 15%. Hins vegar dróst salan á trippakjöti saman um 18,9%.

### Talsverður samdráttur í framleiðslu á sauðfjárafurðum

Þegar rýnt er nánar í tölur Búnaðarstofu má sjá að tölurverður samdráttur hefur verið í framleiðslu á kindakjöti á síðustu 12 mánuðum, eða um 8,5%. Einnig hefur verið samdráttur í svínakjötsframleiðslunni um 2,6%. Í öðrum greinum hefur orðið aukning í framleiðslu. Nemur aukningin um 0,6% í framleiðslu á nautgripakjöti, um 0,2% í alifuglakjöti, en mest í framleiðslu á hrossakjöti, eða 6,7%.

Nokkur gagnrýni hefur verið á útflutning á sauðfjárafurðum. Samt hefur verið um 26,6% samdráttur í útflutningi sem nam í heild tæpum 2.923,9 tonn. /HKr

# Mjótt á munum hvaða bú hreppir efsta sætið yfir afurðahæstu kýrnar í ár

– Aðeins nokkrir tugir kílóa skildu að efstu búin þegar tveir mánuðir voru eftir af reikningsárinu

Hurðarbaksbúið ehf. í Flóahreppi á Suðurlandi var á toppnum í lok október yfir afurðahæstu kúabúin það sem af er ári. Ekki munar þó miklu á því og búinu á Hóli í Svarfaðardal við Eyjafjörð og búinu á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð í Rangárþingi eystra.

Í Hurðarbaksbúinu eru 55,1 árskýr og voru afurðirnar að meðaltali 8.434 kg á kú í lok október.

### Aðeins 54 kg í næsta bú

Kúabúið á Hóli í Svarfaðardal, sem er með 49,8 árskýr var þá aðeins með 54 kg minna eða 8.380 kg að meðaltali á hverja árskýr. Í þriðja sæti var svo búin að Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð sem er með 57,9 árskýr sem gáfu að meðaltali 8.353 kg á árskýr. Munar

aðeins 27 kg á öðru og þriðja sæti og 81 kg á fyrsta og þriðja sæti.

### Mjótt á munum og mikil spennan

Það er ljóst að þótt meðaltalshreyfingarnar séu að jafnaði ekki miklar á milli mánaða, þá getur ýmislegt gerst þegar svo mjótt er á munum. Fyrir mánuði síðan var búin á Hóli t.d. í efsta sæti.

Ekki er heldur langt í næsta bú, því að í fjórða sæti er Hvammur á Barðaströnd með 38,7 árskýr og 8.290 kg á kú. Þá kemur búin á Stóru-Tjörnum við Ljósavatn í Þingeyjarsveit í fimmta sæti með 55,3 árskýr og 8.235 kg á kú.

Í sjötta sæti er svo búin á Syðri-Grund skammt frá kirkjustaðnum Laufási við austanverðan Eyjafjörð

### Kúabú með meðalnyt yfir 5.000 kg á árskýr

Bú - október 2019	Skýrsluhaldarar	Árskýr	Afurðir
870736 Hurðarbak	Hurðarbaksbúið ehf.	55,1	8.434
650231 Hóli	Karl Ingi og Erla Hrönn	49,8	8.380
860530 Kirkjulækur 2	Eggert, Jóna, Páll og Kristín	57,9	8.353
460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	38,7	8.290
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf.	55,3	8.235
660220 Syðri-Grund	Stefán og Steinunn	46,0	8.184
350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	73,6	8.182
870909 Skáldabúðir 2	Gunnbjörn ehf.	97,5	8.164
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	27,3	8.142
560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf.	48,2	8.117

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarinnar - RML

með 46 árskýr og 8.184 kg á kú. Í sjöunda sæti er Hvanneyrarbúið í Borgarfirði með 73,6 árskýr og 8.182 kg að meðaltali á árskýr. Í áttunda sæti kemur svo búin að Skáldabúðum

2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á Suðurlandi með 97,5 árskýr og 8.164 kg á árskýr. Í níunda sæti er svo búin að Hraunhálsi í Helgafellssveit á Snæfellsnesi með 27,3 árskýr og

8.142 kg á kú. Þá kemur margfaldur sigurvegari í þessum flokki sem vermdi tíunda sætið um síðustu mánaðamót. Það eru Brúsastaðir í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu með 48,2 árskýr og 8.117 kg eftir hverja kú að meðaltali.

### Aðeins 317 kg skilja að 1. og 10. sætið

Eins og sjá má er ekki gríðarmikill munur á fyrsta og tíunda sæti eða ekki nema 317 kg. Það er því greinilegt að mikill jöfnuður ríkir milli íslenskra kúabænda, allavega hvað árangur í framleiðslu varðar. Það verður því gaman að fylgjast með hver lokastaðan verður, en endanlegar tölur munu væntanlega liggja fyrir um miðjan janúar 2020. /HKr



Átt þú rétt á slysabótum? Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND ☎ 511 5008

**TORT**  
INNHEIMTA SLYSABÓTA

340 kúabændur skrifuðu undir áskorun til forystu bænda:

## Atkvæðagreiðslu um samkomulag um starfsskilyrði nautgriparæktar frestað

Atkvæðagreiðslu um samkomulag um endurskoðun nautgripasamnings hefur verið frestað um eina viku. Ákvörðun um það var tekin í kjölfar umræðu og áskorunar 340 kúabænda um að samninganefndirnar settust aftur að samningabörð.

Í áskoruninni segir að algjör óvissa ríki um veigamikil grundvallaratriði á borð við verðlagningu mjólkur og fyrirkomulag greiðslumarksviðskipta. „Þessi atriði gera það að verkum að ómögulegt er að taka afstöðu til samningsins sem undirritaður var 25. október síðastliðinn. Markmið endurskoðunarinnar er að gera heildstæðan samning með skýr markmið um framtíðarstarfsskilyrði nautgriparæktar á Íslandi,“ sagði í undirskriftasöfnuninni.

Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður BÍ, segir í leiðara Bændablaðsins að fram hafi komið áhyggjur af ákveðnum atriðum sem lýsir sér meðal annars í undirskriftalista sem fulltrúar BÍ fengu afhentan á þriðjudag. „Á það er hlustað og af þeim sökum hefur verið ákveðið að fresta atkvæðagreiðslunni og láta reyna á að ræða við fulltrúa ríkisins um mögulegar úrbætur varðandi þau stærstu í ljósi þessarar stöðu.“

Fundað var í hádeginu í gær með landbúnaðarráðherra þar sem samningsaðilar ræddu um framhaldið. Niðurstöður þess fundar lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.

### Atkvæðagreiðsla hefst 27. nóv.

Samkvæmt áður auglýstri atkvæðagreiðslu átti hún að hefjast í hádegi

á miðvikudaginn var. Af því varð ekki og atkvæðagreiðslan færð til hádegis 27. nóvember og mun hún standa yfir til hádegis 4. desember. Bændasamtökin hafa boðað til nýrrar atkvæðagreiðslu og mun hún fara fram með rafrænum hætti og aðgengileg í gegnum vef Bændasamtakanna, bondi.is. Kosningarétt hafa félagsmenn í Bændasamtökum Íslands eða Landssambandi kúabænda sem eru jafnframt með virkt bú í skýrsluhaldi fyrir nautgriparækt.

Hægt verður að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang frá kl. 12.00 á hádegi þann 20. nóvember til kl. 12.00 á hádegi 25. nóvember. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er að finna á vef Bændasamtakanna, bondi.is.



Takmarkað  
magn

# 15% afsláttur af Samasz vélum



Samasz diskasláttuvél KDT340  
Vinnslubreidd: 3,4 metrar **Kr. 1.090.000.- án vsk**  
**Kr. 925.000.- án vsk**



Samasz rakstravél  
UNO470  
Vinnslubreidd: 4,7 metrar dragtengd  
**Kr. 1.190.000.- án vsk**  
**Kr. 995.000.- án vsk**



Samasz framsláttuvél  
KDF340 Vinnslubreidd: 3,4 metrar  
**Kr. 1.582.000.- án vsk**  
**Kr. 1.344.000.- án vsk**  
KDF341S með knosara  
Vinnslubreidd: 3,4 metrar  
**Kr. 1.990.000.- án vsk**  
**Kr. 1.690.000.- án vsk**



Samasz diskasláttuvél KT341  
Vinnslubreidd: 3,4 metrar  
Miðjuhangandi **Kr. 1.570.000.- án vsk**  
**Kr. 1.334.000.- án vsk**



Samasz tromlsláttuvél  
Vinnslubreidd: 1,65 metrar  
**Kr. 369.000.- án vsk**  
**Kr. 313.000.- án vsk**  
Vinnslubreidd: 1,65 metrar m/glussatjakk  
**Kr. 395.000.- án vsk**  
**Kr. 335.000.- án vsk**  
Vinnslubreidd: 1,85 metrar m/glussatjakk  
**Kr. 490.000.- án vsk**  
**Kr. 416.000.- án vsk**



Samasz rakstravél Z2-780  
Vinnslubreidd: 7,8 metrar **Kr. 2.390.000.- án vsk**  
**Kr. 1.995.000.- án vsk**

Samasz rakstravél Z2-840  
Vinnslubreidd: 8,4 metrar **Kr. 2.790.000.- án vsk**  
**Kr. 2.370.000.- án vsk**

## Búvís

Sími 465 1332  
www.buvis.is

Heimsmet í slætti  
SaMASZ sló 96,2  
hektara á 8 tímum

### SaMASZ slær í gegn



## ergo



# Malarharpa?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í námuvinnslu,  
en við fjármögnum hins vegar malarhörpur.  
Enda fjármögnum við flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á [ergo.is](http://ergo.is)



# Bændablaðið

– Málsgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.  
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (áb.m.) [hk@bondi.is](mailto:hk@bondi.is) – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason [tjorvi@bondi.is](mailto:tjorvi@bondi.is) – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir [mth@bondi.is](mailto:mth@bondi.is) – Sigurður Már Harðarson [smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is) – Vilmundur Hansen [vilmundur@bondi.is](mailto:vilmundur@bondi.is) – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir [gph@bondi.is](mailto:gph@bondi.is) – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is) – Vefur blaðsins: [www.bbl.is](http://www.bbl.is) – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is)  
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Öfgar án ábyrgðar

Í upphafi skyldi endirinn skoða segir máltækið. Víst er að það á við fjölmörg mál í okkar samfélagi í dag. Ekki er þó alltaf víst að fólk átti sig á afleiðingum orða sinna og gjörða þegar anað er út í hamslausa umræðu hversdagsins.

Í dag gagnrýnum við réttilega margvíslegan sóðaskap í umgengni við náttúruna. Þau okkar sem orðin eru eldri en tvævetra hafa m.a. upplifað umtalsverðar sveiflur í veðurfari. Allt frá verulega köldu veðri með hafis og annarri óáran fyrir um 40 árum og yfir í verulega hlýnandi ástands á síðustu tveim til þrem áratugum. Um þetta þarf enginn að efast.

Löngu áður en íslenskir fjölmiðlar fóru almennt að tala um hlýnun jarðar og gróðurhúsáhrif reyndi Magnús Jónsson veðurfræðingur að benda íslenskum yfirvöldum á þá þróun án þess að fá miklar undirtektir. Nú er þessi sami maður úthrópaður „aflreitunarsinni“, m.a. af þáttastjórnendum í Ríkissjónvarpinu.

Trausti Jónsson veðurfræðingur hefur varað fólk við fullyrðingafloami í umræðunni þar sem flækjustigið í lofts-lagsvísindunum sé afar mikið. Hækkun hita snúist ekki bara um losun manna á koltvísyrtingi.

Þrátt fyrir orð sérfræðinga sem vilja að fólk stigi varlega til jarðar í umræðunni og skoði málin af yfirvegum, þá hefur hún verið spennit upp á ofsafengid plan. Maður verður því oft hvúmsa yfir hamslausum sleggjúðum og gagnrýni frá fólki sem veður á súðum í netheiminum. Það leyfir sér að hrauna yfir samborgara sína eins og verið sé að tala um skynlausar skepnur. Ónefnin eiga sér engin takmörk og öllum sem leyfa sér að gagnrýna orðræðuna, eða draga upp efasemdarmyndir af því sem um er rætt, eða koma með réttmætari ábendingar, er gjanman líkt við verstu ómennni sögunnar. Kynt er undir umræðuna af djöfulmóð og jafnvel með upphrópunum um að enginn verði morgundagurinn. – Gerir fólk sér virkilega ekki grein fyrir hvert þessi umræða er að leiða okkur?

Talað er um loftslagskvíða og kulnun vegna óstjórnlegs ótta sem skapast hefur af upphrópunum um að mannkynið sé hreinlega að farast á næstu 10 til 20 árum. Væri ekki rétta að slaka aðeins á og skoða mögulegar afleiðingar áður en lengra er haldið?

Íslendingar glíma í dag við hrikalegan vanda vegna sjálfsvíga, ekki síst í hópi ungra drengja. Dánartíðni karlmanna á Íslandi vegna sjálfsvíga á árunum 2016–2018 var yfir 46 á ári og kvenna um 5 til 6 á ári samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Er virkilega enginn sem áttar sig á hvað svona þráhyggju-heimsendaspár geta haft á sálir sem standa tæpt á andlega sviðinu?

Hrópað er á aðgerðir í loftslagsmálum. Hvernig líta þær kröfur svo út í raunverulegu sambengi hlutanna?

Á árinu 2018 fór 83% þjóðarinnar til útlanda samkvæmt hagtolum. Það hafa þá verið nálægt 207.500 manns. Ferðalög þessa hóps jafngildi því að hver einasti Íslendingur færi að meðaltali 2,8 sinnum til útlanda, sem jafngildir um 700.000 utanlandsferðum. Þetta segir okkur líka að þeir sem höfðu efni á að ferðast fóru að meðaltali nærri fjórum sinnum (3,37 sinnum) til útlanda á síðasta ári, sem merkir að einhverjir fóru kannski einu sinni og þá aðrir miklu oftar.

Þessar tölur segja okkur líka að um 17% þjóðarinnar, eða 42.500 einstaklingar, ferðuðust ekki til útlanda og fjölmargir þeirra höfðu hreinlega ekki efni á að ferðast nokkurn skapaðan hlut. Hverjir ætli hafi svo hæst á netmiðlum og heimti aðgerðir af öllu tagi til að bjarga heiminum? Varla eru það þeir sem ekki hafa efni á mat, húsnæði, tölum eða utanlandsferðum. /HKr

## Heimavinnsla afurða og aukin verðmætasköpun

Guðrún S. Tryggvadóttir  
formaður Bændasamtaka Íslands  
[gst@bondi.is](mailto:gst@bondi.is)



Í bókunum Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi er sláturtíðinni gerð góð skil. Nokkuð nákvæmar lýsingar eru á því hvaða störf-heimilisfólk sinni og hvað var nýtt af skepnum. Í þá daga efaðist enginn um uppruna matvælnanna enda rak stærstur hluti þjóðarinnar bú og framleiðti sín eigin matvæli.

Þó ekki sé liðið svo ýkja langt í árum talið þá er aðeins rúmt 1% þjóðarinnar sem í dag stundar landbúnað og eru að langstærstum hluta frumframleiðendur. Afurðafyrirtæki sjá um vinnsluna á vörnum sem almenningur kaupir í verslunum. Tenging sveitar og borgar hefur minnkað og fá börn sem enn fara í sveit. Það gerir það að verkum að tenging framleið- enda og neytenda hefur trosað. Börn heyrta meira af sveitinni en þau sjá og fá að upplifa og það er veruleikinn í dag.

### Neytendur gera kröfur

Heilindi í matvælaframleiðslu eru gríðarlega mikilvæg og nauðsyn í tengingu framleiðanda og neytenda. Upplýsingar um framleiðsluferlið, umhverfismál og dýravelferðarmál eru ekki síður mikilvæg. Neytendur verða sífellt betur upplýstari og meðvitandi. Nú þegar spyr fólk spurninga eins og; hversu langt eru mat- vælin búin að ferðast? Hvernig er aðbúnaður dýranna? Við hvernig aðstæður voru þau alin? Hversu langt þurfti að flytja dýrið til slátrunar og hversu langan tíma var það á ferðinni? Hvert er viðhorf og hvernig er framleiðslunni háttátt með tilliti til umhverfismála? Hvernig er aðbúnaður starfsfólksins?

Í tíð Guðrúnar frá Lundi var enginn að velta fyrir sér innflutningi á fersku kjöti, uppruna- landi eða merkingum. Það að eiga í sig og á kostaði vinnu, blóð, svita og tár. Íslendingar hugsuðu sig tæplega í Evrópumedalitali hvað varðaði matarkörfu heimilisins. Það kostar enn vinnu að eiga í sig og á og þar er gæðum lífsins að sönnu misskipt. Það liggur í hlutarins eðli að verð matvæla skiptir suma meira máli en aðra. Það er sumir eiga einfaldlega miklu auðveldara með að eyða meiri fjárumunum í mat en aðrir. En það segir sig sjálft að matur kostar. Séu matvæli mjög ódýr, hvað þýðir það? Er

afsláttur á velferð og umhverfismálum? Er starfsfólki vinnslunnar greidd mannsæmandi laun eða er kannski um mannréttindabrot að ræða? Er eðlilegt að matvæli séu mjög ódýr eða erum við að fá það sem við borgum fyrir? Hvernig geta neytendur tekið ákvarðanir út frá mjög takmörkuðum upplýsingum eða metið hvað í raun sé eðlilegt verð fyrir vöruna? Virðisþekkingin í framleiðslu matvæla er ekki í jafnvægi og verð til frumframleiðenda er í mörgum tilfellum of lágt.

### Matvælaframleiðsla lýtur miklu eftirliti

Í síbreytilegu matvælaumhverfi er enn nauðsynlegra en áður að raunverulegur uppruni matvæla sé auðsýnlegur og neytandinn geti treyst því að gæði liggja að baki og upplýsingar um uppruna séu sannar. Eftirlit með innfluttum matvælum byggir að talsverðu leyti á yfirferð ritadretra gagna sem fylgja vörum við komu til landsins. Nú er verið að herða eftirlit sem er einn liður aðgerðaráætlunar vegna inn- flutnings á fersku kjöti og eggjum og því ber að fagna. En það verður líka að virka til lengri tíma lítið. Matvælaframleiðsla hér á landi er undir ítarlegu eftirliti Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins sem er nauðsynlegt og enginn vilji er fyrir því að slá af þeim heil- brigðis- og velferðarkröfum sem gerðar eru til innlendrar framleiðslu. En þó svo að haldið sé í þessar kröfur þá er ekki gott að þær séu svo hamlandi fyrir bændur að nánast óyfirgá- legi sé að slátra gripum heima á býlinu og selja neytendum afurðir sem aldrei hafa yfirgefið býlið fyrr en í neytendambúðum.

Slátrun heima á býlum er í dag ólögleg, nema til eigin neyslu og afurðirnar eiga ekki að fara út fyrir bújörðina. Þó er það þekkt að slík slátrun er leyfð í nágrannalöndum okkar og víðar. Hérlandis hefur gengið illa að finna leiðir til að gera þessa fullvinnslu matvæla mögulega fyrir bændur og oft virðast hindran- irnar í formi „computer says no“ vera ástæðan.

Það eru allir sammála um að eðlilegt eftirlit þurfi með slátrun á býli og að kröfum um hrein- læti, dýravelferð og heilbrigðis á viðskiptum sé fullnægt. Það sem menn eru ekki sammála um er hvort þessar kröfur séu hægt að uppfylla með reglugerð sem gerði bændum kleift að slátra skepnum í litlum mæli og selja sérstaklega merkt. Skepnar þurfi þannig ekki að ferðast í slátruhús, kjötið fái að „hanga“ og sé hugs- anlega unnið eftir óskum viðskiptavinarins. Í

sauðfjór- og nautgriparækt eru bændur sem hafa áhuga á að fara í heimaslátrun og -vinnslu þótt stærsti hlutinn haldi áfram að leggja inn í afurðastöðvar. Vinnsla í smáum stíl er bæði til þess fallin að svara kalli neytenda og bænda.

### Finnun lausnir og sköpun aukin verðmæti

Lækningar eru farnir að stunda fjarlækningar á fólki, er ekki hægt að nýta að einhverju marki fjareftirlit á ástandi dýra fyrir slátrun? Er hægt að búa til skyldunámskeið fyrir þá bændur sem vilja stunda slátrun á býli sem tryggir grunnþekkingu og gefur vottun til slátrunar í litlum mæli? Það er einhver hluti bænda og einhver hluti neytenda sem hefur áhuga á að geta stundað viðskipti með mat- vöru á þennan hátt, er það ekki eðlilegt að til þess sé fundin leið enda byggir þess konar vinnsla á menningararf okkar, líkt og það að þrjóna og hekla? Milliliðalaus viðskipti byggja á trausti og samtal framleiðanda og kaupanda. Framleiðsla fylgir eftirspurn og neyslubreytingar verða þannig nær framleið- endanum. Hugsanlega á sér stað samtal milli framleiðenda og neytenda sem yfir undir nýs- köpun í matvælaframleiðslunni, einmitt af því að fólk er að tala saman. Það að fara í svona vinnslu heima gerir það að verkum að mannorð viðkomandi bónda og býlis er undir. Hver leggur mannorð sitt að veði án þess að tryggja góða vöru? Grundvallaratriði er að auka virði afurða í landbúnaði. Ef við ætlum ekki að enda með fá stór bú og stopulan land- búnað er nauðsynlegt að tryggja fjölbreytni og fjölbreytt tækifæri í sveitum landsins. Óflugt rannsóknastarf og nýsköpun þarf að styðja við starfsemi til sveita til eðlilegrar framþróunar í matvælaframleiðslunni.

### Frestun á atkvæðagreiðslu um nautgripasamning

Ákveðið hefur verið að fresta boðaðri atkvæða- greiðslu um endurskoðaðan nautgripasamning um rétta viku. Fram hafa komið áhyggjur af ákveðnum atriðum sem lýsir sér meðal annars í undirskriftalista sem fulltrúar BÍ fengu af- hentan á þriðjudag. Á það er hlustað og af þeim sökum hefur verið ákveðið að fresta atkvæða- greiðslunni og láta reyna á að ræða við fulltrúa ríkisins um mögulegar úrbætur varðandi þau stærstu í ljósi þessarar stöðu.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



Hjörleifshöfði er 221 metra hár móbergshöfði á Myrdalssandi. Hann hefur eitt sinn verið eyja, en á landnámsöld var hann orðinn landfastur en inn með honum var Kerlingarfjörður. Nú er höfðinn umlukinn sandi og er rúma 2 km frá sjó. Hann er sagður kenndur við Hjörleif Hróðmarsson, fóstbróður Ingólfr Arnarsonar, sem kom með honum til Íslands á öðru skipi. Þeir urðu viðskila og hafði Ingólfr vetursetu í Ingólfrshöfða en Hjör- leifur við Hjörleifshöfða. Búið var í Hjörleifshöfða til 1936 en bærin var fluttur af sandinum upp á höfðann eftir að hann eyddist í Kötluhlaupinu 1721. Hjörleifshöfði þótti góð bújörð og þar voru hlunnindi af reka, fuglaveiðum og eggjatekjum.





Stóru númerin á árlegri selaveislu sem haldin var í Haukahúsinu í Hafnarfirði 9. nóvember. Talið frá vinstri: Andri Snær Magnason rithöfundur, Tryggvi Gunnarsson, veislustjóri úr Flatey, Jóhannes Kristjánsson eftirherma frá Ingjaldssandi, eilífðarunglingurinn Ragnar Bjarnason stórsöngvari og Ragnar Guðmundsson, matreiðslumeistari í Laugaási, sem sá um glæsilegt hlaðborð. Fjarri góðu gamni í veislunni að þessu sinni var Guðmundur Kr., sonur Ragnars, sem hefur verið upptekinn við að elda ofan í heimsfrægar kvikmyndastjörnur sem hér hafa verið við upptökur á kvikmyndum upp um fjöll og firnindi að undanfögnu. Myndir / HKr.

# Metaðsókn að selaveislu

Árleg selaveisla fór fram í Haukahúsinu í Hafnarfirði laugardaginn 9. nóvember og var metaðsókn að veislunni. Greinilegt var að gestir kunnu vel að meta veitingarnar sem fyrir marga eru þó harla óvenjulegar.

Það eru feðgarnir í veitingahúsinu Laugaási, þeir Ragnar Guðmundsson og Guðmundur, sonur hans, sem hafa haft vega og vanda af þessari veislu sem á uppruna sinn að rekja til ársfundar selabænda. Þarna var boðið upp á þjóðlegan mat eins og margvíslegar selaafurðir, hvalkjöt, fuglakjöt, lambkjöt, lax, siginn bítung og margt fleira. Runnu kræsingarnar ljúflega í gesti, hvort sem um var að ræða selspik, súrsaða selshreifa, eðal selsteikur eða annað ljúfmeti. Vakti koma ræðumanns kvöldins nokkra athygli, en það var náttúruverndarsinninn Andri Snær Magnason. Þarna var hann samt í hópi ættingja úr Breiðafirðinum. Gerði hann m.a. góðlátlegt grín að villibráðarati og þá auðvitað þeim villimönnum, sér og öðrum, sem neyta slíkrar villibráðar. /HKr.



Jóhannes Kristjánsson brá sér í allra kvikinda líki. Var oft erfitt að átta sig á að það voru í raun ekki, Halldór Blöndal, Ólafur Ragnar, Guðni Ágústsson og allir hinir sem voru í ræðupólitinu þegar hann opnaði munninn.



Fólk kemur ekki að tónum kofnum hjá feðgunum í Laugaási þegar kemur að Selaveislu.



Andri Snær Magnason rithöfundur og Ragnar Guðmundsson, matreiðslumeistari í Laugaási, við kræsingar í selaveislunni. Þar var nær öll flóran í íslenskum mat frá kjötmeti af dýrum sem hafa sérhæft sig að aðstæðum á láði, legi og í lofti og fiski af ýmsum tegundum. Fyrir framan þá er siginn bítungur sem hægt var að gæða sér á með kartöflum, mörfleti, hamsatólg og selspiki.



Ragnar Bjarnason tók nokkur lög fyrir gesti selaveislunnar ásamt vini sínum, Þorgeiri Ástvaldsyni. Nutu þeir aðstoðar harmonikkuhljómsveitar sem þarna lék fyrir dansi.

Undir lok síðasta þáttar birtist lesendum gamall kveðskapur úr Austur-Húnavatnssýslu. Úr þáðan-kominni handskrifaðri stílabók eru næstu vísur. **Stefán Sveinsson** bjó þó nokkur ár á Æsustöðum í Langadal. Stefán var bróðursonur **Gísla Ólafssonar**, skálds á Eiríksstöðum í Svartárdal. Stefán var lipur hagyrðingur og vel þekktar eru þessar vísur hans:

*Vekjum hlátur, eyðum enn  
öllum gráti og trega.  
Verum kátir vegamenn,  
vinnum mátulega.*

*Vita flestir vegamenn  
að vín á best við sönginn.  
Ég á nesti óeytt enn  
ef að brestur föngin.*

Úr því sama handriti sem ofan greinir, er vísa eftir séra **Gunnar Árnason**. Gunnar var fæddur 1901 og þjónaði lengi sem prestur og sat á Æsustöðum. Vísa Gunnars verður ekki efnistekin hér, en snjöll er hún:

*Mín ef væri mjólkín nóg  
minna Páll þá réri.  
Það er kvíkt af kálfum þó  
kýrin ekki beri.*

Fyrir í þessum þáttum birtust vísur eftir **Þórarinn Þorleifsson** kenndan við Vegamót við Blönduós. Þessa vísu orti Þórarinn á Vatnsdalsrétt í glöðum hópi gangnamanna:

*Þetta get ég sagt með sann,  
sífellt lifnar grínið,  
þegar hressir hrakinn mann  
heima unnið vínið.*

Mjög reynist örðugt að treysta á sannleikann í samtölum fólks. Það er svo sem ekkert nýtt í sögunni. **Þórarinn** hefur kynnst þeirri hlið þegar hann orti:

*Áður til þess oft ég fann  
útkomunni spilla,  
það að segja sannleikann  
sumum gengur illa.*

En **Þórir** þekkir líka til góðmennsku veraldarinnar:

*Lífs í hörðu hretunum  
hef ég stundum flúið  
svangur heim að Sólheimum,  
-saddur aftur snúið.*

Faðir **Þórarins**, **Þorleifur Jónsson** var einnig vel hagamæltur. ( F: 7. 11. 1878.) Þorleifur var fæddur á Egilsstöðum á Vatnsnesi en bjó lengst sinnar ævi á Blönduósi. Fyrsta vísa Þorleifs í þessum þætti ber hagamælsku hans gott vitni:

*Blossa vaðals baldur sá  
ber með hraða ó-trauður,  
fordast skaða ekrú á  
Orrastaða- Rauður.*

Í stórhriðarbyl lét **Pétur í Meðalheimi** þau orð falla, að nú væri erfitt hjá hrossunum. **Þorleifur** orti að bragði:

*Valda löngum veðraspjöll  
vista þröng og бага  
þeim sem föng sín eiga öll  
í útiönguhaga.*

*Fönn og gjóla fá nú völd,  
felast skjól við bylinn.  
Vetrargjótan verður köld,  
vantar sólarylinn.*

**Ólafur Sigfússon** í Forsæludal var einn af þeim orðhögu mönnum sem eiga vísur í hinu tilvitnaða húnvetnska handriti:

*Aðrir héðan halda af stað,  
hressing léð er sálum.  
Sít ég meðan sætt er, að  
söng og gleðimálum.*

Umsjón:  
**Árni Geirhjórtur Jónsson**  
kotabyggd1@gmail.com





## FRÉTTIR

## Áskorun Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu: Skýrsla um örslátrunarverkefni Matís verði birt – og liðkað verði fyrir heimaslátrun og -sölu

– og liðkað verði fyrir heimaslátrun og -sölu

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu hefur sent áskorun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka Íslands og Matís ohf. þar sem hvatt er til þess að niðurstöður úr svokölluðu örslátrunarverkefni Matís verði gefnar út. Í verkefninu var grundvöllur tillagna Matís fyrir heimaslátrun kannaður á bænum Birkihlíð í Skagafirði í nóvember á síðasta ári.

Í bréfi Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu kemur enn fremur fram áskorun um breytingar á lögum þar sem leyfisveitingar fyrir heimaslátrun til sölu verði rýmkaðar og einfaldaðar.

### Niðurstöður ekki verið birtar

„Haustið 2018 fór Matís af stað með verkefni undir forystu Sveins Margeirssonar, þar sem grundvöllur örslátruhúss var kannaður í formi heimaslátrunar. Tekin voru sýni í

ferlinu og úr afurðunum og vinnsluferlið allt kannað og metið. Vitað er að niðurstöður liggja fyrir, en hafa ekki verið birtar,“ segir í bréfi félagsins.

### Leyfisveitingar rýmkaðar

„Stjórn Félags sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu skorar á landbúnaðarráðuneytið, Landssamtök sauðfjárbænda, Bændasamtök Íslands og Matís ohf. að beita sér fyrir því að niðurstöður úr verkefninu um örslátruhús sem Matís fór af stað með haustið 2018 verði kynntar. Jafnframt að möguleikar á örslátruhúsi eða leyfisveitingum fyrir heimaslátrun til sölu verði rýmkaðar og einfaldaðar, þó þannig að ávallt sé gætt að heilnæmi og öryggi matvælna. Hvetur stjórn félagsins til þess að öllum ráðum verði beitt í þessu máli og þurfi lagabreytingar til, verði unnið að gerð þeirra,“ segir í áskorun félagsins. /smh

## Hádegisfundur í Veröld – húsi Vigdísar 5. desember: Úthaginn, kolefnið og loftslagsbókhaldið

### Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðslan, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Bændasamtökun bjóða til hádegisfundar um stöðu þekkingar og rannsóknar á kolefnisbúskap landsins. Fundurinn er haldinn á alþjóðlegum degi jarðvegs, fimmtudaginn 5. desember, í Veröld – húsi Vigdísar í Reykjavík. Dagskráin hefst kl. 12.00 og áætlað er að henni ljúki kl. 13.30.

Ólafur Arnalds frá Lbhí mun ræða um úthaginn og stöðu kolefnisbúskaparins, Þórunn Pétursdóttir frá Landgræðslunni fjallar um hvaða þekkingu er þörf á í málaflokknum og Borgar Páll Bragason hjá RML mun miðla upplýsingum um þá ráðgjöf sem er í boði í landnýtingu.

### Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda

Árið 2017 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, sem talin var fram á Íslandi, um 14 milljónir tonna CO<sub>2</sub>. Þar af voru tæpar fimm milljónir tonna, 35%, vegna þeirra umsvifa landsmanna (samgöngur, iðnaður, landbúnaður, úrgangur) en rúmar níu

milljónir tonna frá framreistu votlendi, 66%. Til viðbótar, samkvæmt ólíkum forsendum sem menn gefa sér, gæti rofinn úthagi á Íslandi verið að losa 2–20 milljónir tonna CO<sub>2</sub> og heildarlosun landsins því legið á bilinu 16–34 milljónir tonna CO<sub>2</sub> á hverju ári.

### Styrkja þarf grunnþekkingu

Þessi mikla óvissa sýnir að styrkja þarf verulega vísindalega grunnþekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá ólíkum landgerðum og möguleika þeirra til bindingar. Þetta er mikilvægt m.a. til að styðja við áætlun um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 og til að fylgja eftir aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um bættu landnýtingu í þágu loftslagsmála og samstarfi við sauðfjárbændur um loftslagsvænni landbúnað. Þá liggur fyrir að fyrirhugað sameiginlegt loftslagsbókhald með Evrópusambandinu og Noregi frá og með næsta ári kallar á mun nákvæmari upplýsingar um losun frá landi en hingað til hefur verið unnt að veita.

Hádegisfundurinn er öllum opin og skráning er á bondi.is. /TB

## Eigenda- og ræktendafélag landnámsheimsna: Valgerður á Húsatóftum er nýr formaður

### Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámsheimsna (ERL) var haldinn laugardaginn 3. nóvember sl. Meðal aðalfundarstarfa var kosning stjórnar félagsins.

Hugi Ármannsson, fráfarandi formaður, gaf ekki kost á sér til endurkjors og voru honum þokkuð störf hans í þágu félagsins á kjörtímabilinu.

Valgerður Auðunsdóttir á Húsatóftum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er nýr formaður félagsins. Hún hefur um árabíl verið einn öflugasti ræktandi íslensku landnámsheimsna. Með henni í stjórn eru Magnús Ingimarsson, Akranesi, ritari, Gréta Björg Erlendsdóttir, Litla-Hálsi, gjaldkeri og varamenn eru þau Jóhanna Harðardóttir, Hlésey



Valgerður Auðunsdóttir. Mynd / MHH

og Ingi Vignir Gunnlaugsson, Ólafsfirði. /MHH

## Starfsmannabreytingar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Verkefni tölvudeildarinnar munu aukast í framtíðinni

– Ráðunautur í umhverfis- og loftslagsmálum tekinn til starfa í Bændahöllinni

Í lok september var tilkynnt um skipulagsbreytingar í rekstri Bændasamtaka Íslands (BÍ). Meðal helstu breytinganna er sameining fjármálasviðs samtakanna við skrifstofurekstur Hótel Sögu og svo yfirfærsla tölvudeildar samtakanna til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Bæði Hótel Saga og RML eru dótturfélög BÍ. Talsverðar starfsmannabreytingar hafa orðið hjá RML að undanförunum og verða enn meiri þegar tölvudeildin bætist við um áramótin. Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, telur að verkefni tölvudeildarinnar muni bara aukast í framtíðinni.

Karvel er ánægður með starfsemi og reksturinn á félaginu að undanförunum. „Starfsemi RML hefur gengið vel síðustu ár, rekstur hefur verið jákvæður síðustu 4 árin og vorum við í hópi framúrskarandi fyrirtækja nú í haust. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir að skorið hafi verið mikið niður í framlögum til RML síðustu ár. Framlöggin eru í ár 42,5 milljónum lægri heldur en árið 2018. Við höfum mætt tekjutapi með því að hagræða í rekstri en einnig með því að taka að okkur ný verkefni og vinna þróunarverkefni sem við höfum sótt styrk til. Tekjur vegna ráðgjafar til bænda hafa ekki breyst mikið og gerum við ekki ráð fyrir að sá hluti muni aukast mikið á næstu árum, einfaldlega vegna þess að bændum hefur verið að fækka. Á þessu ári ákvað stjórn Bændasamtakanna að framlög til RML yrðu minni en áætlanir höfðu gert ráð fyrir, það er því útlit fyrir taprekstur á þessu ári en fyrirtækið stendur vel,“ segir Karvel.

### Tölvudeildin getur styrkt ráðgjöfina

Starfsstöðvar RML eru 13; allt frá því að vera einmenningsstöðvar upp í starfsemi með átta til tíu manns. „Stærstu starfsstöðvarnar eru á Hvanneyri, Selfossi, Akureyri og Sauðárkróki. Um 40 manns vinna núna hjá fyrirtækinu. Um næstu áramót kemur tölvudeild Bændasamtakanna yfir til RML og með því mun fjölga í starfslíðinu um tíu manns. Við erum mjög ánægð með að þetta skref hafi verið tekið og það tækifæri sem okkur er fært í hendurnar. Skýrsluhaldsforrit BÍ eru gríðarlega verðmæt fyrir bændur og þær upplýsingar sem þær geyma. Tengingar þessara gagna við smáforrit, tæki og vélar munu væntanlega stóraukast í framtíðinni með auknum kröfum um nákvæmni- og sjálfvirkni. Ég er þess fullviss að verkefni tölvudeildar munu bara aukast í framtíðinni og RML geti með þessu styrkt ráðgjöfina og orðið leiðandi í þeirri



Berglind Ósk Alfreðsdóttir er nýr ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins í umhverfis- og loftslagsmálum. Mynd / úr einkasafni



Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Mynd / HKr.

tækniþróun sem er að eiga sér stað í landbúnaði sem og annars staðar. Starfsemi tölvudeildar hefur að mestu farið fram í Reykjavík og á Akureyri og ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á því.

Í takti við tíðarandann hefur RML nýlega búið til stöðugildi fyrir ráðunaut í umhverfis- og loftslagsmálum. Í ljósi þess að við höfum verið að sækja ný verkefni, meðal annars í umhverfis- og loftslagsmálum, höfum við verið að ráða inn sérfræðinga á þeim sviðum. Þegar við auglýstum stöðu ráðunautar á þessu sviði sóttu yfir 20 manns um. Berglind Ósk Alfreðsdóttir var ráðin en hún var áður hjá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Berglind Ósk er með meistaraþróf í matvælafræði og hún verður með starfsstöð í Bændahöll, en hún hóf störf um miðjan september.

Þá var einnig nýlega Cornelis Aart Meijles ráðinn í hlutastarf hjá okkur, en hann starfar sem sjálfstæður ráðgjafi í sjálfbærum landbúnaði í Friesland í Hollandi ásamt því að vera stundakennari við Landbúnaðarháskóla Íslands. Cornelis er með B.S.-þróf í umhverfisverkefni og jarðvegs-

fræði og hann mun væntanlega vera á Hvanneyri þegar hann er við vinnu á Íslandi en hann hóf störf hjá okkur 1. október.“

### Áhersla á verkefnastjórnun og nýsköpun

Fleiri breytingar á starfslíði RML og á stjórnskipulagi hafa einnig orðið á síðustu vikum og dögum, að sögn Karvels. „Sigurður Guðmundsson var í lok september ráðinn í starf verkefnisstjóra fjármála, til áramóta. Hann er með B.S.-þróf í viðskiptafræði og meistaraþróf í skattarétti og reikningsskilum en hefur unnið við ráðgjöf hjá RML við rekstrarmál og bütækni.

Þann 1. nóvember var svo Sigtryggur Veigar Herbertsson ráðinn í starf fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs, en hann hefur sinnt ráðgjöf í bütækni hjá RML. Sigtryggur er með meistaraþróf í atferlis- og aðbúnaðarfræðum og B.S.-þróf í búvísindum.

Það hafa verið gerðar töluverðar breytingar á stjórnskipulagi RML á síðasta ári og er ráðning fagstjóra ein af þeim breytingum. Þær breytingar snúa fyrst og fremst að því að ráðgjöfum er falin aukin ábyrgð, fagsviðum var fækkað og lögð áhersla á verkefnastjórnun og nýsköpun. Þróunar- og verkefnastofa var sett á laggirnar í þeim tilgangi að halda utan um verkefnasafn auk þess að vera vettvangur starfsmanna fyrir umræðu um nýsköpunarverkefni. Fyrirverandi fagstjóri búfjárræktar, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, er verkefnastjóri þróunar- og verkefnastofu. Gunnfríður er með meistaraþróf í búfjárræfðafraði, B.S. í búvísindum og með alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun. Við bindum miklar vonir við að með þessari breytingu muni RML eflast enn frekar í nýsköpunarverkefnum, ásamt því að innleiða verkefnastjórnun sem gefur betri yfirsýn og aukni aðhald,“ segir Karvel. /smh

# Nesbú sækir um stækkun á alifuglabúí í Flóanum

Stefán Már Símonarson, fyrri hönd Nesbúegg ehf., hefur óskað eftir við sveitarstjórn Flóahrepps að leyfi verði gefið fyrir stækkun á alifuglabúí að Miklholtshelli 2 í sveitarfélaginu.

Þar stendur til að byggja tvö

1.500 m<sup>2</sup> hús sem gætu hýst allt að 18.000 fugla. Heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 49.000 fuglar en Nesbú er með bú í Miklholtshelli þar sem framleiðsla á lífrænum eggjum fer fram. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur

samþykkt samhljóða að heimila auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið með því að leita eftir umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands. /MHH



## Matreiðslunemar í Verkmenntaskólanum á Akureyri: Kynntust leyndardómum pylsunnar

Mikilvægt er fyrir matreiðslumenn framtíðarinnar að þekkja fjölbreytt hráefni og kunna skil á því hvernig það verður til. Liður í því var heimsókn Rúnars Inga Guðjónssonar, gæðafulltrúa hjá Kjarnafæði og liðsmanna í landsliði kjötiðnaðarmanna, í 2. bekk í matreiðslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri á dögunum.

Nemendur í 2. bekk vinna gjarnan að ákveðnu verklegu verkefni tvo daga í röð í námi sínu á þessari önn og að þessu sinni var ákveðið að verja þeim í pylsugerð. Rúnar Ingi var gestakennari og leiddi nemendur í allan sannleika um leyndardóma pylsunnar, hann kynnti fyrir þeim fjórar mismunandi pylsuuppskriftir sem nemendur síðan bjuggu til undir vökulum augum Rúnars Inga. Nemendur sáu um að elda annað meðlæti með pylsunum og afraksturinn var síðan borinn á hlaðborð fyrir um tuttugu manna hóp frá Starfsmannafélagi VMA.



Rúnar Ingi Guðjónsson, gæðafulltrúi hjá Kjarnafæði og liðsmaður í landsliði kjötiðnaðarmanna, heimsopti nema í 2. bekk í matreiðslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri á dögunum.



Nemendur voru leiddir í í allan sannleika um leyndardóma pylsunnar.



Útkoman var afbragðs góð og gestir í pylsuboðinu kunnu afar vel að meta kræsingarnar.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að útkoman var afbragðs góð og sælkerarnir kunnu afar vel að meta.

Frá þessu er sagt á vefsíðu Verkmenntaskólans á Akureyri þar sem Rúnari Inga Guðjónssyni er þakkað fyrir að gefa sér tíma til að miðla af þekkingu sinni til matreiðslunemanna. Kjarnafæði styrkti æfingu nemanna og útvegaði hráefni í pylsugerðina en fyrirtækið hefur um tíðina stutt kennslu á matvælabraut VMA af rausnarskap. /MBP



Hópurinn, nemendur, kennarar og gestakennari samkomnir eftir vel heppnaðan pylsugerðardag í VMA.



# KUHN áramótatilboð gildir til 5. janúar 2020

**VÉLFANG** - VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • [www.velfang.is](http://www.velfang.is)

Frostagötu 2a • 603 Akureyri • [velfang@velfang.is](mailto:velfang@velfang.is)



## FRÉTTIR

Í undirbúningi er að reisa risavaxið ylræktarver nálægt Þorlákshöfn:

# Tíu hektarar í fyrsta fasa en síðan allt að fimmföld stækkun

– Ræktun á tómötum, papriku, salati – og síðan suðrænum ávöxtum

Paradise Farm er heiti á verkefni sem gengur út á að reisa risavaxið ylræktarver á Víkursandi nálægt Þorlákshöfn þar sem rækta á tómata, papriku og salat fyrst í stað og síðan meir svokallaða suðræna ávexti líka, eins og papaja og mangó.

Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Ártanga í Grímsnesinu, er einn þeirra sem hafa unnið að undirbúningi verkefnisins. Hann segir að búið sé að undirrita viljayfirlýsingu við bæjarstjórn Ölfuss um 50 hektara lóð vestan við Þorlákshöfn. „Við höfum verið að leita að landi til að reisa ylræktarver víða á Suðurlandi en höfum ekki getað fengið land af þessari stærðargráðu fyrr en nú í Ölfusi.

Hugmyndin er að byrja á því að reisa um tíu hektara ylræktarver í fyrsta fasa og svo í framhaldinu allt að 50 hektara. Vinna við undirbúning er hafin þar sem fram að þessu höfum við unnið að lóðarmálum svo unnt yrði að fara að ræða við orkusala – sem er grundvallaratriði í málinu,“ segir Gunnar.

Til samanburðar má nefna að heildarstærð íslenskra garðyrkjustöðva að flatarmáli er um 19 hektarar.

## Innanlandsmarkaður og útflutningur

Að sögn Gunnars gera áætlanir ráð




Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Ártanga. Mynd / smh

fyrir að undirbúnings- og samningsvinnu verði lokið á næsta ári, framkvæmdir gætu hafist síðla árs 2020 og framleiðsla svo árið 2021. „Hugmyndin er að rækta í fyrsta fasa tómata, papriku og salat bæði til innanlandsmarkaðar og útflutnings. Svo á seinni stigum að horfa til suðræni ávaxta eins og mangó og papaja og þar yrði einnig horft til innanlandsmarkaðar og útflutnings.“

## Fullbyggt þarf ylræktarverid allt að 120 megawött

„Við áætluðum að þurfa í fyrsta fasa



Horft yfir svipað hús í Svíþjóð og Paradise Farm ætlar að reisa í Ölfusinu.

um 30 megawött (MW) af raforku en ef allt yrði byggt værum við að tala um 100 til 120 MW.

Við erum komin í viðræður við orkusala um að tryggja orku fyrir verkefnið. En eitt er nú að tryggja orkuna og þá sérstaklega raforkuna – þar sem hún virðist ekki alveg liggja á lausu – og svo að koma henni á áfangastað sem er annað. Búið er að kynna Landsneti fyrirhugaða staðsetningu og er unnið í því máli þessa dagana. Vardandi hitaorku þá er það næsta skref að ræða við Veitur en þeir eru með dreifiveitur á þessu svæði.“

## Viðræður við fjárfesta á lokastigi

Gunnar segir að þau séu þrjú í undirbúningshópnum, auk hans þau Ásdís Guðmundsdóttir og Kerry Babb.

„Viðræður við fjárfesta eru á lokastigi en það sem gerir þetta heldur flókið er eins og áður hefur komið fram; hvernig tryggjum við orku og fyrir hvaða verð – en það er ekki tengipunktur á svæðinu. Það er líka kannski umhugsunarvert að enginn tengipunktur sé í raun á Suðurlandi fyrir svona umfangsmikinn kaupanda þrátt fyrir að um

70 prósent raforkunnar séu framleidd þar. Við höfum ekki fengið neinar tölur um raforkuverð ennþá.“

Þegar Gunnar er spurður hvort það komi til greina að vera með fiskeldi samhliða ylræktinni segir hann það vera í skoðun. Það gæti verið mögulegt í tengslum við þessa ræktun og þá kannski helst til að nýta varmann, en það þarf ekki endilega að vera samræktun eða sameldi við plönturnar. Þetta er allt í skoðun hjá okkur. Vardandi ræktunarefni þá er ekki enn ákveðið hvort um lóðrétt ræktun verði að ræða (vertical farming) eða hefðbundna ræktun í vikri eða mold. /smh

## Matarhátíð á Hvanneyri á laugardaginn

Laugardaginn 23. nóvember verður sannkölluð matarhátíð á Hvanneyri. Dagskráin er frá kl. 12 til kl. 16 og samanstendur af kynningu keppnismatvara og verðlaunaafhendingu í Askinum, fyrstu alíslensku Íslandsmeistarakeppninni í matarhandverki.

Þá verður veglegur matarmarkaður opinn meðan matarhátíð fer fram, REKO afhending fer fram á staðnum,

kynningar og stutt erindi á ýmsu sem viðkemur mat og matvælaframleiðslu. Búdrygindi verða á staðnum með sölubás og margt fleira bragðgott og skemmtilegt verður í boði. Ullarselið og Landbúnaðarsafnið verður gestum opið meðan á Matarhátíð stendur. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Askurinn er nýtt verðlaunamerki fyrir Íslandsmeistarakeppni

í matarhandverki 2019. Þær vörur sem verða hlutskarpastar í faglegri dómaraúttekt í hverjum keppnisflokki hljóta gull, silfur og bronsmerki með Askinum. Vinningsvörur geta einkennt sig með því merki Asksins í framhaldinu. Reynsla nággranna okkar á Norðurlöndum hefur verið góð þegar kemur að matarhandverkskeppnum og merkingu vinningsvara í framhaldi. Því má gera ráð fyrir að þeir framleiðendur sem hlutskarpastir verða í ár verði sýnilegir í framhaldinu.



## Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu

Sameyki Stéttarfélag í almannapjónustu, óskar eftir sumarhúsum og/eða íbúðum á leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2020. Einungis húsnæði í góðu ásigkomulagi og í frágengnu umhverfi kemur til greina.

Upplýsingar um staðsetningu, stærð, aldur eignar, verð, ástand, fjölda gistirýma og aðra aðstöðu s.s. heita potta skulu koma fram, ásamt myndum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Ásu á netfangið asaclaussen@sameyki.is fyrir 15. desember n.k.

Öllum tilboðum verður svarað.



## Félag svínabænda ósátt við breytingar á tollalögum: Vitum ekki hvaðan höggið kemur næst

Svínabændur eru mjög ósáttir við frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á búvöru- og tollalögum um breytingar á tollkvóta og innflutningi á kjöti og segja að skilja megi frumvarpið þannig að ráðherra geti opnað tollkvóta og auka innflutning á kjöti að vild.

Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda, segir af og frá að svínabændur séu sáttir við frumvarp sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra um breytingar á búvöru- og tollalögum þar sem lagt er til að gefinn verði út 400 tonna tollkvóti fyrir svínasiður. „Þegar tollasamningur við ESB er gerður árið 2015 voru tollkvótar á svínakjöti auknir úr 200 tonnum í 700 tonn. Þáverandi landbúnaðarráðherra sagði að ætlunin hafi verið að ná yfir þann mikla innflutning sem orðið hafði á svínasiðum. Nú er enn bætt við. Ég minnst þess ekki að nefndin sem var að störfum og lagði til breytt fyrirkomulag við útboð á tollkvótum hafi lagt þessa aukningu til. Í millirikjasamningnum er almennt samið um að samningsaðilar gefi eftir á ýmsum sviðum og fái eitthvað í staðinn, en nú á bara að auka þetta einhliða án þess að nokkuð komi í staðinn, svona vinnubrögð dæma sig sjálf.

Ég á sæti í samninganefnd bænda um endurskoðun á búvörusamning-



Ingvi Stefánsson.

um og hef ítrekað bent á að búvörusamningar án skýrrar stefnu um tollamál sé ekki pappírins virði. Nú fáum við enn og aftur staðfestingu á því. Má íslenskur landbúnaður við því að auka enn frekar á innflutning til landsins? Ég bara spyr.“

## Algert samráðsleysi

„Annað sem stendur upp á ráðherra er algert samráðsleysi við okkur sem að greininni stöndum. Ef ég man rétt er starfandi hópur á vegum ráðherra í tengslum við 15 liða aðgerðaáætlun vegna innflutnings á hráu kjöti til landsins. Eitt af verkefnum hópsins er að meta þróun tollverndar og því furðulegt að leggja fram breytingar á tollverndinni meðan á þeirri vinnu stendur.“

Ingvi segir furðulegt að þrátt fyrir að hópurinn hafi ekki skilað álitu sínu eigi að rjúka til og auka innflutning á svínasiðum um 400 tonn sem sé klár viðbót við það sem þegar er flutt inn. „Megnið að þessum síðum kemur til landsins úrbeinað og því um gríðarlegt magn að ræða. Við erum að tala um aukningu á tollkvótum upp á 57% á svínakjöti.“

## Óstöðugt rekstrarumhverfi

„Málið snýst einfaldlega um það að greinin getur ekki búið við geð-



# Jólamarkaður Ásgarðs haldinn 7. desember

Ásgarður Handverkstæði í Álafoskvosinni í Mosfellsbæ verður með sinn árlega jólamarkað og kaffisölu í húsnæði Ásgarðs að Álafossvogi 14 og 22 í Mosfellsbæ laugardaginn 7. desember á milli kl. 12.00 og 17.00.

Allar leikfangalínur Ásgarðs verða til sýnis og sölu, einnig verða kaffi/súkkulaði og kökur til sölu gegn vægu gjaldi. Góðir gestir líta í heimsókn til okkar og taka nokkur lög.

Hvað er betra en að byrja jólaundirbúninginn á því að fara í Ásgarð



Þann 7. desember, versla jólagjafir og setjast síðan við borð með lista-



mönnum Ásgarðs, og drekka heitt ekta súkkulaði með rjóma?



Á jólamarkaði Ásgarðs er að finna leikföng og margvíslega nytjahluti úr tré og ýmsum öðrum náttúrulegum efnum. Allir þessir munir eru unnir af mikilli vandvirkni þar sem handbragðið ber vott um sanna gleði og alúð.



Stekkjardalur er snyrtilegasta býlið í Húnavatnshreppi.

## Húnavatnshreppur: Stekkjardalur er snyrtilegastur

Fjöldmenn íbúahátíð var haldin í Húnavallaskóla í Húnavatnshreppi nýverið. Sveitarfélagið bauð gestum sínum upp á mat og skemmtun fyrir börnin.

Tækifærið var notað og umhverfisverðlaun Húnavatnshrepps fyrir árið 2019 voru afhent, en þau komu að þessu sinni í hlut ábúenda í Stekkjardal, þeirra Gerðar Rögnu Garðarsdóttur og Ægis Sigurgeirssonar. /MPÞ

Þóttáakvarðanir ráðherra á hverjum tíma. Það er sífellt verið að auka kröfurnar um bættan aðbúnað á svínabúum og bændum hafa staðið til boða fjárfestingastyrkir til þessara breytinga í þrjú ár. Þrátt fyrir það standa þessir styrkir nánast óhreyfðir þar sem svínabændur treysta sér ekki til að skuldsetja búin vegna óvissu með reksturinn. Tollverndin er sífellt að veikjast, ekki bara út af samningum sem gera ráð fyrir auknum innflutningi heldur líka vegna þess að tollverndin er fest við krónutölur frá árinu 1995 að mig minnir og rýrnar því sífellt. Við eigum einfaldlega ekki möguleika í að keppa við kollega okkar erlendis sem nota jafnvel tugfalt meira af sýklalyfjum og þurfa að uppfylla minni kröfur varðandi dýravelferð.

Ástæður óvissunnar eru meðal annars tollasamningurinn frá 2015, breytingar á lögum um innflutning á hráu kjöti, breytt fyrirkomulag á útboði á tollkvótum og rúsínan í pylsuendanum er leyfi til innflutnings á 400 tonnum á svínasíðum sem nú er verið að leggja til og er nýjasta útspil ráðherra. Þetta er í raun sorgleg staða enda skynjum við vaxandi eftirspurn eftir íslensku svínakjöti og höfum metnað til að svara þeirri eftirspurn.“

### Ytra umhverfi ótryggt

„Allt ytra umhverfi greinarinnar er einfaldlega svo ótryggt að bændur vita stundum hreinlega ekki hvað mun gerast næst eða hvaðan höggið kemur. Fram til þessa hafa flestar breytingar orðið til þess að veikja afkomu innlendar framleiðslu en ekki styðja við bakið á henni eins og segir að til standi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og menn slá um sig með á tyllidögum.“ segir Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda. /NH

# Nýtt fjós

úr Smellinn einingum frá BM Vallá



## Til hamingju með fjósið

BM Vallá óskar ábúendum að Snorrastöðum til hamingju með 1338 m<sup>2</sup> fjósbyggingu sem byggð var úr forsteyptum Smellinn-húseinungum.

Smellinn einingahús eru hagkvæmur kostur fyrir bændur. Hægt er að hanna og framleiða einingar eftir þörfum hvers og eins. Þær eru steyptar við bestu mögulegu aðstæður undir ströngu gæðaeftirliti. Íslensk framleiðsla tryggir öruggt ferli alla leið og stuttan byggingartíma. **Gerðu samanburð!**

Í fjósinu að Snorrastöðum er tæplega þriggja metra djúpur kjallari að mestu úr forsteyptum einingum. Útveggir eru forsteyptir, einangraðir samlokueggir með áferð, þak er byggt upp með límtrésburðarvirki og klætt er með samlokueiningum.

- **Styttri byggingartími**
- **Auðveldari þrif og viðhald innan dyra**
- **Minni kostnaður við rekstur byggingar**
- **Lengri líftími**
- **Íslensk framleiðsla**



Sölumenn okkar veita nánari upplýsingar í síma 412 5050, á sala@bmvalla.is eða á söluskrifstofu okkar að Breiðhófa 3 í Reykjavík.



**BM VALLÁ**  
bmvalla.is



## FRÉTTIR

Kormákur og Skjöldur með íslenskan tweed-fatnað í undirbúningi:

# Lag er fyrir endurreisn íslenska vaðmálsins

– þú ratar alltaf heim með sixpensara af íslensku forystufé

Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar stefnir á að bjóða upp á fjórar jakkafataútgáfur úr íslenskri ull (íslenskt tweed) fyrir jólin. Á þróunnum er einnig að hanna vörur úr ull af íslensku forystufé, til dæmis sixpensara.

Vaðmál, íslenskur ullarvefnaður, var frá þjóðveldisöld í margar aldir aðalhræfnið til heimilisíðnaðar og fatagerðar, auk þess að vera ein helsta útflutningsvara Íslendinga. Fatakaupmennirnir Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson segja að um nokkurra áratuga skeið, frá fyrstu árum síðustu aldar, hafi nokkuð blómlegur ullarvöruíðnaður verið rekinn á Íslandi og allt fram á níunda áratug. Til að mynda hafi Gefjun á Akureyri framleitt nýtskulegan jakkaföt úr íslensku vaðmáli á áttunda áratugnum. En með uppgangi ódýrari efna og svokallaðra gerviefna hafi vinnslu og verkunnáttu hnignað sem endað hafi með því að slík framleiðsla hvarf í landinu. Slíkt hnignunarskeið hafi líka átt sér stað á Bretlandseyjum, þar sem tweed-fatnaðurinn – sem fataframleiðslustíll – er upprunninn. Þar hafi leiðin til endurreisnar falist í því að færa hinn íhaldssama stíl meira í átt að straumum og stefnum tíðarandans.

### Tíðarandinn í liði með náttúrulegum efnum

Kormákur telur að nú sé lag fyrir endurreisn íslenska vaðmálsins. „Eðlilega fóru fatahönnuðir meira að nota gerviefnin þegar þau komu til sögunnar með ýmsa möguleika, en núna virðist bylgjan vera að sveiflast meira í átt að notkun á náttúrulegum efnum – með eins konar grænum áherslum og umhverfisvænni hugsun í þessum geira. Það þarf hins vegar að styðja betur við ullarvinnsluhluta sauðfjárræktarinnar í landinu til að þetta verði alvöru grein með öllum þeim tækifærum sem eru nú til staðar með hræfni eins og ullina,“ segir Kormákur og Skjöldur bætir við að í raun sé það frekar dapurleg staðreynd að ullarfatnaður á Íslandi



Skjöldur og Kormákur með efnisprufur sem ætlaðar eru til framleiðslu á íslensku tweedi.

Mynd / smh



Sýnishorn úr reiðlinunni.

hafi á undanföllum árum og áratugum nánast eingöngu verið lopapeysur, vettlingar og húfur. Verðið sem bændur fá fyrir ullina sé skammarlega lágt.

Þeir segjast hafa látið vinna fyrir sig prufur af íslensku tweedi og borið þær undir starfsmenn hjá skoska fyrirtækinu Harris Tweed, sem þeir hafa átt í viðskiptum við og sérhæfir sig í tweed-fatnaði. „Þeir héldu varla vatni af hrifningu yfir þessum prufum,“ segir Kormákur. „Ekki síst prufunum með ullinni af forystufénu sem er enn fingerðari,“ bætir hann við.

Skjöldur segir að það sé líka ákall eftir meira framboði af flíkum sem hægt sé að segja að sé beint frá býli –



það eigi ekki bara við um mat. „Það gera sér allir grein fyrir því í dag að slíkur fatnaður er miklu umhverfisvænni að svo mörgu leyti. Hann þarf minni þvott og svo er framleiðslan líka umhverfisvæn. Það þarf minna vatn, það þarf ekki að nota óumhverfisvæn litarefni og ekki þarf heldur að drepa dýrið til að nýta ullina af því. Fólk vill fá að

heyra söguna um slíka framleiðslu – og það vill í auknum mæli eignast færri en betri flíkur.“ Hann segir að sagan í kringum forystuféð sé líka að mörgu leyti ónýttur möguleiki til markaðssetningar á afurðum af því. Fatnaður – og aðrar afurðir af forystufé – sé auðvitað alltaf dýrari. En ef þú átt sixpensara af forystufé þá geturðu hins vegar bókað að þú ratar alltaf heim,“ segir Kormákur og brosir.

Þeir segja að byrjunin sé alltaf erfiðust og hugmyndin um íslenska tweedið hafi verið að gerjast í hausnum á þeim í fjögur til fimm ár. Spurningin „af hverju ekki íslenskt tweed?“ hafi sífellt orðið ágengari og þeir mættu aldrei andstöðu þó að ýmis úrlausnarefni hafi látið á sér kræla. Ullarvinnsluvélar hjá samstarfsaðilum þeirra erlendis hafa til dæmis átt í ákveðnum erfiðleikum með að vinna íslensku ullina vegna þess hversu feit hún er. Þá sé togið lengra, sem gangi illa í hinar erlendu vélar. Það sé vissulega hægt að láta vinna þetta hér á Íslandi hjá Ístex, en þá verði þráðurinn alltaf aðeins þykki.

Ekki sé æskilegt að hreinsa fituna meira úr ullinni því það geti bæði gert vinnsluna óumhverfisvæna, auk þess að spilla verðmætum eiginleikum hennar. Þeir segjast þó ekki hafa stórvægilegar áhyggjur af þessum atriðum, það finnst lausnir með góðum vilja.

„Að öllum líkindum byrjum við á því að gera íslenskan sófa úr íslensku tweedinu – sem væri hönnunarvara og



Tweed-fatnaður í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar.

Mynd / smh

yrði svo sýnd á Hönnunarmars,“ segir Skjöldur. „Það verður líklega samstarfsverkefni með Epal, en þeir voru svo hrifnir af þessari hugmynd okkar um íslenska tweedið og við höfum fengið góðar undirtektir hjá fleirum sem eru í þessum húsgagnabransa,“ bætir Kormákur við.

### Jakkaföt í boði úr íslensku tweedi

„Við stefnum á að vera með fjórar útgáfur af jakkafötum úr íslensku tweedi öðru hvorum megin við áramótin. Það verður þá saumað inn í snið sem við erum með fyrir í okkar línu. Síðan er áhugi hjá okkur að vinna sameiginlega línu með skosku samstarfsaðilum okkar í Harris Tweed – þar sem íslenska ullin kæmi við sögu,“ segir Kormákur. „Varðandi tweedið af forystufénu þá reiknum við ekki með að það verði farið í framleiðslu á stærri flíkum úr því – í það minnsta ekki í byrjun – af því það er svo dýrt. Við ætlum því að prófa okkur áfram með sixpensara og síðan langar okkur að klæða vasapela í þannig flíkur,“ segir Skjöldur.

„Við erum þakklátir fyrir einlægan áhuga Daníels [Hansen] á Fræðasetrinu um forystufé á þessum málum. Hann lét útbúa þessar prufur sem við svo keyptum af honum. Hann mun vafalaust reynast okkur vel þegar kemur að því að eiga í samskiptum við bændurna sjálfa því hann þekkir þá flesta auðvitað meira og minna.

Við gætum þurft að fara að skipta okkur eitthvað af ræktunarstarfinu og litaframboðinu á ullinni í framtíðinni,“ segir Kormákur.

Þeir segja þó merkilegt hversu fjölbreytt litbrigði komi fram í íslenska sauðfénu sem geti boðið upp á ýmsar skemmtilegar útfærslur í úrvinnslunni – ekki síst í svokölluðum jarðarlitum.

### Ný reiðfatalína kynnt

Á dögunum kynnti Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar nýja reiðfatalínu sem tileinkuð er hinni miklu hefð útreiða og hestamennsku á Íslandi. Að sögn þeirra Kormáks og Skjaldar var lögd sérstök áhersla á að hanna hagnýtan, þægilegan en þó fallegan reiðfatnað. Þetta sé klæðnaður bæði fyrir konur og karla, meðal annars tveir jakkar í samstarfi við 66° Norður. Fimm jakkar eru auk þess í línunni og tvær tegundir af reiðbuxum sem þeir voru búnir að láta hestamenn prófa og ýmsir aðrir aukahlutir. „Einhverjir gætu haldið að þetta væri of finn klæðnaður til að klæðast á hestbaki, en raunin er alls ekki sú. Tweedið til dæmis er þess eðlis að þú getur farið í reiðtúr í þannig fatnaði og svo beint á fund á eftir án þess að verða til vandræða þar vegna lyktar,“ segir Skjöldur. „Þróunin virðist vera sú að hestamenn ríða oftar út í aðeins finni reiðklæðum en áður var,“ bætir Kormákur við. /smh

**EYJALIND**

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Lely Center Ísland**

**GRAFAGRINDUR GOTT ÚRVAL**

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



# Birta, hlýja og gleði



Rafmagnshitablásari  
9Kw 3 fasa

**18.590**



Rafmagnshitablásari  
15Kw 3 fasa

**29.990**



Rafmagnshitablásari  
5Kw 3 fasa

**14.590**



Rafmagnshitablásari  
3Kw 1 fasa

**8.390**



Rafmagnshitablásari  
2Kw 1 fasa

**6.790**



Rafmagnshitablásari 2Kw

**1.995**



Rafmagnspilofn

**4.990**

Oliufylltur  
rafmagnsofn  
9 þilja  
2000W

**8.590**



**Frábær  
birta**



Vatnsþétt LED  
útiljós / bílskúrsljós

28W 60cm **2.790**

56W 120cm **5.490**

70W 150cm **6.490**



15 metra  
rafmagnssnúra

**2.995**



Kapalkefli 15 metrar

**3.690**

25 metrar kr. 5.490  
50 metrar kr. 9.990



Kapalkefli 10 metrar

**2.890**



Kapalkefli, rakavarið  
IP44 25 metrar

**8.595**



**Mikið úrval af  
rakavörðum  
fjöltengjum IP44**

Verð frá  
kr. **1.690**

**Mikið  
úrval**



**VÖNDUÐ  
GERVITRÉ  
MEÐ ÁSETTUM  
LED SERÍUM**

Hálanda fura  
180 cm með hvítum ljósum

**9.995,-**

Norsk fura  
180 cm með hvítum ljósum

**16.995,-**

Norsk eðalfura

180 cm með marglitum  
ljósum verð

**19.995,-**

**Jólaseríur á  
MURBÚÐARVERÐI**

**25%  
afsláttur**



<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚR  
BÚÐAR  
VERÐ**

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!



## FRÉTTIR



## Vélfang er framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo 2019

Miðvikudaginn 23. október sl. hlaut Vélfang ehf. viðurkenningu frá Creditinfo fimmta árið í röð fyrir að vera eitt af Framúrskarandi fyrirtækjum um árið 2019. Aðeins um 2% skráðra íslenskra fyrirtækja uppfylla kröfurnar og komast á listann.

Vélfang hefur náð inn á þennan lista fimmta árið í röð en listinn er öflugur mælikvarði á styrk og stöðugleika fyrirtækjanna sem ná inn á listann. Til að ná inn á listann þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði en þau eru:

- Fyrirtækið er í lánshæfisflokkum 1, 2 eða 3
- Ársniðurstaða var jákvæð rekstrarárin 2016–2018
- Eiginfjárlutfall var a.m.k. 20% rekstrarárin 2016–2018
- Framkvæmdastjóri er skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Fyrirtækið er virkt skv. skilgreiningu Creditinfo
- Ársreikningi var skilað til RSK fyrir rekstrarárin 2016–2018
- Ársreikningi fyrir rekstrarárið 2018 var skilað á réttum tíma skv. lögum
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var jákvæður rekstrarárin 2016–2018
- Rekstrartekjur voru a.m.k. 50 milljónir króna rekstrarárin 2017 og 2018
- Eignir voru a.m.k. 100 milljónir króna rekstrarárin 2017 og 2018 og a.m.k. 90 milljónir króna rekstrarárið 2016



Forsvarsmenn Vélfangs segja að þennan góða árangur 5 ár í röð beri að þakka frábæru og traustu starfsfólki fyrirtækisins ásamt traustum hópi viðskiptavina.

Þá segja þeir ánægjulegt að sjá hversu margir af viðskiptavinum Vélfangs, bæði bændur, verktakar og sjávarútvegsfyrirtæki séu að standa sig vel í sínum rekstri og fjölmargir þeirra hlutu viðurkenningu í ár.

Vélfang er sölu- og þjónustuaðili á vélum fyrir verktaka, bændur, sveitarfélög, sjávarútveg, fyrirtæki og stofnanir. Helstu vörumerki Vélfangs eru JCB, CLAAS, Fendt, Kuhn og Kverneland. Vélfang rekur starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri.

## Mjólka með nýja mjólkurafurð: Kefir framleiddur í fyrsta sinn á Íslandi

– Inniheldur lifandi góðgerla sem hafa mjög góð áhrif á meltingu

Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga (MKS) hefur þróað nýja mjólkurvöru sem þó er ævaform að grunni til og kunn víða um heim, einkum í suðurhluta Rússlands og í Austurlöndum nær þar sem hún er talin upprunnin. Varan heitir Kefir og myndast þegar svokölluð kefirhorn eru látin gerjast í mjólk. MKS framleiðir Kefir undir merkjum Mjólk.

Kefirkornin eru einskonar jógúrtgerlar og hjá Mjólk eru þeir gerjaðir í kúamjólk, en þekkt er að notuð sé ærmjólk, geitamjólk og jafnvel er talið að upprunalega hafi verið notuð úlfaldamjólk.

### Góðgerlar frá Kákasus

Jón Þór Jósefsson, framleiðslustjóri MSK, segir að varan þeirra sé sýrd drykkjarafurð sem hægt er að fá með tveimur bragðtegundum;



bláberjabragði og jarðarberjabragði í 250 ml plastflöskum. Hreinn Kefir er síðan væntanlegur innan fárra vikna ásamt bragðtegundum með blönduðum berjum og kaffibragði.

„Þessi vara eða gerlar eru komnir frá Kákasusfjöllum og má segja að þetta hafi verið þeirra skyr. Í henni voru svokallaðir góðgerlar sem menn hafa síðan

einangrað og ræktað áfram til framleiðslu í mjólkuriðnaði víða um heim. Þessir góðgerlar hafa meðal annars mjög góð áhrif á meltingu og almenna heilsu og hafa í gegnu tíðina verið notaðir til að koma á betra jafnvægi í magaflöru hjá einstaklingum sem þess hafa þarfnast. Ólíkt við skyr þá var þessi vara alltaf ætluð til drykkjar,“ segir Jón Þór. /smh

## Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra: Lög sem eiga að einfalda hluti geta snúist upp í martröð

„Þetta getur hæglega snúist upp í martröð fyrir minni fyrirtæki,“ segir Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, en eftirlitið hefur skilað umsögn um frumvarp um hollustuhætti og mengunarvarnir, viðauka við lög númer 7 frá 1998.

Frumvarpsdrögin séu sama marki brennd og ýmsar fyrri breytingar á síðustu árum, sem gerðar hafa verið í nafni einföldunar og aukinnar skilvirkni. Það sem átti að verða til hagræðis og einföldunar hefur í of mörgum tilvikum snúist upp í andhverfu sína.

### Eftirlitgjaldið hækkadi – Sömu verkferlar fyrir álver og lútið verkstæði

Þannig nefnir hann breytingar á ýmsum lögum sem tengjast fiskeldi, sem gerðar voru fyrir nokkrum árum. Þær fólu í sér að öll leyfisútgáfa með stóru sem smáu fiskeldi fluttist alfarið til Umhverfisstofnunar, en áður hafði leyfisveiting minnstu fyrirtækjanna verið hjá heilbrigðiseftirliti.

Með breytingunum voru öll starfsleyfi með fiskeldi á landinu á einni hendi og til enn frekari einföldunar var eftirlitinu að einhverju leyti vísað til Matvælastofnunar.

Sigurjón segir að afleiðing af þessari „miklu hagræðingu“, eins og hann orðar það, hafi t.d. orðið sú að eftirlitgjald með fiskeldi á sveitabæ í Skagafirði hækkadi úr 22.400 krónum í 187.000 krónur. Í framhaldi af þessari „miklu hagræðingaraðgerð“ í þágu atvinnulífsins, hættu bændurnir tilraunaeldi á nokkur hundruð bleikjum.

Sama hækkun hafi orðið á eftirlitgjaldi hjá Háskólanum á Hólum sem var með nokkur hundruð kílóa eldi á laxi og silungi á hafnarbakkunum á Sauðárkróki.

Við hafi best krafa frá Umhverfisstofnun um tryggingu upp á eina milljón SDR vegna hættu á bráðamengun á grundvelli laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í fyrra var gefin út ný reglugerð, einnig til einföldunar, um „losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti“. Reglugerðin hafði það í för með sér að enginn greinarmanur var gerður á leyfisveitingaferli fyrir umfangsmikla starfsemi á borð við stóriðjuver og leyfis-



Sigurjón Þórðarson.

veitingaferli fyrir lútið verkstæði á skipulögðu athafnasvæði. Þannig hafi þegar upp er staðið sú vegferð sem umhverfisráðuneytið lagði upp með til einföldunar leitt til aukinna umbúða og flóknari verkferla við útgáfu leyfa.

### Samtök atvinnulífsins geta ekki hagsmuna minni fyrirtækja

Sigurjón gagnrýnir Samtök atvinnulífsins þegar kemur að hagsmunagæslu fyrir hin smærri fyrirtæki. „SA stendur sig eflaust ágætlega í hagsmunagæslu fyrir fjármálafyrirtæki og fyrir stærri fyrirtæki en það er erfitt að koma auga á að samtökin leiði hugann að rekstrarumhverfi minni fyrirtækja og hvað þá einyrkja sem taka þátt í atvinnulífinu. SA hefur ekki gert neinar athugasemdir við framangreindar breytingar heldur miklu frekar fagnað þeim og hvatt til í umsögnum sínum að haldið verði áfram á sömu braut einföldunar,“ segir Sigurjón.

### Ný stjórnsýsluslaufa – leyfisveitingar gististaða verða með þrennu móti

Bendir Sigurjón á að einföldun sú sem boðuð sé í frumvarpinu felist í því að í stað þess að fyrirtæki sækir fyrst um úttekt og leyfi hjá viðkomandi eftirliti verði bætt inn nýju millistigi sem felur í sér skráningu

í gagnagrunn Umhverfisstofnunar.

„Það er enginn efi að þessi nýja stjórnsýsluslaufa mun leiða til aukins kostnaðar og fjölbreyttra stjórnsýsluæfinga, sem verður akur tækifæra fyrir stjórnsýslufræðinga að gera út á,“ segir hann. Þá bætir hann við að hætt sé við að ef Umhverfisstofnun þurfi að taka íþyngjandi ákvarðanir um afskráningu eða takmarka starfsemi fyrirtækja að einhverju marki, þurfi stofnunin að fara í sjálfstæða rannsókn með tilheyrandi töfum og kostnaði, þó svo að hún byggji að miklu leyti á gögnum heilbrigðisfulltrúa.

Segir Sigurjón að af ýmsu sé að taka til að sýna fram á að frumvarpið muni leiða af sér auknar flækjur. Eitt þeirra sé leyfisveitingar til gististaða sem verði með þrennu móti; heimagisting sem sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu veitir leyfi fyrir, gististaðir í flokki II sem verða skráningarskyldir hjá Umhverfisstofnun og loks aðrir gististaðir, þ.e. þeir sem bjóða upp á veitingar, sem verða starfsleyfisskyldir.

### Hver vegna verður til meiri flækja?

Sigurjón segir hin góðu áform stjórnvalda um einfaldleika í þessu tilviki leiða til aukins kostnaðar og fari í raun í þveröfuga átt við markmiðin. Fyrsta skref í að ná fram aukinni skilvirkni þurfi að vera að skilgreina úrlausnarefnið og leiðir til lausnar á því. Sömuleiðis sé æskilegt að eiga raunverulegt samráð við þá sem hafa með regluverkið að gera, stóra sem smáa.

„Það er ljóst að stofnanir skrifa sig inn í lög og reglugerðir í krafti stöðu sinnar og nábylís við ráðuneytin og sækja sér þannig ný verkefni. Þetta birtist skýrt m.a. í því þegar Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu yfirtók alla leyfisveitingu og eftirlit með heimagistingu á landinu, m.a. heimagistingu á Vestfjörðum.

Þessi nýja stjórnsýsluslaufa færir Umhverfisstofnun aukin verkefni og fjármuni án þess að ljóst sé hvaða vandamálið verði er að leysa á Hofsósi, Egilsstöðum eða Hafnarfirði. Ég vil ekki trúá öðru en að ráðherra endurskoði þetta frumvarp áður en það verður tekið fyrir á Alþingi,“ segir Sigurjón Þórðarson. /MPP

## KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



### BÍLAR

Kæli- & frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.

Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

## HURÐIR fyrir kæla

Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

# KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI



**EGGJA- OG KJÚKLINGABÆNDUR**

# Strangar reglur gilda um innflutning frjóeggja: Hvatt til þess að hart sé tekið á ólöglegum innflutningi

Fram hefur komið í fjölmiðlum að flutt hafi verið til landsins frá Færeyjum frjóegg til útungunar á alifuglum til kjötframleiðslu en strangar reglur gilda hér á landi um innflutning frjóeggja.

Ekki virðist hafa verið farið eftir þeim reglum þar sem eggja þurfa að vera í einangrunarstöð sem um gilda reglur með húsnæði, umgengni og fl. Eftir klak þurfa ungarnir að fara í einangrunarhús í 8. til 9. vikur það eru tekin blóðsýni úr fuglunum og skimað fyrir 11. sjúkdómum sem ekki eru æskilegir í alifugli og ekki til á Íslandi. Ef upp kemur að fuglarnir bera einhvern sjúkdóm er þeim eytt svo tryggt verði að ekki berist sjúkdómar til landsins sem gætu haft alvarlegar afleiðingar og skaða fyrir bæði dýr og men. Þannig hefur tekist að tryggja hreinleika bæði eggja og alifuglaafurða.



Hildur Traustadóttir.

*Grafalvarlegt ef reglum var ekki fylgt*

Lyfjanotkun er mjög litil miðað við önnur lönd. Til Íslands er leitað með hvernig þetta er hægt og bændum er hrósað fyrir árangurinn.

Fréttir um að reglum hafi ekki verið fylgt eru grafalvarlegar og er Matvælastofnun hvött til að taka

hart á þessum innflutningi þannig að jafnræðisreglu verði gætt og að þeir sem hyggjast flytja frjóegg til landsins fari eftir þeim lögum og reglum sem hér gilda.

*Hildur Traustadóttir framkvæmdastjóri félaga eggja- og kjúklingabænda*



# Frjóegg geta borið með sér sjúkdóma

Matvælastofnun varar við smit-hættu frá ólöglegum innfluttum frjóeggjum. Með þeim geta borist sjúkdómar og smitefni í alifugla og önnur dýr.

Frjóegg fyrir alifuglarækt eru reglulega flutt til landsins með heimild atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og að fenginni umsögn Matvælastofnunar sem felur m.a. í sér mat á sjúkdómastöðu viðkomandi útflutningslands. Ströng skilyrði fylgja þeim heimildum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eins og kostur er að dýrasjúkdómar berist til landsins. Innflutt frjóegg skulu koma frá búum sem lúta opinberu eftirliti og þeim skal fylgja opinbert heilbrigðisvottorð. Eggja skulu vera sótthreinsuð og flutt í nýjum hreinum umbúðum. Ef leyfi hefur verið veitt fara útungun og uppeldi svo fram í einangrunarstöð undir eftirliti Matvælastofnunar þar til búið er að ganga úr skugga um að ekki leynist sjúkdómar í innflutningshópi.

Sé rétt staðið að innflutningi frjóeggja er minni hættu á að sjúkdómar berist til landsins en með innflutningi lifandi alifugla. En þrátt fyrir smitvarnir geta alvarlegir sjúkdómar

þó borist með frjóeggjum. Því eru tekin sýni úr ungunum sem klekjast áður en einangrun er aflett. Með blóðsýnatöku úr fuglunum er skimað fyrir ýmsum sjúkdómum sem þekkjast ekki hérlendis. Einnig eru tekin sýni til að ganga úr skugga um að fuglarnir séu ekki smitaðir af salmonellu. Að auki er vitad að sýklalyfjaónæmar bakteríur geta borist með frjóeggjum.

Alifuglabú sem framleiða matvæli lúta opinberu eftirliti með heilbrigði og velferð dýranna. Ætla má að auknar líkur séu á sjúkdómasmiti á meðal bakgarðshænsna þar sem meira er um flutninga fugla á milli eigenda án þess að sjúkdómastaða á upprunastað sé að fullu þekkt og smitvarnir ekki eins góðar.

Sjúkdómastaða í íslenskri alifuglarækt er með þeirri bestu sem þekkt er í heiminum og það er takmörkun á innflutningi alifugla og ströngum innflutningsskilyrðum fyrir frjóegg að þakka. Það er skylda okkar allra að varðveita þessa góðu sjúkdómastöðu.

*Brigitte Brugger, dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá Matvælastofnun*




**GRINDARKERFI FYRIR:**

- MYNDAVÉLAR
- SKILTI
- VEÐURSTÖÐVAR
- LJÓSAMÖSTUR






GNÝR EHF. | STALLASELI 3 | TINDASELI 3 | 109 REYKJAVÍK  
SÍMI 587-0650 & 894-2130 | GNYR@GNYR.IS/ RAGNAR@GNYR.IS | WWW.GNYR.IS

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

# ISHURÐIR

[www.ishurdir.is](http://www.ishurdir.is)  
564-0013 | 865-1237





**BALEX METAL**

## YLEININGAR

ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðar-miklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: [bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)



GERUM PETTA SAMAN



## STEEKUR

### Nashyrningshorn selja á háu verði

Fyrr í þessum mánuði naut ég þeirrar gæfu að ferðast til Suður-Afríku og skoða fjölbreytt gróður- og dýralíf landsins. Allt sem fyrir augu bar var bæði forvitnilegt og spennandi.

Fílar, ljón, antilópur, krókó-dílar flóðhestar, og ekki síst gíraffar og nashyrningar vöktu athygli mína og undrun. Gíraffar eru ótrúlega fallegar skepnur og hreyfingar þeirra líkjast einna helst tígulegum dansi frekar en gangi dýra í fæðuleit.

Nashyrningar eru eins ólíkir gróffum og hægt er að vera. Þeir eru samanreknir, gráir og fremur háls- og fótstuttur að minnsta kosti miðað við gíraffa. Nashyrningar eru líka ólíkir gróffum að því leyti að þeir bera stór og mikil horn sem karldýrin nota til að berjast með og tryggja stöðu sína í hópnun með.

Skuni er gamalt íslenskt heiti á nashyrningum sem eru af ætt hófdýra sem telur fimm tegundir. Tvær þeirra, hvíta og svarta nashyrninga, er að finna í Afríku en þrjár, indverska, Súmöttru- og Jövunashyrninga í Suður-Asíu. Nashyrningar eru jurtaetur sem verða allt að þrjú tonn að þyngd með þykka húð sem stundum lítur út eins og hún passi illa, sé að minnsta kosti tveimur númerum of stór.

Allar tegundir nashyrninga eru í mikilli útrýmingarhættu og talið að dýrin deyi út á næstu 30 árum verði ekki gripið til alvarlegra aðgerða til að vernda þau.

Helsta ógnin sem stafar að nashyrningum í heiminum í dag eru veiðipjófur sem sækjast eftir hornum þeirra. Hornin seljast dýru verði í Kína og í Víetnam þar sem margir trúa því að horn og duft þeirra séu allra meina bót og lækni bæði krabbamein og getuleysi og allt þar á milli. Dæmi eru um að stór nashyrningshorn hafi selst fyrir tæpar 50 milljónir króna.

Asókn veiðipjófa í hornin er slík að landvörðum er mútað til að gefa upp staðsetningu dýranna og þau síðan elt uppi á þyrlum og skotin úr lofti og hornin sögðu af. Í Suður-Afríku er talið að ríflega þúsund nashyrningar hafi verið drepnir á ári undanfarin ár vegna hornanna og í sumum tilfellum eru hornin skorin af á meðan dýrin eru enn lifandi.

Tölur um óleyfilegar veiðir á nashyrningum í Suður-Afríku sýna að árið 2007 voru 13 dýr drepin vegna hornanna en árið 2015 var fjöldinn kominn í 1.338. Undanfarin ár hefur einnig færst í vöxt að nashyrningshornum sé stolið á náttúrugripasöfnum í skjóli nætur.

Í raun er skelfilegt til þess að hugsa að dýr sem eiga sér tuga-milljóna þróunarsögu skulu vera í útrýmingarhættu vegna þeirrar trúar að horn sem gerð eru úr sama efni og neglur manna hafi lækningamátt.

Talið er að fyrstu nashyrningarnir hafi komið fram fyrir um 40 milljónum ára og hafa margar tegundir og afbrigði þeirra dáið út í tímans rás og má þar nefna loðnashyrninga sem komu fram á síðasta kuldaskeiði Ísaldar og náðu mikilli útbreiðslu í Evrasíu.

Sjálfur var ég svo lukkulegur að sjá nokkra nashyrninga á ferðalagi mínu en þótti jafnframt merkilegt að landverðir báðu okkur að birta ekki myndir af nashyrningum á samfélagsmiðlum þar sem veiðipjófar notfærðu sér myndirnar til að staðsetja dýrin og leita þau uppi. *NH*

## NYTJAR HAFSINS



Breski togaranum Artic Cavalier HZ04 frá Hull á Austfjarðamiðum. Myndin er tekin úr flugvél Landhelgisgæslunnar þann 30. ágúst 1972.

Mynd / Morgunblaðið Ólafur K. Magnússon

# Erlend skip tóku jafnvirði 80 milljarða á ári við Ísland

Guðjón Einarsson  
gudjone3@gmail.com



Íslendinga (ef tímabil tveggja heimstyrjalda eru undanskilin) en undir það síðasta fór dæmið að snúast við.

### Fimm þúsund milljarðar

Ljóst er að erlendar þjóðir hafa sótt gríðarleg verðmæti á Íslandsmið. Ekki liggur fyrir nein samantekt um það svo vitað sé, en til gamans og fróðleiks reiknaði greinarhöfundur út aflaverðmæti þeirra rúmlega 18,2 milljóna tonna sem útlendingar veiddu á árabílinu 1905-1978 fært til núvirðis. Ef reiknað er með 275 krónum á kíló sem er vel undir fiskmarkaðsverði á þorski og ýsu í dag, var heildaraflaverðmæti erlendra veiðiskipa á tímabilinu um 5 þúsund milljarðar króna. Það jafngildir 80 milljörðum króna á ári, ef undan eru skilin heimstyrjaldaárin þegar erlendu skipin hurfu að mestu af Íslandsmiðum.

### Samanburður

Fimm þúsund milljarðar króna er fjárhæð sem venjulegt fólk á erfitt með að ná utan um. Til að nálgast málið má nefna til samanburðar að þetta jafngildir heildarútgjöldum íslenska ríkisins síðustu sex árin samanlagt. Eða sem svarar fasteignamatsverði alls íbúðarhúsnæðis á Íslandi í dag. Auðveldara er að gera sér í hugarlund hve mikil verðmæti 80 milljarðar króna eru, en það var meðalalaverðmæti erlendu skipanna á ári hverju á núvirði eins og áður sagði. Þessi fjárhæð samsvarar rúmlega tvöföldu framlagi ríkisins til háskólastígsins á Íslandi á þessu ári. Eða er andvirði 16 þúsund bíla á 5 milljónir hver. Eða samsvarar andvirði 1.600 íbúða þar sem meðalverð er 50 milljónir.

### Bretar atkvæðamestir

Bretar voru langatkvæðamestir í botnfiskveiðum við Ísland á 20. öld og nam afli þeirra 9,4 milljónum tonna að aflaverðmæti 2.580 milljarðar króna miðað við áður nefndar reikniforsendur. Á annað hundrað breskir togarar sóttu Íslandsmið lengst af og var ársafli þeirra iðulega á bilinu 150-200 þúsund tonn af botnfiski, aðallega þorski. Þjóðverjar fiskuðu tæplega 5,6 milljónir tonna að aflaverðmæti 1.535 milljarða króna. Næstir á eftir komu Færeyingar með 1,4 milljónir tonna (aflaverðmæti 395 milljarðar), Frakkar með 366 þúsund tonn (100 milljarðar) og aðrar þjóðir, svo sem Belgar, Hollendingar, Norðmenn og Sovétmenn, mun minna. Í ljósi þeirra verðmæta sem veiðarnar við Ísland sköpu er ekki að undra að þjóð eins og Bretar hafi verið treg til þess að gefa þær eftir.

### Fjárhagslegur skaði?

Í ljósi þess sem að framan greinir verður sú spurning áleitinn að hve miklu leyti Íslendingar hafi borið fjárhagslegan skaða af þessum miklu veiðum útlendinga á Íslandsmiðum. Þekkt er að eftir að bresku togararnir fóru að venja komur sínar hingað til lands kom ítrekað til árekstra við heimamenn sem sökuðu aðkomumennina um að eyðileggja fiskimið sín og veiðarfæri. Auk þess má almennt álíta að Íslendingum hafi seint og snemma þótt samkeppnin um fiskinn við útlendinga á hefðbundnum fiskimiðum rýra sinn hlut. Jón Þ. Þór sagnfræðingur, sem ritað hefur ítarlega um þetta tímabil, telur að þótt sóknin í þorskstofninn

hafi stórukaust með komu erlendu skipanna hafi ekki verið um ofveiði að ræða á tímabilinu fram að fyrri heimstyrjöld og heldur ekki á milli-stríðsárunum, en með stórukaunni sókn eftir síðari heimstyrjöld hafi fiskistofnunum farið að hraka.

### Heildaraflinn hefur stórmínkað

Það er svo umhugsunarefni hvers vegna heildarbotnfiskafliinn á Íslandsmiðum er miklu minni nú en hann var stærstan hluta þess tíma sem við deildum fiskimiðunum með útlendingum á 20. öldinni. Allt frá árinu 1950 og þar til 200 málta fiskveiðilögsagan var viðurkennd árið 1976 fór botnfiskafliinn í heild aldrei niður fyrir 600 þúsund tonn og var iðulega um og yfir 800 þúsund tonn.

Ein meginforsenda Íslendinga fyrir útfærslu landhelginna var sú að hin mikla sókn á Íslandsmið væri að ganga að fiskistofnunum dauðum. Létta yrði á veiðialaginu með því að losna við erlendu veiðiskipin. Eftir 200 málta útfærsluna dró hins vegar ekkert úr aflanum því íslensku skipin bættu einfaldlega við sig þeim afla sem útlendingarnir höfðu áður tekið. Botnfiskafliinn var því áfram 600-800 þúsund tonn á ári. Á seinni árum hefur aflinn hins vegar minnkað verulega og á síðasta ári var hann til dæmis aðeins 480 þúsund tonn. Helsta skýringin sem vísindamenn hafa gefið á minnkandi afrakstursgetu þorskstofnsins á síðari tímum er sú að náttúruleg skilyrði hafi breyst til hins verra. Kólnandi sjór leiddi meðan annars til þess að þorskstofnar við Grænland hrundu og göngur þorsks frá Grænlandi til Íslands lögðust af, en þær voru oft mikil inn spýting í þorskgengdina hér við land.

Ljóst er af framansögðu að útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 var mikið heillaspor og mátti vart seinna verða svo fiskimiðunum yrði bjargað til framtíðar.



**Pýskar 2ja og 3ja hesta kerrur**

Opnanlegar bæði með hlera og hurð  
Ríkulegur útbúnaður

2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk

3ja hesta kerrur frá kr. 1.860.000 m/vsk



**BRIMCO** EFRIBRAUT 6 (við Reykjaland)  
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)

**Frestur til að skila haustskýrslum framlengdur**

Frestur til að skila haustskýrslum hefur verið framlengdur til og með **1. desember 2019**.

Skil fara fram með rafrænum hætti á síðunni [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is).


**HVAMMSHÓLAR**

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

**Elka Kuldagalli XTREME öndunarefni**

Karla, dömu og barnasnið



- Hetta sem hægt er að taka af
- Rennilás í báðar áttir og tvöfaldur vindlisti með rifás
- Stíllanlegur við úlnið og ökla
- Rennilás á skálmum með stormfliða
- Endurskinsborðar á ermum, herðum, skálmum og bakki
- Styrking með Cordura® á hnjúm

Vatnspól: mm H<sub>2</sub>O: > 8.000 mm

Öndun: 5.000 g/m<sup>2</sup>/24 klst.

Efni: Oxford Pólýester 300D x 300D

Litir: Dökkgrár/svartur

Stærðir: Karla: XS - 5XL, dömu: XS - 3XL og

barna: 128, 140, 152 og 164

Staðlar: EN343\_3-1

Verð kr. 19.580,-



KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

## Reykjaból, 92 hektarar

### Hrunamannahreppi



Ræktað land - Borhola - Jarðhiti

Til sölu er jörðin Reykjaból, landnúmer 166814, upphaflega úr landi Reykjadal í Hrunamannahreppi.

Landstærð er um 92 hektarar, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár að mestu gróið heiðarland en skv. Þjóðskrá eru 9,8 ha. ræktað land.

Á jörðinni eru sumarhús á 2 ha. lóð og er leigusamningur til 2024. Borhola er á jörðinni og töluverður jarðhiti er á svæðinu sem gefur margvíslega möguleika.

**TILBOÐ ÓSKAST****FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

Magnús Leópoldsson,  
löggiltur fasteignasali,  
s. 892-6000,  
[magnus@fasteignamidstodin.is](mailto:magnus@fasteignamidstodin.is)

**LÖGMENN SUÐURLANDI**

Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali,  
s. 845-9900, [halli@log.is](mailto:halli@log.is)

Sigurður Sigurðsson, löggiltur fasteignasali,  
s. 690-6166, [sigurdur@log.is](mailto:sigurdur@log.is)

**EYJALIND Varahlutir í VOLVO**

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

## Stálgrindarhús

### frá Weckman Steel

**Fjöldi stærða og gerða í boði**

Verðdæmi:

Stærð 11,3 x 21,5 m.

Verð kr. 6.676.000,- með virðisaukaskatti

Stærð 14,3 x 29,9 m.

Verð kr. 9.663.000,- með virðisaukaskatti

Stærð 20,4 x 40,5 m.

Verð kr. 18.405.000,- með virðisaukaskatti



**H. Hauksson ehf**

Víkurharfi 5 - Sími 588 1130 - E-mail [hhaukssonehf@simnet.is](mailto:hhaukssonehf@simnet.is)



## HROSS & HESTAMENNSKA - sjá einnig bls. 52



Úr Landeyjum. Mynd / Hörður Kristjánsson

Ræktunarbú ársins 2019:

# Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á árinu

**Þorvaldur Kristjánsson**  
ábyrgðarmaður í  
hrossarækt  
thk@rml.is

Eins og mörgum er í fersku minni tilnefndi Fagrað í hrossarækt alls 14 ræktunarbú til sérstakra viðurkenninga fyrir framúrskarandi ræktunarárangur á árinu 2019. Heiðursviðurkenninguna ræktunarbú ársins 2019 hlutu Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson á uppskeruhátíð hestamanna þann 2. nóvember síðastliðinn en þau kenna hross sín við Stuðla.

Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á sýningarárinu 2019. Til að afmarka val ræktunarbúa eru fyrst tilgreind öll hrossaræktarbú sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,00 eða hærra. Þá eru einkunnir leiðréttar eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búnum er svo raðað upp eftir leiðréttingu einkunnunum og fjölda sýndra hrossa. Búin sem komast í pottinn verða að ná fjórum hrossum að lágmarki með 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu sem er þá önnur síða á gögnin. Eingöngu er horft til hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu og miðast fjöldi sýndra hrossa frá hverju búi við þau hross. Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

30 bú uppfylltu lágmarkskröfur

Í meðfylgjandi töflu eru öll búin, 30 að tölu, sem uppfylltu fyrrnefndar lágmarkskröfur árið 2019. Dálkarnir sýna meðaltal leiðréttrar aðaleinkunnar og fjölda sýndra hrossa sem ná 8,00 í aðal-

## Ræktunarbú ársins 2019

Fagrað í hrossarækt tilnefndi 14 bú til sérstakra viðurkenninga

Ræktunarbú	Mt. A.eink	Fjöldi	Sæti	
<b>Stuðlar</b>	Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson	8,63	5	1
<b>Garðshorn, belamörk</b>	Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius	8,61	5	2
<b>Torfunes</b>	Baldvin Kr. Baldvinsson	8,57	5	3 Afkv
<b>Ketilsstaðir / S-Gegnishólar</b>	Bergur Jónsson og Olil Amble	8,41	10	4 Afkv
<b>Þúfur</b>	Mette Mannseth og Gísli Gíslason	8,49	4	5
<b>Höfðabakki</b>	Sigrún Kristín Þórðardóttir og Sverrir Sigurðsson	8,45	4	6 - 7
<b>Skipaskagi</b>	Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir	8,43	5	6 - 7
<b>Stóra-Hof</b>	Bæring Sigurbjörnsson og Kolbrún Jónsdóttir	8,43	4	8
<b>Hafsteinsstaðir</b>	Hildur Claessen og Skapti Steinbjörnsson	8,36	5	9 - 10
<b>Hólabak</b>	Björn Magnússon	8,39	4	9 - 10
<b>Hlemmiskeið 3</b>	Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir	8,34	5	11
<b>Fet</b>	Karl Wernersson, Hrossaræktarúíð FET ehf	8,30	7	12 - 14
<b>Rauðalækur</b>	Eva Dyröy, Guðmundur Fr. Björgvinsson, Kristján Ríkhartsson	8,32	5	12 - 14
<b>Strandarhjáleiga</b>	Sigurlín Óskarsdóttir, Þormar Andrésson og fjölsk.	8,29	8	12 - 14
Auðsholtshjáleiga	Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og fjölskylda	8,23	8	Afkv
Austurás	Haukur Baldvinsson, Ragnhildur Loftsdóttir og fjölskylda	8,30	4	
Ármót	Hafliði Halldórsson, Ármótubúið ehf	8,16	6	
Ásbrú	Vilberg Skúlason	8,27	4	
Efsta-Sel	Daníel Jónsson, Hilmar Sæmundsson og Lóa Dagmar Smáradóttir	8,26	4	
Eystra-Fróðholt	Ársæll Jónsson, Anna Fía Finnsdóttir og fjölsk.	8,21	6	
Flagbjarnarholt	Sveinbjörn Bragason, Þórunn Hannesdóttir, Bragi Guðmundsson	8,25	4	
Horn I	Ómar Antonsson, Kristín Gísladóttir og fjölsk.	8,15	5	
Kjarnholt I	Magnús Einarsson	8,32	4	
Kjarr	Helga Sigurðardóttir, Helgi Eggertsson og fjölskylda	8,22	4	
Leirubakki	Anders Hansen og fjölskylda	8,23	4	
Sauðanes	Ágúst Marinó Ágústsson og fjölskylda	8,23	4	
Sauðárkrókur	Guðmundur Sveinsson og fjölskylda	8,16	4	
Steinnes	Magnús Jósefsson, Líney Árnadóttir og fjölsk.	8,31	5	
Ytra-Vallholt	Björn G. Friðriksson og Harpa H. Hafsteinsdóttir	8,19	6	
Þjóðólshagi 1	Sigurður Sigurðarson og Sigríður Arndís Þórðardóttir	8,25	12	

einkunn eftir leiðréttingu (en afkvæmahross bæta við fjöldann). Þá er sérstaklega tilgreint í síðasta

dálknum ef afkvæmahross leggja til stiga og auka á fjölda hrossa fyrir búið á árinu. Efst í töflunni

eru þau fjórtán bú sem tilnefnd voru til viðurkenningarinnar í ár í þeim sætum sem útreiknuð stig raðaði

þeim í en þar fyrir neðan eru búin sem komust auk þeirra til greina í ár í stafrófsróð.

## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



**HUSQVARNA FS 400 LV**  
Sögunardýpt 16,5 sm

**HUSQVARNA K 770**  
Sögunardýpt 12,5 sm

**HUSQVARNA K 3600 MK II**  
Sögunardýpt 27 sm

**HUSQVARNA K 2500**  
Sögunardýpt 14,5 sm

**HUSQVARNA DM 230**

**HUSQVARNA**  
Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is





Nýtt hesthús ris í hesthúsaahverfinu Fossagerði við Egilsstaði. Mynd / Austurfréttir

## Ný hesthús í byggingu fyrir austan

Það er nokkuð lífligt í hesthúsaahverfinu í Fossagerði við Egilsstaði, þar er nú verið að reisa hesthús, en ekki hefur verið byggt hestahús á svæðinu síðan árið 2012. Í Fossagerði eru fyrir þrjú stór félagshús sem hestamenn fluttu í eftir að hesthúsin á svonefndum „Truntubökkum“ við Eyvindará voru aflögð. Frá þessu er sagt á vefmiðlinum Austurfrétt.

Hallgrímur Anton Frímansson byggir nýja hesthúsið í Fossagerði, en það er frá Límtré Vínnet, 140 m<sup>2</sup> og er teiknað sem 10 hesta hús. Stefnir hann á að taka hesta inn í nýja húsið fyrir þorra, þó svo að líkur séu á að húsið verði ekki fullbúið. Annað hesthús er á teikniborðinu í Fossagerði, en

Guðmar Ragnar Stefánsson, sem á og rekur fyrirtækið Brúarsmiðir, hefur fengið lóð við hlið Hallgríms. Það hús verður væntanlega flutt inn af honum sjálfum, en hann hefur um nokkurt skeið flutt inn stálgrindahús frá Kína, þar af nokkur sem hýsa hross.

Fram kemur hjá Austurfrétt að hesthús rísi víðar en í Fossagerði, ábúendur á Stormi á Völlum, Einar Ben Þorsteinsson og Melanie Hallbac reistu hesthús á jörð sinni fyrir ári. Á Útnyrðingsstöðum á Völlum hafa þau Stefán Sveinsson og Daniela Gscheidel, hrossa- og ferðapjónustubændur, reist 480 m<sup>2</sup> reiðhöll, sem er fullbúin og komin í notkun. Þá eru tvö ný hesthús á Reyðarfirði, annað enn í byggingu. /MPB



Frá Laugarvatni.

Mynd / HKr.

## Ljósadagurinn á Laugarvatni haldinn 30. nóvember

Hinn árlegi Ljósadagur á Laugarvatni verður haldinn hátíðlegur laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu, sem er 30. nóvember.

Dagskrá dagsins hefst klukkan 14 með opnun jólamarkaðar Kvenfélags Laugdæla í húsnæði Háskóla Íslands. Lionsklúbburinn í Laugardal

verður með blóðsykursmælingu og selur flotkerfi. Kl. 17 verða ljós tendruð á jólatré Lionsmanna í Bjarnalundi og jólalögin sungin. Klukkan 17.30 verður gengið niður að vatni og hin árlega kertafleyting fer fram. Á sama tíma ætla Fontana að bjóða upp á heitt kakó og piparkökur til að koma öllum í jólaskap. /MHH

LELY MJALTAÞJÓÐAR

## Notaðir Lely mjaltapjónar til sölu

- Nú eigum við notaða Lely mjaltapjóna í öllum verðflokkum.
- 2 stk. A4 Lely mjaltapjónar og 1 stk. A3 mjaltapjón til sölu.
- Tilbúnir til uppsetningar strax eftir áramótin.
- Allir hafa verið á þjónustusamningi frá upphaflegri gangsetningu.
- Allir teknir uppí nýlega vegna viðskipta með jafn marga nýja Lely A5 mjaltapjóna sem verða settir upp í nóvember og desember.



- **Lely A3, hægri handar, árgærd 2008. Verð kr. 5.000.000 + vsk.**

Uppsettur og byrjaður að mjólka.

Fylgihlutir: Notuð Atlas Copco loftþessa, forkælir, tölvupakki, auka kjarnfóðurbás, 60 stk. hálsbönd m/ISO ID hálskubbum og flutningur heim á bæ.

- **Lely A4, hægri handar, árgærd 2011. Verð kr. 8.500.000 + vsk.**

Uppsettur og byrjaður að mjólka.

Fylgihlutir: Central unit, ný Atlas Copco loftþessa, nýr tölvupakki, notaður forkælir, 60 stk. hálsbönd m/ISO ID hálskubbum og flutningur heim á bæ.

- **Lely A4, vinstri handar, árgærd 2015. Verð kr. 12.500.000- án vsk.**

Uppsettur og byrjaður að mjólka.

Fylgihlutir: Central unit, ný Atlas Copco loftþessa, nýr tölvupakki, nýr forkælir, 60 stk. hálsbönd m/ISO ID hálskubbum og flutningur heim á bæ.

Frekari upplýsingar hjá Sverri eða Jóhannesi í Rvk. og Jóni Stefáni á Akureyri.

NÝ HEIMASÍÐA: [www.lely.com/is/centers/reykjavik](http://www.lely.com/is/centers/reykjavik)

Lely Center Ísland

farming innovators



Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Óðinsnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

## Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika



[www.hrimnir.shop](http://www.hrimnir.shop)  
runar@hrimnir.shop  
861-4000 / 897-9353



FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA

HRÍMNIR

## Átt þú orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumahús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið og erlendis. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á [hjukrun@hjukrun.is](mailto:hjukrun@hjukrun.is) eða hafi samband við skrifstofu í síma 540 6400.





## FRÉTTASKÝRING

# Fjöl margar rannsóknir gefa vísbendingar um skelfilega stöðu skordýrastofna víða um heim vegna eitrefnanotkunar: Gríðarleg fækkun skordýra á liðnum áratugum gæti valdið hrúni vistkerfa

– Nýleg rannsókn sýnir 40% hrún í býflugnastofnum í Bandaríkjunum á síðasta ári og fjöldi rannsókna staðfestir svipaða þróun

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Notkun skordýraeiturs auk gróðureyðingarefna, áburðar og annarra hjálparefna í landbúnaði eykst stöðugt í beinu sambengi við markaðssókn risafyrirtækjanna í efnaíðnaðinum. Samkvæmt spám um vöxt í notkun skordýraeiturs (insecticides) á árunum 2019–2024, þá er árlegur vöxtur í notkun efna (CAGR) talinn verða um 5,1%.

Í umfjöllun á markaðsmiðlinum Mordor Intelligence er farið yfir stöðuna. Þar kemur fram að helstu efnafyrirtækin sem slást um eitrefnasölu eru Sygenta, Bayer CorpScience, BASF, FMC, ADMA og UPL. Þessi stórfyrirtæki skiptu á milli sín sölu á skordýraeitri fyrir 14,63 milljarða dollara á árinu 2018.

Sagt er að útilokað sé að halda í við stöðugt aukna eftirsurn eftir matvælum, blómum og lífmassa, m.a. til dýraeldis og eldsneytisframleiðslu, öðruvísi en með stöðugri aukningu á notkun eitrefna. Þetta er þegar farið að hafa gríðarleg áhrif á umhverfið og víða er jarðvegur orðinn svo mengaður að í honum þrífast engin önnur kvikindi en þau sem hafa myndað ónæmi fyrir eitruinu. Þetta sýna nýlegar rannsóknir eins og frá Tækniháskólanum í München sem sýnir verulega fækkun í skordýrastofnum í Þýskalandi, bæði á ræktarlandi og í skógum og í friðlandi. Víða hefur skordýrum fækkað um þriðjung og á sumum svæðum um allt að 70%.

Svo virðist sem jarðvegur sé víða að komast að þölmörkum og næsta stig sé líffræðilegt hrún jarðvegsins sem verður þá ónothæfur til ræktunar. Þar spila líka fleiri þættir inn í en eitrefnanotkun. Er m.a. bent á mikla ofnotkun tilbúins áburðar sem ógni líffræðilegu jafnvægi. Þá hefur einnig verið bent á möguleg áhrif af stórauðinu notkun á örbylgjum og öðrum rafbylgjum í farsímum og öðrum fjarskiptabúnaði nútímans.



Býflugur gegna mikilvægu hlutverki við að bera frjókorn á milli plantna.




Ef býflugurnar hverfa glatast stór hluti af fæðu manna

Hunangsflugur eru taldar halda uppi viðgangi í ræktun á um þriðjung allra nytjategunda í heiminum. Þar er einna helst um að ræða ávaxtarækt, grænmetisrækt og möndlurækt. Fyrirtæki í örverurannsóknum hafa verið að reyna að þróa fræ sem inniheldur efni sem gerir býflugur ónæmar fyrir sumum banvænum sjúkdómum og eitrefnum. Bæði skordýraeitur og gróðureyðingarefni innihalda efnasambönd sem lama taugakerfi skordýra og í sumum tilvikum voru þau upphaflega hönnuð til að lama taugakerfi manna í hernaði. Eitrið veldur því að flugurnar missa m.a. hæfileikann til að rata heim á búið sitt að sögn líffræðingsins David Goulson. Var það niðurstaða rannsóknar sem gerð var við Stirling háskólann í Skotlandi.

Ef býflugurnar hverfa deyr mannkynið

Ekki ómerkilegri maður en Albert Einstein setti fram kenningu um býflugur. Hefur oft verið vitnað í spádómsorð hans í því sambandi, en hann á að hafa sagt:

Ef býflugurnar hverfa af yfirborði þessa hnattar, þá mun maðurinn



Oft hefur verið vitnað til orða vísindamannsins Albert Einstein og kenningar hans um áhrif býflugna á lífið á jörðinni. „Ef býflugurnar hverfa af yfirborði þessa hnattar, þá mun maðurinn aðeins eiga fjögur ár eftir ólífuð. Engin býflugur, engin frjóvgun, engin plöntur, engin dýr, engir menn.“

aðeins eiga fjögur ár eftir ólífuð. Engin býflugur, engin frjóvgun, engin plöntur, engin dýr, engir menn, eða:

„If the bee disappeared off the surface of the globe, then man would have only four years of life left. No more bees, no more pollination, no more plants, no more animals, no more man.“

## 40% af býflugnasamfélögum í Bandaríkjunum hurfu 2018

Í ágúst mánuði síðastliðnum var umfjöllun í Business Insider um skordýradauða. Þar sagði í fyrirsögn: „40% af býflugnasamfélögum í Bandaríkjunum hurfu á síðasta ári. Svona gæti jörðin litit út ef býflugurnar hverfa með öllu.“

Þar segir líka að býflugum sé stöðugt að fækka ört um allan heim og að jarðarbúar standi frammi fyrir þeirri hættu að vera búnir að drepa öll skordýr á jörðinni eftir 100 ár. Án býflugna sem hafa séð um að frjóvga blóm ávaxtatrjáa og annarra jurta verði mjög erfitt að stunda ræktun.

## „Hrunröskun samfélaga“

Talað er um að þessi mikli flugnaðaði í býflugnasamfélögum sé hluti af yfirbæri sem vísindamenn hafi ekki fullan skilning á og sem kalla mátti „hrunröskun samfélaga“ eða „colony collapse disorder“. Orsökina telja sumir m.a. að leita í útbreiðslu vírusa sem maurar bera með sér.

niðurstöður hafa fengist úr rannsóknum í mörgum löndum, eins og Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi.

Vísad er í fjölmargar rannsóknir sem allar gefa sömu vísbendingar, eins og Fuller et al., 1995; Tilman et al., 2001, Newton, 2004; Thomas et al., 2004, Collen et al., 2008, Shortall et al., 2009, Mineau and Whiteside, 2013, Hallmann et al., 2017, Lister and Garcia, 2018 og mikinn fjölda annarra rannsókna.

## Plágum fjölgar þrátt fyrir aukna eitrefnanotkun

Í yfirliti Mordor Intelligence kemur einmitt fram að plágum af ýmsum toga sem herja á ræktun nytjajurta fari fjölgandi um allan heim þrátt fyrir alla eitrefnanotkunina. Er það m.a. skýrt með því að fjölgun hafi verið í skordýrastofnum sem



Dauðar býflugur.

hafa áunnið sér þol gegn eitrefnum sem og „illgresi“. Lífverur sem ofar sitja í fæðukeðjunni eins og fuglar eru ekki svo fljótar að bregðast við breyttum aðstæðum og eitrið í skordýrunum einfaldlega drepur þær. Þetta hefur m.a. komið fram í rannsóknum í Frakklandi.

Bent er á í Mordor Intelligence að vissulega sé hægt að hafa stjórn á fjölgun skordýra með eitri upp að vissu marki. Með tímanum aðlagist skordýrin þó breyttum aðstæðum og plágurnar gjósi upp aftur. Því dugi hefðbundin eitrefni ekki lengur og stöðugt þurfi því að framleiða sterkari eitrefni til að ráða við „vandamálið“. Það sem líka gerist við notkun slíkra efna er að smádyr sem lifa á skordýrunum í eðlilegu umhverfi drepist líka.

ad hafa stjórn á fjölgun skordýra með eitri upp að vissu marki. Með tímanum aðlagist skordýrin þó breyttum aðstæðum og plágurnar gjósi upp aftur. Því dugi hefðbundin eitrefni ekki lengur og stöðugt þurfi því að framleiða sterkari eitrefni til að ráða við „vandamálið“. Það sem líka gerist við notkun slíkra efna er að smádyr sem lifa á skordýrunum í eðlilegu umhverfi drepist líka.

## Vistvænar varnir í andstöðu við hagsmunum efnafframleiðenda

Til að bregðast við þessum vanda hafa sumir vísindamenn reynt að vekja athygli á notkun náttúrulegra varna til að verka uppskeru. Slíkar ráðleggingar ganga hins vegar þvert á peningahagsmunum efnafyrirtækjanna. Hafa þau því óspart beitt lög-sóknum með ómælt aðgengi að peningum að vopni til að kveða niður andstöðu við eitrefnanotkunina. Einn þekktur er mál er tengjast notkun á efnum sem innihalda virka efnið glyfosat. Þar hefur verið beitt orðum fjölda þekktra vísindamanna gegn efasemdarfólki sem hafa full-yrt að glyfosat sé skaðlaust mannfólki þótt sannanir hafi veri lagðar fram um annað. Bændablaðið hefur heldur ekki farið varhluta af slíkum rökfærslum vísindamanna á undanförmum árum, þar sem reynt hefur verið að kveða niður gagnrýni á eitrefnanotkun í blaðinu.

Risafyrirtækið Monsanto hefur m.a. tapað dómsmálum í Bandaríkjunum er varða notkun á efnum sem innihalda glyfosat, en Monsanto er nú komið í eigu þýska efnarísans Bayer. Þar sem almenningsálitid var farið að snúast hressilega gegn Monsanto og eitrefnum frá fyrirtækinu eins og Roundup, þá skipti Bayer einfaldlega um umbúðir til að villa um fyrir neytendum.



Notkun eitrefna frá efnafyrirtækjunum Bayer og Monsanto mótmælt í Þýskalandi.





Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Póstsins.

## Landsbyggðin: Pósturinn breytir flokkun pósts

Pósturinn hefur breytt fyrirkomulagi við flokkun pósts á landsbyggðinni. Eftir breytinguna er allur póstur sem á að fara til dreifingar innan svæðis flokkaður frá á viðkomandi svæði.

Fyrir breytinguna var allur póstur fluttur til Reykjavíkur þar sem hann var flokkaður saman með öðrum pósti í póstmíðstöð. Breytingin hefur það í för með sér að meiri hraði verður í afgreiðslu sendinga, pósturinn ferðast mun styttri leið en áður ásamt því að meiri vinnsla fer fram á landsbyggðinni en verið hefur.

„Við vitum að viðskiptavinir voru ósáttir við gamla fyrirkomulagið og vildum við mæta ábendingum þeirra með því að breyta þessu. Niðurstaðan er þessi og vonum við að þetta verði til þess að auka ánægju viðskiptavina með þennan hluta þjónustunnar. Okkar helsta markmið er að bæta upplifun viðskiptavina og munum við halda áfram að horfa til ýmissa úrbótaverkefna til að mæta þeirra þörfum,“ segir Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Póstsins. /MHH

## Skagaströnd: Kaupir land og fasteignir golfklúbbsins

Meirihluti sveitarstjórnar Skagastrandar hefur samþykkt samning um kaup á landi og fasteignum Golfklúbbs Skagastrandar að Háagerði og einnig rekstrarsamning við golfklúbbinn um rekstur golfvallar og uppbyggingu á félagsstarfi.

Minnihluti sveitarstjórnar telur að með samningnum sé verið að stunda afar óábyrga fjármálastjórnun enda skuldbindi hann sveitarfélagið um tugi milljóna næstu fimm árin.

Golfklúbbur Skagastrandar óskaði á liðnu vori eftir því að sveitarstjórn Skagastrandar kannaði forsendur fyrir því að sveitarfélagið keypti bæði land og fasteignir golfklúbbsins. Í framhaldi af því voru unnin drög að hugsanlegum kaupum, en þau lágu fyrir á fundi í liðinni viku.

Í bókun minnihlutans í sveitarstjórn segir að með því að samþykkja samninginn sé verið að skuldbinda sveitarfélagið um 20 milljónir króna á næstu 5 árum auk ótímabundinna framlaga sem fylgi samningnum. Vísar minnihlutinn einnig í bókun sinni til sveitarstjórnmalaga um heimildir sveitarstjórna til ráðstöfunar á almannafé en þar er sveitarstjórnunum gerð sú skylda að gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. „Sérstaklega er tekið fram að sveitarfélögum sé óheimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó einvörðungu þannig að áhætta vegna þeirrar þátttöku gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna. Þá er rétt að vísa til þess að 5. grein siðareglna kjörinna fulltrúa í Sveitarfélaginu Skagaströnd leggur þær skyldur einnig á herðar okkur að virða fjárhagsáætlanir og grundvallarreglur fjármálastjórnunar til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé, segir í bókuninni. /MPD

**ARGO.IS**  
**S 8610000**

**SKOTBÓMU**  
**HJÓLASKÓFLA**

Verð frá 5.550.700+VSK / 80 -130hp

Powered By CUMMINS

limtrevirnet.is

**Íslenskar einingar**  
**fyrir íslenskt veðurfar**

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlökueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn.  
Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

**LímtréVírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Sölueld: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík  
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes

Netfang - sala@limtrevirnet.is

- Mjúkt og þægilegt
- Slitsterkt og vatnshelt

Fljótlegt að leggja og jafnvel yfir eldri gólfefni. Lauslagt, smellt og niðurlímt. Sendum prufur um land allt. Þú velur úr hundruðum litatóna og við sérpöntum til landsins á 10-14 dögum



Niðurlímt á undirlag  
Fljótlegt og þægilegt

VÍNYL PARKET

www.vinylparket.is  
s. 4204010

f Vínýl gólfefni





Nú er tími jólastjarnanna að renna upp. Í garðyrkjustöðinni Ficus í Bröttuhlíð í Hveragerði eru ræktuð jólastjörnuafbrigði í nokkrum litum.

Myndir / HKr.

Birgir S. Birgisson garðyrkjumaður í Bröttuhlíð í Hveragerði:

# Ræktar jólastjörnur í ýmsum litaafrbrigðum og líka örsmáar

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Birgir Steinn Birgisson, garðyrkjubóndi og pottaplöntuframleiðandi í Ficus ehf. Bröttuhlíð í Hveragerði, er öflugur ræktandi á jólastjörnum hérlendis. Hann hefur líka verið kraftmikill í að kynna íslenska pottaplöntuframleiðslu og átti hugmynd að átaki í þá veru sem hófst á síðastliðnu vori. Í dag eru einungis þrjár garðyrkjubændur eftir á Íslandi sem eingöngu eða aðallega rækta pottaplöntur.

Birgir sagði í samtali við Bændablaðið að nú væri að renna upp árlegur tími jólastjörnunna. Var afar fallegt að líta yfir gróðurhúsið hjá Birgi sem var fullt af jólastjörnum. Það voru ekki bara þessar hefðbundnu rauðu jólastjörnur sem allir þekkja, heldur líka hvítar, neonbleikar og mislitar sem Birgir hefur verið að prófa sig áfram með á íslenskum markaði. Hann segir jólastjörnur alls ekki dýr blóm og í raun hafi þær lækkað mikið í verði í hlutfalli við annað sem fólk er að kaupa.

**Jólastjörnur hafa stórlækkað í verði miðað við hárklippingu**

„Menn hafa sagt mér að fyrir um 20 til 30 árum hafi ein jólastjarna kostað jafn mikið og að láta klippa sig á hárgreiðslustofu. Nú kostar jólastjarnan um eða innan við 1.000 krónur en klippingin líklega um 5.000 til 6.000



Birgir prófaði að koma með bleikar jólastjörnur á markaðinn í fyrra og nutu þær mikilla vinsælda. Hefur hann því bætt talsvert í ræktun þeirra núna auk þess að vera með umtalsvert af hvítum. Mest hefur þó salan verið í hinum hefðbundnu rauðu jólastjörnum.

krónur,“ segir Birgir, en víða mun klipping samt kosta talsvert meira.

„Sennilega er jólastjarnan bara orðin of ódýr. Hér á landi er trúlega verið að rækta um 20.000 jólastjörnur, þar af er ég með um 9.000 og síðan er það Flóra garðyrkjustöð í Hveragerði og Gróðrarstöðin Ártangi í Grímsnesi. Eitthvað lítils háttar er svo flutt inn.“

**Með ýms litaafrbrigði í jólastjörnum**

Birgir segist hafa verið að gera prófanir með aðra liti en rauðar jólastjörnur, eins og bleikar og hvítar.

„Ég var með smávegis af bleikum jólastjörnum á síðasta ári og sá að fólk virtist vera hrifnið af þeim. Ég er að prófa þetta enn frekar núna. Ég var með í fyrra um 10% af hvítum jólastjörnum, um 4% af bleikum og um 86% af rauðum. Núna verð ég með 10% af bleikum og 10% af hvítum og um 80% af rauðum. Annars eru til mörg litaafrbrigði í þessu.“

**Líka míní-jólastjörnur**

Það er líka ýmislegt fleira sem Birgir er að gera tilraunir með.

„Þá er ég búinn að vera að rækta míní-plöntur af jólastjörnum í nokkur ár. Venjulegar jólastjörnur taka talsvert pláss á borði og því langaði mig að prófa þetta. Hér er ég t.d. með hvítar, bleikar, rauðar og tvílitar. Til að ná þeim svona litlum

meðhöndla ég þær öðruvísi. Þessar eiga að vera tilbúnar 1. desember.“

**Gerir tilraun með háar jólastjörnur á næsta ári**

„Maður er annars alltaf að fíka eitthvað og á næsta ári ætla ég að fara alveg í hina áttina og búa til háar jólastjörnur. Þær verða öðruvísi en fólk þekkir. Það kemur upp einn stofn í dálitla hæð og þá toppa ég hana svo hún fari að dreifa úr sér. Stofninn verður því hreinn en það kemur hvirfing efst. Ég hef ekki gert þetta áður og ég held að svona plöntur hafi heldur ekki verið hér á markaðnum. Þetta verður allt öðruvísi og getur verið skemmtilegt í skreytingar.“

**Hyasintumarkaðurinn stöðugt að færast fram**

Hyasintur, eða goðaliljur, eru líka vinsæl laukblóm um jólin og þar er Birgir líka á heimavelli.

„Markaðurinn fyrir hyasintur er alltaf að færast fram. Fyrir tíu til tuttugu árum miðaði maður við að

vera tilbúinn með þær í sölu 10. desember. Nú verð ég að vera tilbúinn með þær í síðustu viku nóvember. Til að fá þær til að blómstra þurfa laukarnir fyrst að vera í kæli í tíu vikur, líkt og túllpanarnir, áður en maður tekur þá inn í hús. Eftir það eru hyasinturnar tilbúnar í sölu á tíu dögum.“

– *Hvað kemur þú með mikið af hyasintum á markaðinn í ár?*

„Ég er með eitthvað um 19 þúsund,“ segir Birgir.

**Kominn með lífrænar varnir í blómarræktina**

Birgir er líka farinn að leggja mikið upp úr heilnæmi ræktunarinnar.

„Nú er maður kominn með allt lífrænt, þótt maður sé bara í blómarrækt. Það eru engin eitrefni notuð til að verjast ágangi sníkjudýra, heldur bara lífrænar varnir.“

Sýnir Birgir blaðamanni litla poka sem settir eru hér og þar í blómappottana og úr þeim skrifa síðan örllitlar lurfur sem ráðast á „blóma-thrips“ og hvítar flugur sem geta verið mikill skaðvaldur



Hægt er að fnna margvísleg afbrigði af jólastjörnum hjá Birgi í Bröttuhlíð.



í blómarækt. Þegar lirfurnar hafa lokið sér af við átið á sníkjudýrunum, þá éta þær hver aðra.“

Þetta blóma-thrips sem Birgir minntist á er hvítleitt skordýr í blómarækt af Franklíníella-ætt og er líka þekkt undir nafninu Western flower thrips.

Birgir segir að ef hann beitti eitri núna dræpust lífrænu varnir hans um leið. Eituráhrifin vara síðan lengi og getur hann þá ekki farið að nota lífrænar varnir aftur fyrir en allt að átta vikum liðnum. Þá drepur eitir sem kemst í plönturnar líka lífrænu varnirnar. Lesendur geta því rétt ímyndað sér hvernig staðan er þar sem stöðugt er beitt eitrefnum til að verjast sníkjudýrum. Slíkar plöntur geta vart talist heilnæmar fyrir fólk.

#### Gríðarleg samkeppni í pottaplöntunum

Birgir er með að jafnaði um tvö og hálf stöðugildi í garðyrkjustöðinni hér en fær aukamannskap á vorin og þá eru kannski sex þar að störfum. Hann er nú með um 1.800 fermetra undir þaki og er að gera breytingar á stöðinni til að geta aukið framleiðsluna í pottaplöntunum. Þar gætu tollaniðurfellingar þó haft veruleg áhrif.

„Samkeppnin er þegar gríðarlega hörð og mikið flutt inn,“ segir Birgir.

#### Samningar um orkuverð héldu ekki lengi

Varðandi orkumálin hitar Birgir stöðina upp með gufu og síðan er rafmagnsnotkunin stærsti þátturinn. Gjaldidið fyrir gufuna er reiknað út miðað við fermetra í húsunum sem er verið að kynda, en ekki rúmmetra af keyptri gufu eins og tíðkast í heitavatninu. Þar sem erfið

er að mæla gufumagnið, þá greiðir Birgir sama verð allt árið.

Nú kaupir hann orkuna af Veitum sem eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur eftir að Hveragerðisbær seldi Veitum sína hitaveitu. Segir Birgir að salan á hitaveitunni hafi verið gerð með þeim skilyrðum að garðyrkjubændur í Hveragerði nýtu áfram sömu kjara og þeir hefði áður haft. Það gildi þó ekki lengi.

„Svo kom efnahagshrunið. Ári seinna hækkaði orkuverðið til okkar um 40%,“ segir Birgir. „Það var bara hækkað og enginn spurður. Ekki gat ég skellt því út í verðlagið og hækkað blómin um 40%.“

#### Norskir ylæktarbændur farnir að brenna timbri í stað þess að nota raforku

Birgir segir að staðan í ylæktinni sé víða erfið á norðurlöndum vegna stöðugra hækkaná á orkuverði. Vísaði hann til kollega síns í Noregi sem kynti stöðina áður með raforku. Eftir að Norðmenn fóru að selja raforku um sæstreng til ESB landa, hækkaði raforkuverðið svo mikið að hann réð ekki við það. Eina ráðið hjá honum til að halda áfram rekstri í framleiðslu pottablóma var að setja upp kyndistöð þar sem brennt er timbri, með tilheyrandi koltvísyringslosun. Framleiðsla á afskornum blómum hefur hins vegar alveg lagst af í Noregi.

Þetta er í raun sama staða og Hafberg Þórisson, sem rekur Lambhaga í Reykjavík, hefur verið að glíma við og greindi frá í síðasta Bændablaði. Hann hefur einmitt verið að fhuga að setja upp brennsluofn þar sem hann telur jarðhitavatnið vera orðið of dýrt.



## Vantar þig heyrnartæki?

### Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og kúli. Þú getur fengið Opn S með endurhláðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í desember bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akranes | Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Ísafjörður | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á [www.heyrnartaekni.is](http://www.heyrnartaekni.is)



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

### BÆNDUR/ ÁBÚENDUR LÖGBÝLA!

## Framleiðnisjóður landbúnaðarins kallar eftir umsóknum - 2020

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar nú eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði **nýsköpunar og þróunar** á lögbýlum (B-flokkur).

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni, sem líkleg eru til að leiða af sér umtalsverða atvinnusköpun og þar sem stuðningur sjóðsins hefur afgerandi þýðingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is), (undir flípanum EYÐUBLÖÐ, B-form, umsókn og greinargerð). **Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.** Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að vanda skuli til gerðar allra fylgigagna umsókna.

**Umsóknafrestur er til 13. febrúar 2020.** Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á netfangið [fl@fl.is](mailto:fl@fl.is) og með hefðbundnum pósti til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í síma 430-4300, um netfangið [sigrídur@fl.is](mailto:sigrídur@fl.is) eða á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is).

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2020.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins  
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi  
Sími 430-4300

## Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar




WPL  
Diamond



IDNVER  
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - [petur@idnver.is](mailto:petur@idnver.is)

### Z STÁLGRINDARHÚS

Paulreynd hús við íslenskar aðstæður.



6 x 10 x 3 m - 3.900.000 kr. m/vsk.  
8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.  
10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.  
12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.  
18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.

Innifalið Z stálgrind, 40 mm. PIR yfirlingur og teikningar.  
ÓEINANGRÆÐ 12 x 30 x 3,5 m - 8.100.000 kr. m/vsk.  
ÓEINANGRÆÐ 18 x 35 x 3 m - 11.300.000 kr. m/vsk.

Innifalið Z stálgrind, óeinangruð trapisu klæðning og teikningar.

### TIMBUR EININGAHÚS

Nú er rétti tíminn til að panta fyrir vorið! Framleiðandi sér um uppsetningu húsanna hvar á landinu sem er.


Einbýlishús  
Rað- og parhús  
Frístundahús  
Ferðapjónustuhús  
Starfsmannahús  
Bílskúrar



Afgreiðslufrestur aðeins 6-8 vikur.

### YLEININGAR

Hágæða yleiningar fyrir veggi og þök.




Veggeiningar 40-220 mm.  
Þakeiningar 40-220 mm.

Bjóðum einnig skrúfur, þéttingar, áfellur, yllplast og þakglugga.

Afgreiðslufrestur u.þ.b. 4 vikur.

### BOGAHÚS- TILBOÐSVERÐ TIL JÓLA


12x20 m - 4.800.000 kr. m/vsk  
12x30 m - 6.600.000 kr. m/vsk  
12x40 m - 8.500.000 kr. m/vsk  
12x50 m - 10.300.000 kr. m/vsk



Stálbogar, langbönd, klæðning, rennihurð & teikningar.

Afgreiðslufrestur 8-10 vikur - framleiðandi býður uppsetningu!

### LÍMTRÉSHÚS & LÍMTRÉS BITAR



Skemmur úr límtré og yleiningum í miklu úrvali. CNC skorið límtré í hæsta gæðaflokk.

Bjóðum allar gerðir límtrésbita fyrir stór sem smá verkefni. Bitar í styrkleikaflokkum GL24c - GL32c. Breiddir 80-280mm. Hæðir 80-1280mm. Stuttur afgreiðslutími og flott verð.

TÖLVUPÓSTUR  
[bkhonnun@bkhonnun.is](mailto:bkhonnun@bkhonnun.is)  
SÍMI  
865-9277  
VEFFANG  
[www.bkhonnun.is](http://www.bkhonnun.is)

BK HÖNNUN  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR



Þjónustufyrirtæki við Flúðir með um 80% markaðshlutdeild í rekstrarvörum fyrir garðyrkjustöðvar:

# Eigendur NPK segja tilurð félagsins vera efnahagshruninu að þakka

– Telja hagstæðara að starfrækja þjónustufyrirtæki nær viðskiptavininum á landsbyggðinni

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Fyrirtækið NPK ehf. varð til í miðju efnahagshruninu 2008 er erfiðleikar sköpuðust í innflutningi á rekstrarvörum fyrir garðyrkjustöðvarnar í landinu. Það er nú orðið leiðandi í sölu á rekstrarvörum og í þjónustu við garðyrkjubændur og talið vera með um 80% markaðshlutdeild.

Reynir Jónsson, garðyrkjubóndi og eigandi Reykáss ehf., Gróðrarstöðvar í Miðfellshverfinu sunnan við Flúðir, sagði í samtali við Bændablaðið að sér hafi verið farið að blöskra verð á perum fyrir lýsingu í gróðurhúsum og öðrum rekstrarvörum. Hann sagðist ekki hafa verið tilbúinn að greiða um 5.500 krónur fyrir hverja peru og setti sig því í samband við sölufyrirtæki erlendis. Sama sagan hafi verið með áburð og fleiri rekstrarvörur. Hann fór því að kaupa perur beint og gat svo útvegað öðrum á um 2.500 krónur stykkið. Í dag er verðið á perum hjá NPK fyrir gróðurhúsálýsingu um 2.400 krónur fyrir utan virðisaukaskatt, eða á svipuðu róli og var þegar þeir byrjuðu fyrir 11 árum.

## Tilurð NPK er efnahagshruninu að þakka

„Þetta fyrirtæki er eiginlega efnahagshruninu 2008 að þakka,“ segir Gunnar Th. Gunnarsson, meðeigandi Reynis í NPK og sölustjóri fyrirtækisins. Hann er garðyrkjufraeðingur að mennt og starfaði áður við garðyrkju í Hveragerði.

## Fyrsti gámurinn pantadur í desember 2008

Reynir Jónsson byrjaði á því að panta fyrsta gáminn af rekstrarvörum fyrir garðyrkjuna hjá sér í desember 2008, eða rétt eftir fall bankanna.

„Ég man bara eftir að kreppan var skollin á og það var að lokast á öll gjaldeyrisviðskipti landsins,“ segir Reynir.

„Ég sagði bara við gæjann úti, sendu mér bara reikning strax því ég þarf að koma peningum úr landi fyrir honum. Ég fékk reikning upp á um þrjá milljónir og gat fengið gjaldeyri til að borga hann. Þarna byrjaði boltinn að rúlla og svo varð bara ekkert aftur snúið,“ segir Reynir.

Gunnar, félagi Reynis, segir að á þessum tíma hafi hann séð um ylræktarstöð í Hveragerði. Hann hafi frétt af þessum innflutningi Reynis og hafi spurtt hann hvort hann væri til í að selja sér áburð. Það kom gámur og Gunnar spurði Reyni þá hvort hann mætti ekki selja öðrum úr gámunum líka.

„Það var auðsött mál og það seldist fljótt úr þeim gámi. Það var því farið í að panta annan gám,“ segir Gunnar.

## Allt staðgreitt til að byrja með

Reynir segir að þetta hafi verið svolítið sérstakt. Hann hafi bara sett upp hvað menn þyrftu að greiða fyrir vöruna og síðan lögðu bændur bara pening beint inn á hans reikning hjá honum sem því nam.

„Ég sendi svo peninga út, enda þorðu menn ekki að afgreiða neinar vörur til Íslands á þeim tíma nema



Á planinu fyrir framan höfuðstöðvar NPK í Miðfellshverfinu sunnan við Flúðir. Talið frá vinstri: Gunnar Th. Gunnarsson, sölustjóri NPK, Jónas Páll Birgisson bifreiðastjóri og Reynir Jónsson garðyrkjubóndi. Á innfelldu myndinni er fjórði starfsmaðurinn, Magnús Ágústsson. Mynd / HKR.



Af lager NPK í Miðfellshverfinu.

Mynd / HKR.

gegn staðgreiðslu. Um leið og þeir fengu peninga í hendurnar afgreiddu þeir til mín vörurnar. Svona gekk þetta í um ár, en þá vorum við búinir að ávinna okkur nægt traust til að þeir létu vörur af hendi án þess að þær væru fyrirfram greiddar. Þannig byrjaði boltinn að rúlla.“

## Áður vildi enginn af þeim vita en nú hefur dæmið snúist við

Reynir segir að ein helsta breytingin sem orðið hafi með tímanum sé að í byrjun hafi þeir verið á stöðugum þeytingi til útlanda til að reyna að ná beinu sambandi við menn til að tryggja sér viðskipti. Á því hafi orðið mikil breyting.

„Upphaflega leit enginn við okkur. Nú er staðan þannig að dæmið hefur snúist við. Nú hringja menn og senda okkur tölvupósta í leit að umboðsmönnum á Íslandi.“

## Með allar nauðsynlegar rekstrarvörur fyrir gróðrarstöðvar

„Við erum nú með nær allar vörur sem nauðsynlegar eru í daglegum rekstri gróðrarstöðvanna,“ segir Reynir.

„Við erum með áburð, mold, fræ, ljósaperur, ljósalampa, tölvukerfi,

## Hækka eldri gróðurhúsabyggingar með hollenskri tækni

Auk þessa þá hafa þeir félagar verið í samstarfi við hollenskt fyrirtæki, TC Dool. Hafa þeir þannig getað boðið garðyrkjubændum að hækka gróðurhúsabyggingar til að auka notagildi þeirra. Með tækni TC Dool eru burðargrindur húsanna skornar í sundur og efri hlutanum lyft án þess að hreyfa þurfi við ljósa- og rafmagnsbúnaði í þaki húsanna.

„Við getum hækkað öll gróðurhús, einnig getum við hækkað öll stálgrindarhús og límtreshús með þessari tækni,“ segir Gunnar.

Sem dæmi var hækkað 1.400 fermetra hús í Friðheimum og 2.500 fermetra bygging á Flúðajörfa á Flúðum. Húsin voru hækkuð um 1,5 metra. Einnig hefur NPK byggt ný gróðurhús með TC Dool.

## Markmiðið að vera með sanngjarna álagningu

Gunnar segir að eflaust væru þeir orðnir moldríkir ef þeir hefðu notað sömu verðlagningu og aðrir á markaðnum. Hins vegar hafi þeir einsett sér að vera aðeins með þá álagningu sem dygði til að fyrirtækið gæti rekið sig og dafnað. Það kæmi öllum til góða, bæði þeim og viðskiptavininum, sem áður hafi þurft að setja allt of stóran skerf af sínum tekjum í kaup á rekstrarvörum.

Hann segir að árangurinn af þeirra starfi megi vel greina í þeirri uppsveiflu sem orðið hafi í garðyrkjunninni eftir að þeir hófu starfsemi. Garðyrkjubændur hafi nú meira til skiptanna af því sem áður fór í kaup á rekstrarvörum.

## Lág álagning skilar sér í meiri viðskiptum

„Við fáum lága álagningu einfaldlega til baka í auknum viðskiptum.

Garðyrkjubændur geta nú leyft sér að kaupa hluti sem þeir réðu ekki við áður. Þeir geta endurnýjað perur, tölvukerfi og vökvunarkerfi sem þeir þorðu ekki einu sinni að hugsa um að gera fyrir nokkrum árum. Með því að vera með mjög sanngjarna álagningu fáum við mikla góðvild og aukin viðskipti í staðinn. Við verðum kannski aldrei ríkir á þessu, en það var heldur ekki tilgangurinn og við erum mjög sáttir.

Við höfum samt getað byggt okkur ágætlega upp með bílum og lyftara til að sinna okkar þjónustuhlutverki.“

## Engin yfirbygging

– Er þá ekki mikil yfirbygging fyrst fyrirtækið er svona fjölbætt?

„Nei, það er engin yfirbygging. Ég er bara með skrifstofuna heima. Við getum verið með menn á launum, án þess að það útheimti mikla yfirbyggingu í rekstrinum. Þá er ekkert brúðl í umgjörðinni. Lagerinn er byggður upp úr hlöðu sem við lögðum til og steyptum gólf í. Svo erum við líka með lager í gámunum á hlaðinu,“ segir Gunnar.

## Með bestu umboðin í garðyrkjuvörum

„Nú erum við komnir með öll bestu umboðin í þessum geira,“ segir Gunnar.

„Við höfum líka gert samning við Yara og tókum yfir af SS þær tegundir sem notaðar eru í gróðurhúsum. Þeir sjá áfram um túnáburðinn og síðan er bara samkomulag um að við útvegum þeim áburð ef þeir þurfa á að halda og þeir okkur.

Þá erum við með umboð frá Koppert B.V. Hollandi, sem er eitt besta fyrirtæki í heimi í lífrænum vörum. Síðan er PRIVA að selja okkur sams konar stýribúnað og 20 bestu tómatáframleiðendur í





Í samstarfi við við hollenskt fyrirtæki, TC Dool, hefur NPK getað boðið garðyrkjubændum að hækka gróðurhúsa-byggingar til að auka notagildi þeirra. Hér er verið að hækka 1.400 fermetra gróðurhús í Friðheimum. Mynd / NPK



Húsin eru hækkuð um 1,5 metra án þess að hreyfa þurfi við ljósabúnaði eða öðrum lögnum í þaki. Mynd / NPK

heiminum eru að nota. Svo mætti lengi telja, en við höfum verið mjög heppnir með að fá til okkar góð umboð," segir Gunnar.

#### Staðsetningin helsti kosturinn

– Hvað með staðsetningu fyrirtækisins? Flestir velja að vera með slíka þjónustustarfsemi í Reykjavík frekar en að vera úti á landi eins og þið. Er ekkert verra að vera staðsettir í uppsveitum Árnessýslu?

„Staðsetningin hér er einmitt helsti kosturinn. Við erum hér miðsvæðis í stórum hring þar sem flestir okkar viðskiptavina eru með sína starfsemi. Við þurfum ekki að fara mikið út fyrir þennan hring. Við förum jú í Borgarfjörðinn og stundum áleiðs norður í land ef svo ber undir. Við förum líka til Reykjavíkur, en borgin er meðal okkar viðskiptavina. Svo er það Hveragerði og svæðið hér í kring. Ég held ég geti alveg fullt að við þjónustum þetta svæði mjög vel.

Nú erum við með yfir 90% af markaðnum í sölu á áburði fyrir gróðurhús. Um 80% af markaðnum er hér á svæðinu á hringnum um Flúðir, Reykholt, Laugarás.

Það hentar því mun betur að vera með lagerinn hér í Miðfellshverfinu rétt við Flúðir frekar en að vera í Reykjavík.“

#### Ef eitthvað vantar þá er því reddað strax

Gunnar segir að það sé líka ýmislegt annað sem vinnst með því að vera með starfsemi úti í sveit.

„Ef bændur verða uppiskroppa með áburð eða annað og þurfa strax meira, þá reddum við því bara strax. Innan fárra klukkutíma erum við mættir með áburð eða hvað annað sem vantar. Við erum með lager fyrir allt það helsta, öll vökvunarkerfi, áburð, mold og annað sem til þarf. Endurskoðandinn skammaði okkur reyndar fyrir að vera með svo stóran lager, en við lítum svo á að það sé hluti af okkar þjónustuhlutverki. Að varan sé til þegar menn þurfa á henni að halda.“

#### Sjá sjálfir um flutningana

„Við leggjum einnig mikið upp úr því að sjá um alla flutninga sjálfir til að þurfa ekki að reiða okkur á flutningafyrirtæki sem hafa kannski

ekki tíma þegar við og okkar viðskiptavinir þurfum á vörunum að halda. Við fylgjum svo vörunum alla leið og kíkjum í kaffi hjá bændunum í leiðinni og erum þannig í góðu sambandi við okkar viðskiptavini.

Þá er flutningur heim í hlað innifalinn í öllu verði hjá okkur, menn fá engan aukareikning fyrir slíkt,“ segir Gunnar.

– Getið þið samt boðið vöruna frá ykkur á góðu verði?

„Já, allavega hefur keppinautunum í Reykjavík ekki tekist að skáka okkur.“

#### Lífrænar varnir með flugi einu sinni í viku

„Við erum líka að flytja inn lífrænar varnir og það koma sendingar til okkar einu sinni í viku frá Hollandi með flugi. Þessu er keyrt út til kaupenda sama dag og sendingin kemur.

Vörurnar afgreiðum við allar sjálfir og við förum hringinn þrjá til fjóra daga í viku svo garðyrkjubændur fá vörurnar fljótt afgreiddar.“

#### Mjög viðtæk þekking í fyrirtækinu

„Þá skiptir líka máli að við sem störfum hér erum allir búnir að starfa meira og minna í garðyrkjunnunni. Sjálfur er ég útskrifaður garðyrkjufraeðingur og var búinn að vera mikið að starfa í gróðrarstöðvunum í Hveragerði. Svo réðum við Magnús Ágústsson, fyrrverandi ráðunaut hjá RML, í vinnu til okkar í um 50% starf. Þannig erum við bara fjórir sem komum að þessum rekstri, Reynir, Magnús, Jónas og ég. Það er samt mjög viðtæk þekking á ræktun í fyrirtækinu og öllu sem því viðkemur. Einnig eru komin mjög góð tengsl við alla okkar birgja í Hollandi og víðar,“ segir Gunnar Th. Gunnarsson.

## BÆNDUR & BÚALIÐ

Efnagreining ehf fer snemma í jólafrí

Öll sýni sem eiga að ná afgreiðslu fyrir jóla þurfa að berast fyrir

**3. desember**

Við þökkum okkar góðu viðskiptavinum ánægjuleg samskipti á árinu og óskum ykkur alls hins besta á aðventunni, jólunum og á nýju ári



Efnagreining ehf, Hvanneyri ■ efnagreining@efnagreining.is  
sími 661 2629

### Lely Center Ísland

### DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## RAFÓS ehf rafverktakar

Freyjunesi 10, 603 Akureyri  
Sími: 777 1802  
Email: rafos@rafos.is  
Erum einnig á facebook

Tökum að okkur öll verkefni sem við kemur rafiögnum, hvort sem er viðhald, viðbætur eða nýlagnir fyrir fyrirtæki, iðnað eða almennan notanda.

Rafós er löggiltur rafverktaki með reynslu í óháðri ráðgjöf og uppsetningu hleðslustöðva. Setjum upp allar gerðir hleðslustöðva fyrir einstaklinga, sameignir og fyrirtæki.

Ef búnaður er ekki fyrir hendi, þá veitum við ráðgjöf við val á búnaði miðað við þarfir.



## BETRA START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM


Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða pontun@olis.is og fáið nánari upplýsingar.








## UTAN ÚR HEIMI



Höskuldur Ari Hauksson starfaði í fjármálagæiranum erlendis í um 20 ár áður en hann og kona hans, Sara Hauksson, fóru að þróa sig áfram með víngerð í Sviss þar sem framleiðslan vex frá ári til árs. Myndir / ehg



# „Mikilvægt að **vínin** endurspegli náttúruna á svæðinu“

Erla Hjördís  
Gunnarsdóttir  
ehg@bondi.is



Höskuldur Ari Hauksson og kona hans, Sara Hauksson, búa ásamt sonum sínum tveimur, Elíasi og Bjarka Jóni, í Hüenenberg See í kantónunni Zug í miðhluta Sviss þar sem þau rækta vínvið til vínframleiðslu og leggja aðaláherslu á Pinot Noir-þrúguna.

Á rúmlega fimm hektara svæði fá þau í kringum 40 tonn af þrúgunum til að vinna úr árlega og hefur framleiðslan vaxið jafnt og þétt á þeim sex árum sem þau hafa verið í framleiðslu.

„Ég fór út til framhaldsnáms í stærðfræði í Kaliforníu 1994 og hef lítið búið á Íslandi síðan. Eftir námið hóf ég störf í fjármálagæiranum og vann þar í tæplega 20 ár. Fyrsta starfið mitt var í Zürich þar sem ég

kynntist konunni minni en leiðin lá svo fljótlega til London þar sem við bjuggum í sjö ár. Eftir London tók við stutt stopp á Íslandi áður en við fórum aftur til Sviss. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á víni og byrjaði árið 2013 að framleiða vín heima í þvottahúsinu hérna í Sviss.“

## Jarðvegur eins og í Búrgund-héraði

Eftir að Höskuldur fór að þróa sig áfram með víngerðina fyrir sex árum komst hann fljótt á bragðið og hefur áhugamálið nú orðið að atvinnu fyrir hann og fjölskylduna.

„Í upphafi keypti ég um eitt tonn af Pinot Noir þrúgunum á ári. Þetta áhugamál varð svo einhvern veginn alltaf stærra en 2015 tók ég við fyrstu ekrunni minni í Gordemo í Ticino í ítölskumælandi hluta Sviss. Í byrjun árs 2017 voru svo ákveðnar breytingar hjá mér í starfi og í framhaldi af því ákvað ég að fara út í vín-



Fjölskyldan fer eins varlega með þrúgunar og þau geta og nota eins fá bætiæfni og mögulegt er.



Höskuldur að störfum við að koma þrúgunum í hús, sem eru viðkvæmar og meðhöndla þarf af gætni.

rækt í fullu starfi. Ég tók við fyrsta býlinu mínu í Remigen í Aargau í Norðurhluta Sviss vorið 2017 og

svo við öðru býlinu skammt frá í Döttingen síðastliðið vor.“ útskýrir Höskuldur og segir jafnframt:

„Við erum núna með fimm og hálfan hektara af vínviði sem gefur af sér 30 til 40 tonn af þrúgunum ár hvert. Ég erfði frá forverum mínum mjög margar mismunandi tegundir af vínviði. Síðastliðið sumar unnum við að því að einfalda þetta mikið og fækkuðum frá 16 niður í 10 tegundir en aðaláherslan er á Pinot Noir. Við erum með sama jarðveg og Búrgund-héraðið í Frakklandi og því hentar þessi þrúga ákaflega vel fyrir okkar svæði.“

## Einfaldar aðferðir

Það er að ýmsu að huga í framleiðslunni og þó að mesta yfirlegan og umhyggjan fyrir ræktunarsvæðunum sé á vorin, sumrin og fram á haustið er þetta vinna allt árið, að sögn Höskuldur.

„Á veturna þurfum við að klippa vínviðinn og gera við víravirkið sem vínviðurinn vex á, auk þess að huga að tækjum og tólum. Veturinn nota ég gjarnan líka til þess að fylla á og til að vera í sambandi við viðskiptavinina okkar. Náttúran fer svo aftur í gang í apríl og yfir sumarið þurfum við að sjá til þess að vínviðurinn vaxi upp eftir víravirkinu, að berin fái nóg sólarljós, að verja vínviðinn gegn syklingum og slá grasið,“ segir Höskuldur og bætir við:

„Í lok september fer svo uppskeran í gang og vinnan í kjallaranum í kjölfar þess. Þegar vinnin eru búin að gerjast þá pressum við skinnin frá vinninu og fyllum það svo á eikartunnurnar. Skinnin eru síðan notuð til þess að búa til kompost samkvæmt lífefldum aðferðarfræðum og hann svo borinn út á ekrurnar. Við reynum að nota eins einfaldar aðferðir og við getum við víngerðina. Við nýtum villta gerilinn sem er til staðar á ekrun-





Það er greinilegt að fleiri en mannfólkið hafa áhuga á þrúgum og vingerð Höskuldur og fjölskyldu!

um okkar til þess að gerja vínin. Eins reynum við að láta allt grugg falla náttúrulega út úr vínunum til þess að komast hjá því að sía þau. Aðalatriðið er að þau fái ró og næði til þess að þroskast og að þau endurspegli náttúruna á staðnum þar sem þau uxu.“

**Mjúk og þægileg vín í sölu**

Þau hjónin selja vínin sín í Sviss og á Íslandi en hægt er að nálgast þau í Heiðrunu á Höfðanum í Reykjavík og í gegnum vínklúbb sem þau hjón halda úti.

„Vínklúbburinn gefur okkur tækifæri á að selja til einstaklinga beint af býli og þar hafa klúbbfélagar aðgang að öllum þeim vínunum sem við framleiðum. Þar fyrir utan seljum við vínið okkar líka í Danmörku og Þýskalandi og núna nýverið komum við því inn í flotta vínverslun í nágrenni Bordeaux í Frakklandi,“ segir Höskuldur og þegar talið berst að vinnunni við að selja vöruna er hann fljótur til svars:

„Markaðssetningin gengur ágætlega og við fáum yfirleitt góðar viðtökur. Það er hins vegar erfitt hvað vínin okkar eru enn þá ung. Til dæmis þurfa góð Pinot Noir-vín oft nokkur ár til þess að verða mjúk og þægileg en við þurfum að selja þau núna til að koma veltunni í gang. Hérna erlendis þekkja neytendur það vel að þeir þurfa oft að liggja á vínunum í einhver ár áður en þeir neyta þeirra en það er minna um þessa vitund heima á Íslandi.“

**Nútímalegur vingerðarstíll**

Höskuldur lítur björtum augum á framtíðina og eru þau hjónin hvergi bangin að þróa sig áfram með framleiðsluna sem á hug þeirra allan.

„Við erum að breyta yfir í líffeldra ræktun þar sem áherslan er á að gera ekrurnar okkar að heilnæmu vistkerfi með heilbrigðum jarðvegsbakteríum og laust við öll eitrefni. Við vonumst eftir jákvæðum áhrifum á gæði vörunnar með þessum breytingum,“ útskýrir Höskuldur og segir jafnframt:

„Framleiðsluaðferðirnar í kjallaranum eru líka að þróa. Við förum eins varlega með þrúgurn-

ar og við getum og notum eins fá bætiefni og mögulegt er. Þar fyrir



Árið 2015 tók Höskuldur við fyrstu ekrinni sinni í Gordemo í Ticino í ítölskumælandi hluta Sviss og eins og sjá má er svæðið afar fallegt.

utan gerjum við núna öll hvítvínin okkar á skinninu til þess að fá meira

bragð, kröftugri lit og betri gæði. Þetta er nútímalegur, mínímalískur

vingerðarstíll og markaðurinn fyrir slík vín er í örum vexti.“



**CLAAS dráttarvélar – Augljós valkostur**

Fjölbreytt lína CLAAS dráttarvéla frá 75 til 530 hestöfl tryggir bændum og verktökum vél við sitt hæfi.

Ríkulegur staðalbúnaður og aukabúnaður sniðin að þörfum hvers og eins.

Hafið samband við sölumenn okkar og kynnið ykkur framúrskarandi nýjungar í CLAAS línunni.



- CLAAS Arion 510-550
- 125-165 hp 4 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 150 l LS vökvafæði
- Fullfjaðrandi öikumannshús



- CLAAS Arion 610-660
- 135-205 hp 6 strokka
- Hexactiv vökvaskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 120 - 150 l LS vökvafæði
- Fullfjaðrandi öikumannshús



- CLAAS Axion 810-960
- 205-445 hestöfl
- Hexactiv girskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 - 220 l LS vökvafæði



- CLAAS Arion 410-460
- 90 - 140 hestöfl. QuadriShift eða Hexashift
- Panoramic öikumannshús
- Framúrskarandi aðbúnaður og útsýni
- 60 l - 110 l LS vökvafæði

**29,5% landsmanna lesa Bændablaðið**

Lestur Bændablaðsins: 20,4% í höfuðspá, 45,6% í innviðum, 29,5% í myndum og myndböndum.

**Bændablaðið Hvar auglýsir þú?**

Sími 563 0200 / Netfang: bla@bendi.is / bla.is

**Bændablaðið Kemur næst út 5. desember**

**VÉLFANG VERKIN TALA**

Gylfahlöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is





## BÆNDUR & BLÓMARÆKT

Blómabændur vilja snúa vörn í sókn til að styrkja samfélög á landsbyggðinni þrátt fyrir harðan mótbyr:

# Telja að afnám tolla á blómum geti leitt til hruns í blómarækt á Íslandi

– segja mikinn tvískinnung felast í því að flytja svo inn blóm með þotum um langan veg frá Suður- Ameríku og Afríku

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Íslenskir garðyrkjubændur hafa verulegar áhyggjur af framvindu mála varðandi orkuverð og tollvernd á blómum sem mjög er sótt að. Engan bilbug er samt á þeim að finna og eru bændur ákveðnir í að sækja fram og auka blómaframleiðslu til að mæta innanlandsþörfinni.

Blómabændur í Garðyrkjustöðinni Espiflöt í Reykholti í Bláskógabyggð eru í sóknarhug þrátt fyrir áhyggjur og hyggjast hefja stækkun á stöðinni næsta sumar sem vonast er til að verði tekin í gagnid haustið 2020. Með stækkuninni verður framleiðslan aukin og vonast eigendur til að með því verði allavega haldið í horfinu í blómaræktinni í landinu.

Axel Sæland og eiginkona hans, Heiða Pálrún Leifsdóttir, tóku við rekstrinum af foreldrum Axels, þeim Sveini A. Sæland og Áslaugu Sveinbjarnardóttir, en árið 2013 urðu þau meirihlutaeigendur í stöðinni. Sveinn og Áslaug starfa þó enn við blómaræktina í Espiflöt.

### Svigrúm til að stækka en orkukostnaður vex

„Það er svigrúm fyrir hendi á markaðnum til að stækka stöðina og framleiða enn meira,“ segir Axel. Hann segir að það hafi þó komið þeim illa á síðasta ári að dregið var úr stuðningi ríkisins til að mæta hækkandi dreifingarkostnaði á raforku. Upphaflegi samningurinn við ríkið hafi miðað við allt að 94% niðurgreiðslu á flutningskostnað. Það hafi farið niður í 62% á síðasta ári sem þýði milljónir í aukinn kostnað fyrir stöðina.

### Einokunarstaða á orkuflutningsmarkaði

Samkvæmt gögnum Orkustofnunar ríkir einokunarstaða á flutningi raforku þar sem landinu er skipt upp á milli nokkurra orkuflutningsfyrirtækja. Segir Axel að þannig „eigi“ RARIK landsbyggðina, að slepptum Vestfjörðum, suðvesturhorninu, Árborg, Vestmannaeyjum, Akureyri og Reyðarfirði. Veitur

„eigi“ höfuðborgarsvæðið að stórum hluta, en HS Veitur „eigi“ Reykjanesskaga, Hafnarfjörð, Álftanes og syðri hluta Garðabæjar, Árborg og Vestmannaeyjar. Orkubú Vestfjarða hefur síðan „einkarétt“ á dreifingu á Vestfjörðum, Norðurorka á Akureyri og Rafveita Reyðarfjarðar „á“ þéttbýlið við Reyðarfjörð. Frelsi hins almenna raforkunotenda og fyrirtækja til að velja á milli orkuframleiðslufyrirtækja hefur því harla lítið að segja þar sem mestu hækkunirnar hafa verið í flutningi á orkunni.

### Innflytjendur blóma- og grænmetisinnflytjendur sjaldan verið eins herskárir gagnvart íslenskum garðyrkjubændum og nú.

Sveinn er enn ötull í félagsstörfum fyrir garðyrkjubændur og brennandi áhugamaður í hagsmunagæslu greinarinnar. Hann segir að á þeim 40 árum sem hann hafi sinnt þessum málum þá hafi blóma- og grænmetisinnflytjendur sjaldan verið eins herskárir gagnvart íslenskum garðyrkjubændum og nú. Þeir leggi nú hart að yfirvöldum að afnema þá innflutningstolla sem enn eru á blómum og beri við skorti, m.a. á túlþönum. Herförin núna hafi byrjað er Axel svaraði því játandi í fjölmiðlaviðtali í vor að íslenskir blómabændur gætu annað markaðnum.

Í dag eru 30% tollar og 95 krónu stykkjaverð á sumar tegundir innfluttra blóma. Síðan er kvóti sem boðinn er út. Við gerð EES samningsins við Evrópusambandið var samið um niðurfellingu á nokkrum tegundum blóma eins og nellikum í skiptum fyrir niðurfellingu á tollum á fiski til ESB landa. Því eru ekki tollar í gildi yfir alla línuna eins og ætla mætti af umræðunni. Þetta hafði töluverð áhrif á framleiðslu íslenskra blómabænda sem reyndu að mæta þessu með framleiðslu á öðrum tegundum.

Auk þess eru tvískvar á ári boðnir út tollkvótar til að mæta eftirspurn þeirra blóma sem ekki eru til í nægu magni á hverjum tíma frá innlendum framleiðendum, eða eru yfir höfuð ekki ræktuð hér á landi. Allir geta sótt um þessi leyfi og ef eftirspurn fer umfram framboð eru leyfin boðin hæstþjóðanda. Það hefur sjaldan komið til útboða síðustu 11 ár þar sem umsóknir hafa verið færri en framboð og umsækj-



Axel Sæland umkringdur blómum sem eru á leið í verslanir.

Myndir / HKr.



Áslaug Sveinbjarnardóttir garðyrkjubóndi, eiginkona Sveins og móðir Axels, á blómaverkstæðinu í Espiflöt.



Maggý kunnir augljóslega hvert einasta handtak.



Helga sá um að pakka vöndunum inn samkvæmt kúnstarinnar reglum.

endur því í þeim tilfellum ekki greitt gjald fyrir innflutningsleyfin. Sú vara hefur þá komið inn á 30% tollum. Það er einnig opin og tollfjáls innflutningur á öllum grænum greinum, berjagreinum o.fl., sem ræktað er í Evrópu.

### Loford við finnska blómabændur hélt ekki vatni

Sveinn segir að íslenskir garðyrkjubændur hafi fylgst vel með hvað hafi gerst þegar tollar voru aflagðir á blómum við inngöngu Finnlands í Evrópusambandið 1995 og þegar þeir gengu í myntbandalag Evrópu 1. janúar 1999. Evran var svo tekin upp í ársbyrjun 2002. Við inn-

gönguna hafi því verið haldið fram að finnskir bændur þyrftu ekkert að óttast vegna styrkja ESB við framleiðslu á norðlægum slóðum. Raunin varð hins vegar sú að þrátt fyrir fullyrðingar um stuðning, þá gátu finnskir bændur ekki keppt við flóðbylgju innflutnings á ódýrri fjöldaframleiðslu sem þangað hafi komið í gegnum viðskiptaleiðir í

Evrópusambandinu. Þær vörur hafi síðan jafnvel komið frá láglaunlöndum í öðrum heimsálfum. Eða eins og Jyrki Jalkanen hjá samtökum finnskra gróðurhúsabænda sagði í grein á vefmiðlinum Fresh Plaza:

„Þeir gátu ekki keppt við ódýr blóm frá Afríku.“

### Finnskir, norskir og danskir blómabændur voru neyddir til að hætta

„Framleiðsla finnskra garðyrkjubænda lagðist einfaldlega af, þeir réðu ekki við innflutninginn. Í Noregi, sem er í EFTA eins og við, héldu bændur lengi í vonina um að geta haldið áfram sinni blómaframleiðslu. Vegna samninga Norðmanna varðandi þróunaraðstoð við þróunarlöndin voru sett inn ákvæði um að fella niður alla tolla á blómum. Það var liður í þróunaraðstoðinni. Þar með var blómaframleiðendum í Noregi fornað og nú eru blóm flutt beint inn til Noregs frá Afríku. Við vitum því alveg hvað muni gerast verði

## Hægt að framleiða hvaða jurtir sem er á Íslandi



Sveinn A. Sæland segir að það séu í raun engin takmörk fyrir því hvað hægt sé að framleiða á Íslandi. Hér séu allir grunnþættir til staðar eins og vistvæn orka og hreint vatn og með ylrækt hafi verið sýnt fram á að hægt sé að framleiða nánast hvað sem er, eins og banana.

„Ég fullyrði að það eru engin takmörk fyrir því hvað við getum framleitt. Við getum búið til hér hvaða aðstæður sem er,“ segir Sveinn.

„Það er þó alltaf þannig að við erum líka með fullt af skemmtilegum tegundum á heimsmarkaðnum sem borgar sig ekki að rækta hér vegna takmarkaðrar sölu. Maður skilur samt vel að viðskiptavinir og kaupmenn vilji sjá þessar vörur á markaðnum til að auka fjölbreytni. Slíkar vörur verður aldrei hægt að framleiða hér á hagkvæman hátt.“

Þeir feðgar Sveinn og Axel telja að hlutdeild íslenskrar blómaframleiðslu á markaðnum hér sé um 70–80%. Í sumum tegundum sé markaðshlutdeildin jafnvel nær 100%, eins og í rósum, sem eru mjög viðkvæmar í flutningi.

## Einstakar aðstæður á heimsvísu

„Í skýrslu Vífils Karlssonar um íslenska garðyrkju, sem fjallað var um í síðasta tölublaði Bændablaðsins, var fjallað um ódýru raforkuna, kolefnissporið og hreina vatnið sem menn voru ekki svo mikið að tala um hér áður.“

Aðgengi að hreinu vatni þykir orðin mikil sérstaða í heiminum í dag. Fyrir utan notkun á hreinu vatni í blómarækt, þá skiptir það gríðarlegu máli í grænmetisrækt og annarri matvælaframleiðslu. Svo ekki sé talað um jarðhitavatnið okkar og framleiðslu á koltvísýringi fyrir ylræktina með vistvænum hætti. Við ráðum því yfir fjórum helstu þáttunum til að framleiða hér heilnæmustu vörur sem völ er á í heiminum. Tal núna um að gera Íslands að matvælaheimsins, er af þessum sökum ekki eins fjarstæðukennt og það virðist í fljótu bragði hljóma. Þetta er alls ekki svo galin hugmyndafræði ef lítið er til þess að Ísland er sennilega eina landið í heiminum sem er með alla þessa fjóra grænu umhverfisþætti sem nauðsynlegir eru fyrir svona ræktun,“ segir Sveinn.





Cristina að meta útlitið.



Eva Ösk í blómahafi.



Silvie raðar saman í blómvönd.



Julian setur á vagna fyrir flutning.



Jiri Balin að mata skurðarvél.

tollar að fullu afnumdir varðandi blómainsflutning til Íslands. Viðskiptamenn í Hollandi fara þá létt með að slátra okkar litla markaði hér. Það eru menn sem eru mjög harðir í viðskiptum og við sáum hvernig þeir tóku á þessum málum í Danmörku fyrir allmörgum árum. Þeir fóru þá í að keyra daglega inn í Danmörku með trukkafarma af blómum og buðu niður verð þar til dönsku framleiðendurnir gáfust upp. Eftir að samkeppnin var horfin var mönnum í lófa lagið að skrúfa upp verðið aftur á innfluttu vör- unni," segir Sveinn.

#### Ekki fræðilegur möguleiki að keppa við tollfrjálsan innflutning

- Er þá enginn vafi í ykkar huga um að íslenskir blómabændur muni ekki lifa af við fulla niðurfellingu á tollum af blómainsflutningi?

„Nei, það er ekki fræðilegur möguleiki," segir Axel.

„Við tollaniðurfellingar vegna EES samningsins datt nelliukframleiðslan alveg út hjá okkur. Við vorum áður með 500 fermetra undir slíka ræktun. Það var útilokað að keppa við tollalausán innflutning.“

#### Gríðarhátt kolefnisspor af innfluttum blómum

Axel benti líka á í viðtali í vor að kolefnisspor vegna flutnings á blómum milli landa skipti líka máli. Kolefnissporið við innflutning á blómum sé gríðarlega hátt. Þarna sé auk þess um ferskvöru að ræða sem þoli ekki flutning í lengri tíma með skipum. Því sé flogið með þetta og að stórum hluta í tveim áföngum alla leið frá Afríku og Suður-Ameríku.

#### Heitt vatn og lífrænar varnir í stað eiturefna

Annar þáttur í innflutningi á blómum til landsins varðar hreinleika. Á Íslandi eru mikið notaðar lífrænar varnir til að verjast snikjudyrum og ekki er heimilt að nota mörg eiturefni sem þekkjast víða í slíkri ræktun, t.d. í Afríku og Suður-Ameríku. Á Espiflöt eru til að mynda um 99% varna sem notaðar eru við framleiðsluna lífrænar.

„Við notum 11 tegundir nytjadyra til að halda niðri meindýrum. Jarðvegurinn okkar er sóthreinsaður með hvervatni án nokkurra aukaeftna," segir Axel.

Útlendingum sem komið hafa í garðyrkjjustöðina Espiflöt hefur verið stýrt á þær aðferðir að sótt-hreinsa moldina með jarðhitavatni og það án nokkurra eiturefna.

#### Innfluttu blómin oft þakin í eiturefnum

Blóm sem flutt eru til Íslands koma venjulega í gegnum markað í Hollandi. Það segir hins vegar ekkert um hvar blómin eru ræktuð. Þekkt er að heilu flugvélaframarnir eru fluttir frá ríkjum í Afríku og Suður-Ameríku til áframsölu á hollenskum markaði. Þessi blóm eru oftan en ekki ræktuð við afar misjafnar aðstæður þar sem nauðsynlegt þykir að verja ræktunina með sterkum eiturefnum.

„Við þetta erum við svo að

keppa. Varan sem Hollendingarnir eru svo að framleiða sjálfir fer nánast öll á lokaðan nærmarkað í Evrópu. Þeir eru ekki að flytja hana heimshornanna á milli. Blómin sem verslað er með á milli landa koma m.a. frá Suður-Ameríkurnum Kólumbíu og Ekvador og síðan frá Tansaníu, Kenía og Eþíópíu sem eru öflugust í þessari framleiðslu í Afríku.“

#### Tvískinnungur í umræðunni

Telja feðgarnir að þessi staðreynd sýni mikinn tvískinnung í umræðunni. Margir innflytjendur tali gjarnan um að þeir beri hag neytenda fyrir brjósti þegar þeir vilja flytja inn sem ódýrasta vöru. Þá sé alveg horft framhjá því að verið sé að flytja inn blóm með þotum um langan veg frá Suður-Ameríku og Afríku.

Ítrekað hefur komið fram í úttektum Alþjóðlegu vinnu-málastofnunarinnar (ILO), Alþjóðabankans (The World Bank) og fleiri að landbúnaðarverkaforli þar eru oft borguð smánarleg laun og þurfa að vinna við afar slæmar aðstæður. Sums staðar hefur verið bætt úr aðstæðum fólks en víða er staðan enn slæm. Auk þess er verið að framleiða þau blóm með aðstoð eiturefna sem bannað er að nota á Íslandi. Við þá framleiðslu er svo verið að nota mikið vatn á svæðum þar sem fólk hefur jafnvel ekki tryggt aðgang að nægu drykkjarvatni. Allt er þetta svo gert til að mæta miklum arðsemiskröfum innflytjenda og til að sinna lúxusþörfum neytenda á Íslandi.

#### Alvarleg staða vegna eiturefnanotkunar

Þessu til staðfestingar var í síðasta tölublaði Bændablaðsins greint frá nýlegri rannsókn Tækniháskólans í München sem staðfesti gríðarlegan skordýradauða um 30 til 70% vegna eiturefnanotkunar. Rannsóknir hafa sýnt svipað ef ekki verri ástand í Frakklandi og auk þess gríðarlegan frugladauða.

Í skýrslu sem kom út í sumar er vísað í gögn Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um innflutning á varnarefnum til Afríku árinu 2016. Þar kemur fram að flutt voru inn til álfunnar 111.690.000 tonn af ýmsum varnarefnum það ár. Þar af voru nærri 51 þúsund tonn af hinu umdeilda breiðvirka gróðureyðingarefni Glyphosate IPA 41% SL, nærri 26 þúsund tonn af Paraquat 200 g/L SL sem sérstaklega er ætlað fyrir matjurtaræktun, og rúmlega 10 þúsund tonn af Glyphosate 30%.

Samkvæmt glænýrri skýrslu International Food Policy Reserch Institute (IFPRI) frá 14. nóvember sl. þá mun eftirspurn eftir mat og öðrum landbúnaðarafurðum í Austur- og Suður-Afríku þrefaldast til nífaldast á næstu 30 árum. Það mun þýða stóraukna notkun á varnarefnum eins og skordýraeitri. Vöxtur í garðyrkju er nú mun hraðari en ráðleggingar sérfræðinga gerðu ráð fyrir. Það þýðir að menn horfa nú þegar upp á stóraukið heilsutjón vegna notkunar á eitruðum hjálparefnum í landbúnaði. Bent er á staðfestar upplýsingar frá Lusaka og Maputo þar um.

#### Virðisaukandi störf og samfélagsleg áhrif í hættu

- Nú snýst þetta ekki bara um líf eða dauða blómabænda á Íslandi. Það snýst væntanlega líka um samfélagsleg áhrif á byggð víða á landsbyggðinni og hvaða byggðastefnu menn vilja reka á Íslandi. Skiptir þá einhverju máli að þið frekar en aðrir séuð að skapa verðmæti og störf úr íslenskri orku og

ná í virðisauka sem annars færi til útlanda?

„Þessi garðyrkjjustöð er að skapa 14 bein störf hér í samfélaginu fyrir utan afleidd áhrif. Í heild er blómaframleiðslan í landinu líklega að skapa hátt í hundrað störf auk afleiddra starfa sem eru gríðarlega mörg. Fyrir mörgum árum var gerð úttekt á því að megavatt í rafmagni sem notað er í garðyrkju skapar margfalt fleiri störf en raforka sem

notuð er í álverum. Hér í Espiflöt erum við að nota rúmt megavatt. Garðyrkjan í Reykholti skiptir Rarik því töluverðu máli og fyrirtækið reisti hér stóra spennistöð fyrir nokkrum árum og eru nú að þjóna okkur mjög vel hvað varðar dreifingu á raforku. Þá er verið að taka hér inn orku frá 9,9 megawatta Brúarvirkjun sem HS orka er að reisa. Sú orka kemur beint inn á þessa spennistöð og stóreykur orkuöryggi svæðisins.“

## Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri hjá Húsasmiðju og Blómavali:

# Vill að menn setjist niður og endurskoði tolla á blómum

– segist samt ekki skrifa upp á að það verði allir tollar á blómum felldir niður

**Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar og framkvæmdastjóri Blómavals, telur að full þörf sé á að endurskoða tolla á innfluttum blómum. Hann segist hafa fullan skilning á að það þurfi að vernda stöðu bænda, en hún þurfi þá að vera á réttum forsendum.**

„Ég hef aldrei verið talsmaður neins annars en að íslenskir blómabændur eigi rétt á sjálf-sagðri vernd með sína framleiðslu. Ég er hins vegar mjög ósáttur við það hvernig sú vernd hefur verið toguð og teygð langt út yfir allt velsæmi og bitnar á neytendum fyrst og síðast.“

#### Tollar eru bara skattur fyrir ríkissjóð og gjald fyrir neytendur

„Stór hluti af tollum á pottaplöntum er til dæmis algjör fjarstæða. Það eru nánast engar stofublóma-pottaplöntur ræktaðar á Íslandi. Það kostar mig 200 krónur að flytja inn hvert stykki í tollkvóta fyrir utan 30% toll. Þetta er ekki að vernda nokkurn einasta mann. Þetta er bara skattur fyrir ríkissjóð og gjald fyrir neytendur sem eru sem betur fer að kaupa pottaplöntur í mjög ríkim mæli í dag. Enda er þetta mikil tiskuværa og það ætti að vera blómaframleiðendum og bændum mikið gleðiefni, en ríkið notfærir sér þetta.“

Mér finnst að í þessum málum sé verið að blanda saman óskyldum hlutum," segir Kristinn.

Hann segir að undir slíkan toll falli þó ekki pottaplöntur sem eru yfir metri á hæð, enda hafi þær aldrei verið ræktaðar á Íslandi. Síðan einstaka tegundir eins og orkídea og tegundir sem alls ekki eru ræktaðar hér.

„Um 80–90% af grænum plöntum allt að metri á hæð eru háðar uppboði á tollkvóta. Það er alltaf beðið um fleiri plöntur í innflutningi en kvótamagnið segir til um. Það þýðir að við verðum alltaf að fara í uppboð.“

Birgir Birgisson í Bröttuhlíð í Hveragerði er líklega eini pottaplöntuframleiðandinn í dag og er aðallega í blómstrandi plöntum. Fjarlægðarverndin þar er alveg nóg. Ég get svo sem flutt blómstrandi pottaplöntur í gámum



Kristinn Einarsson.

til Íslands en þær yrðu bara orðnar ónýtar þegar þær kæmu til landsins.“

#### Fjarstæða að vera með tolla á túlípána

„Svo er þetta með blóm eins og túlípána. Það er fjarstæðukennt að halda því fram að það séu til túlípánar hjá íslenskum framleiðendum á þessum tíma árs. Svo þarf að bera niðurfellingu á gjöldum af túlípönum undir einhverja nefnd. Það er búin að liggja inni beiðni um heimild til að flytja inn túlípána, en því var hafnað á þeim forsendum að það væru til túlípánar í landinu. Samt fæ ég ekki túlípána á Íslandi. Menn verða að horfa á það líka að þessi atvinnugrein er ekki síður mikilvæg en blómabændur. Ef við fáum ekki vörur til að selja þá getum við ekki þrífist.“

- En nú er verið að rækta túlípána t.d. hjá Gísla Jóhannssyni í Dalsgarði í Mosfellsdal?

„Já, en fyrstu túlípánarnir koma á markaðinn um miðjan desember og síðustu túlípánarnir koma á markað í apríl og byrjun maí. Þess á milli eru engir túlípánar á íslenskum markaði. Ég er búinn að vera í þessum bransa í 36 ár og ég þekki ekki þann ræktanda sem hefur verið með túlípána yfir sumarið. Ég hef í sjálfu sér engan áhuga á að flytja inn túlípána á sumrin og myndi ekki gera það. Af hverju eru menn þá svo hræddir við að fella niður tollana af þessu þegar enginn er að rækta þetta?

Tollvernd verður að vera tollvernd, en hún á ekki að vera tekjustofn fyrir ríkið, eða vera til vegna duttlunga einhverra einstaklinga.

Ég held hins vegar að íslenskir blómabændur óttist það að ef túlípánar yrðu frjálsir undan tollum, þá myndi salan á þeim bitna á þeirra sumarframleiðslu. Þá verða menn líka að segja hvað þeir eru að meina.“

#### Vill ekki leggja niður tolla á öllum blómum

- Hvað með þau rök blómabænda að ef tollar verða lagðir niður þá sé greinin dauðadæmd?

„Það á alls ekki að leggja niður tolla á rósum, gerberum eða krisantemum sem sannanlega er verið að rækta hér innanlands. Ég er ekki talsmaður þess. Það á samt ekki að notfæra sér það að hafa tolla og tollkvóta á tegundir sem ekkert eru ræktaðar hér. Þetta hækkar auðvitað vöruverðið til neytenda og það verður erfiðara fyrir okkur að selja vörur og reka verslunina. Af hverju eru bændur að fagna þessu? Af hverju leggjast þeir ekki á árar með okkur um að fella þetta niður?“

#### Tollamálin verði endurskoðuð

-Svo þú vilt að menn setjist niður og endurskoði þessi tollamál?

„Auðvitað, það er einmitt það sem Ólafur Stephensen er að biðja um. Ég ætla samt ekki að skrifa upp á að það verði allir tollar á blómum felldir niður. Ég myndi aldrei gera það, því það er auðvitað hagur fyrir okkur að fá íslenska framleiðslu. Það er bara aldrei nokkur maður sem talar við okkur verslunarmennina. Það er gott og blessað að það sé verið að vernda bændur, en það er eins og það skipti ekki máli að verslun eins og okkar, sem er búin að vera til í tæp 50 ár á Íslandi, þurfi líka að lifa. Ég er með tugi manna í vinnu og það eru ábyggi-lega ekki mikið færri að starfa í blómaverslunum en í blómabændum. Við þurfum líka að huga að því að atvinnugrein eins og þessi hafi einhverja möguleika. Þetta finnst mér að bændur þurfi að skilja," segir Kristinn Einarsson. /HKr.



## MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Vinnu lokið við stóran hluta aðgerðaráætlunar fyrir matvælaframleiðsluna sem samþykkt var á Alþingi í júní:

# Ætlað að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti fyrir skömmu hagsmunaaðilum framgang aðgerðaráætlunar til að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðslu. Þar kom fram að vinnu við stóran hluta áætlunarinnar er nú lokið.

Aðgerðaráætlunin var samþykkt á Alþingi í júní síðastliðnum og er sett fram í 17 liðum. Í kynningu ráðherra kom fram að þegar væri lokið við vinnu á stórum hluta þeirra og meðal þeirra helstu séu eftirfarandi: að nauðsynlegt sé að framvísa viðbótartryggingum þegar kalkúnakjöt, kjúklingakjöt og egg eru flutt til landsins, dreifing á alifuglakjöti er bönnuð nema sýnt sé fram á að ekki hafi greinst kampýlóbakter í því, áhættumatsnefnd hefur verið stofnuð, innleiðing EES-reglugerða er hraðari þegar stöðva þarf innflutning á tilteknum vörum með skömmum fyrirvara og heimilt er að leggja stjórnvaldssektir á matvælafyrirtæki sem brjóta gegn banni við dreifingu alifuglakjöts án vottunar.

Aðgerðaráætlunin samanstendur af eftirfarandi 17 atriðum eins og þau birtast í þingsályktun Alþingis 19. júní síðastliðinn:

### 1. Innleiddar verði viðbótartryggingar gagnvart innfluttu kalkúnakjöti, kjúklingakjöti og eggjum.

Við íslenska matvælaframleiðslu er staðið mjög vel að fyrirbyggjandi aðgerðum til að tryggja að matvæli menguð af salmonellu berist ekki á markað. [...] Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera kröfu um að vottorð um sýnatöku og rannsókn fylgi hverri sendingu af framangreindum afurðum. [...]

### 2. Óskað verði eftir viðbótartryggingum vegna innflutts svínakjöts og nautakjöts.

Sambærilegt kerfi viðbótartrygginga og lýst er í 1. lið er einnig til staðar vegna svínakjöts og nautakjöts en Noregur, Finnland og Svíþjóð hafa þegar fengið slíkar viðbótartryggingar. Mikilvægt er að vinna með Matvælastofnun að nauðsynlegum undirbúningi umsóknar um slíkar viðbótartryggingar fyrir Ísland. [...]

### 3. Bönnuð verði dreifing alifugla-



Kristján Þór Júlíusson.

### kjöts nema sýnt sé fram á að ekki hafi greinst kampýlóbakter.

Nauðsynlegt er að tryggja sterka stöðu Íslands þegar kemur að vörnum gegn kampýlóbakter-sýkingum. Mikilvægt er að í lög um matvæli, nr. 93/1995, verði fest ákvæði um að óheimilt sé að dreifa ómeðhöndluðum sláturafurðum alifuglakjöts á markaði nema sýnt sé fram á að kjötið sé frá eldihópum sem ekki eru sýktir af kampýlóbakter, eins og lagt er til í framangreindu frumvarpi. Unnt verði að sýna fram á slíkt t.d. með vottorði úr sýnatöku eldihóps eða við slátrun eða með því að leggja fram sönnur fyrir viðeigandi meðferð sláturafurðanna sem leiðir til þess að magn kampýlóbaktters minnki verulega eða eyðist algætt.

### 4. Sett verði á fót áhættumatsnefnd.

Mikilvægt er að setja á fót áhættumatsnefnd sem mælt er fyrir um í lögum um matvæli, nr. 93/1995, og lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994. Hlutverk nefndarinnar verði að veita og hafa umsjón með framkvæmd vísindalegs áhættumats á sviði matvæla, fódurs, áburðar og sáðvöru. Áhættumat nefndarinnar verði notað á sviði matvæla, fódurs, áburðar og sáðvöru til þess að stuðla að bættari áhættustjórnun og vera til ráðgjafar í tengslum við stefnumótun yfirvalda í fyrrgreindum málaflokkum. [...]

### 5. Átak verði gert til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.

Á síðari árum hefur ónæmi gegn sýklalyfjum farið vaxandi í heiminum sem gerir meðferð ýmissa



Frá kynningu á framgangi aðgerðaráætlunarinnar í Þjóðminjasafninu.

sýkinga erfiða, kostnaðarsama og í sumum tilvikum ómögulega. Sýklalyfjaónæmi á Íslandi hefur verið umtalsvert minna vandamál en í nálægum löndum.

Í apríl 2017 skilaði starfshópur tillögum til heilbrigðisráðherra um varnir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Stýrihópur með skipuðum fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis auk sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis hefur þegar tekið til starfa og hefur það hlutverk að framfylgja stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Stýrihópurinn hefur nú þegar skilað tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra sem vinna að framgangi þeirra.

Ísland ætlar að vera í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. [...]

### 6. Tryggt verði skjótari innleiðing reglugerða Evrópusambandsins þegar stöðva þarf innflutning á tilteknum vörum með skömmum fyrirvara.

Mikilvægt er að tryggja að gerðir Evrópusambandsins um takmarkanir á frjálsum flæði matvæla, fódurs, áburðar og sáðvöru vegna sjúkdómahættu fyrir menn, dýr eða plöntur öðlist gildi hér á landi á tilsetum tíma þegar ekki tekst að þýða þær í tæka tíð. Með því verði tryggt að reglur um innflutning dýraafurða frá þriðju ríkjum séu uppfærðar í tæka tíð til að koma megi í veg fyrir innflutning afurða sem ekki eru taldar öruggar.

### 7. Innleidd verði reglugerð (EB) nr. 206/2009 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu.

Mikilvægt er að vinna að upptöku og innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 206/2009 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu. Með henni verða sett skýr ákvæði um hvaða vörur og afurðir farþegar mega taka með sér á milli landa og í hvaða magni og jafnframt hertar reglur um innflutning kjöt- og mjólkurafurða farþega frá löndum utan EES og þeim verður almennt óheimilt að flytja þessar afurðir með sér til landsins.

### 8. Opnberum eftirlitsaðilum verði tryggt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á matvælafyrirtæki sem brjóta gegn banni við dreifingu alifuglakjöts án sönnunar fyrir því að ekki hafi greinst í því kampýlóbakter.

Með framangreindu frumvarpi verður Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga veitt heimild til þess að leggja stjórnvaldssektir á matvælafyrirtæki sem brjóta gegn ákvæði 6. mgr. 8. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, og reglugerðum settum

á grundvelli laganna. Þannig verði lögð áhersla á ábyrgð matvælafyrirtækja á því að tryggja að matvæli á markaði séu örugg.

### 9. Tryggt verði aukin fræðsla til ferðamanna um innflutning afurða úr dýraríkinu.

Talið er að hætta sé á að sjúkdómsvaldar flytjist til landsins með matvælum og klæðnaði ferðafólks. Sú hætta er þegar til staðar og því mikilvægt að farþegar til landsins fái fræðslu um góða sjúkdómastöðu íslenskra búfjárstofna og hversu viðkvæmir þeir eru fyrir nýju smiti. Fjármagn verði sett í átak og þannig sé brýnt fyrir fólki sem hingað kemur, jafnt Íslendingum sem erlendum ferðamönnum, hvað beri að varast varðandi matvæli og klæðnað svo sem alþekkt er í löndum sem hafa hliðstæðar áherslur að þessu leyti.

### 10. Settur verði á fót sjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlendra matvælaframleiðslu.

Til að efla nýsköpun og þróun í innlendra matvælaframleiðslu er lagt til að settur verði á fót sjóður með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarinnar og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Talið er að með sameiningu sjóðanna megi efla og styrkja nýsköpunar- og þróunarumhverfi atvinnugreinanna. Til að ná því markmiði verður aukin fjármagn sett í slíkan sjóð. Tryggt verði að hlutfallsleg skipting fjármagns til þessara atvinnugreina verði með sambærilegum hætti og nú er.

### 11. Innleidd verði innkaupastefna opinberra aðila á matvælum.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um innkaupastefnu matvæla fyrir ríkisaðila. Markmið stefnunnar er að tryggja neytendum matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluhátta og umhverfisáhrifa. Innkaupastefnan tekur mið af því að opinber innkaup matvæla stuðli að minnkun kolefnisspors við framleiðslu og flutning. Stefnunni var í kjölfarið vísað til ráðherranefndar um matvælastefnu sem mun hafa það hlutverk að innleiða stefnuna. Mikilvægt er að fjármagn verði tryggt til innleiðingar stefnunnar.

### 12. Mótun verði matvælastefna fyrir Ísland.

Verkefnisstjórn um mótun matvælastefnu fyrir Ísland hefur þegar hafið vinnu sína. Tilgangur stefnunnar er að draga fram þær áherslur stjórnvalda að Ísland eigi að verða leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum ásamt því að móta framtíðarsýn, markmið og tillögur að aðgerða-

áætlun til að innleiða í íslenskt atvinnulíf og stjórnkerfi. [...]

### 13. Ráðist verði í átak um betri merkingar matvæla.

1. febrúar sl. var undirritað samkomulag um þátttöku í átaki um betri merkingar matvæla. Aðilar samkomulagsins eru sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin, Samtök verslunar og þjónustu, Félag atvinnurekenda og Samtök iðnaðarins. Markmið átaksins er að tryggja rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla. [...]

### 14. Könnuð verði þróun tollverndar og greind staða íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptumhverfi.

Til að greina stöðu landbúnaðar er talið mikilvægt að kanna annars vegar þróun tollverndar og hins vegar stöðu íslensks landbúnaðar í alþjóðlegu viðskiptumhverfi. Nefndin leggur áherslu á að þeirri vinnu verði lokið haustið 2019.

### 15. Tekið verði til skoðunar að setja á fót sérstakan tryggingasjóð vegna tjóns sem framleiðendur geta orðið fyrir vegna búfjárjúkdóma.

Skóða þarf þann möguleika að setja á fót sérstakan tryggingasjóð vegna tjóns sem framleiðendur geta orðið fyrir vegna búfjárjúkdóma. Í því samhengi verði litið til nágrannaríkjanna og mögulegra úrræða innan Evrópusambandsins og þeirra úrræða sem nú þegar eru í boði fyrir bændur sem verða fyrir tjóni af völdum búfjárjúkdóma.

### 16. Tollskrá fyrir landbúnaðarvörur verði endurskoðuð.

Mikilvægt er að endurskoða tollskrá fyrir landbúnaðarvörur með það að markmiði að flokka betur og nákvæmar en nú er gert allan inn- og útflutning og auka þannig skilvirgni. Nefndin leggur áherslu á að þeirri vinnu verði lokið haustið 2019.

### 17. Ráðist verði í átak um aukin eftirlit í kjölfar afnáms leyfisveitingakerfisins.

Ráðist verði í sérstakt átaksverkefni í fjóra mánuði eftir að framangreint frumvarp verður að lögum. Að fjórum mánuðum liðnum verði tekin afstaða til hvernig framgangur eftirlitsins hefur verið. Komi í ljós miklar brotalamir á eftirliti er mikilvægt að fyrirkomulag þess verði endurskoðað frá grunni. Þar verði lögð sérstök áhersla á sýnatökur og að skoða vottorð vegna salmonellu og kampýlóbakter og tíðni skyndiskodana aukin samhliða því. /smh

## Nútíma músavarnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



**Söluastaðir**

- Bústólpi
- Fóðurblandan
- Kaupfélag Borgfirðinga
- Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
- Verslunin Eyri
- Vélavali



**STREYMI**  
heildiverslun

Streymi heildiverslun ehf. S 588 2544  
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is  
603 Akureyri V www.streymi.is



# Ný heimasíða og vefverslun Dynjanda

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði og aðstoðum vinnustaði og einstaklinga um hvað hentar þeirra þörfum. Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



**65** *1954-2019*  
**DYNDJANDI**  
allt fyrir öryggi

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | [dynjandi.is](http://dynjandi.is)

## Ertu að byggja eða endurnýja glugga?

**Prefalt gler. Tré og eða álklæddir gluggar.**  
**Hafðu samband og við gerum þér tilboð.**

**VANDADIR GLUGGAR**

1. Trérammi.
2. Orkusparandi prefalt gler.
3. UV-þolinn silicon þétting.
4. Glerþéttlisti.
5. Eftirgefánleg þétting.
6. Álguggalistar að neðan.
7. Endalok á lista EPDM.
8. Viðbótarþétting.
9. Öryggislæsing.



**Búvís**  
Akureyri - Sími 465 1332  
[www.buv.is](http://www.buv.is)

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300

# KONI

**Demparar fyrir þá kröfuhörðu!**  
Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.  
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær  
Sími: 480 0000 • [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is) • [sala@aflvelar.is](mailto:sala@aflvelar.is)

Framúrskarandi fyrirtæki



**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)

**Eignatorg**  
Skiptólf 50b, 105 Reykjavík

**Lely Center Ísland** **SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR**



Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.vbl.is](http://www.vbl.is)  
Akureyri: Öðinsnes 2 - Sími 464 8600

**Bændablaðið kemur næst út 5. desember.**  
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

## HUSQVARNA JARÐVEGSÞJÖPPUR GÆDI Í GEGN Á GÓÐU VERÐI




**MHG Verslun ehf.**  
Víkurbær 8 - 203 Kópavogi  
S. 544-4656 [www.mhg.is](http://www.mhg.is)

**Husqvarna LP 7505**  
Jarðvegsþjappa (Rúllu)  
Þjoppubýngd 1001kg  
Breidd 75cm

**Husqvarna LF 75 LAT**  
Jarðvegsþjappa  
Þjoppubýngd 97kg  
Plata 50x57cm  
Til í mörgum stærðum

**Husqvarna LG 300**  
Jarðvegsþjappa  
Þjoppubýngd 265kg  
Plata 60cm breidd

**Husqvarna LT 6005**  
Hoppari  
Þjoppubýngd 69kg  
Plata 23x33cm





# Mikill áhugi hjá ungu fólki að flytja í Húnaþing vestra

— Hvanneyringurinn Ragnheiður Jóna stýrir sveitarfélaginu sem nýr sveitarstjóri

Sveitarfélagið Húnaþing vestra er blómlegt hérað með fagra strandlengju og víð heiðarlönd. Það nær í suðri frá miðri Holtavörðuhéiði og Arnarvatni norður Strandir að Stíkuhálsi og að Gljúfurá í austri sem skilur sveitarfélagið frá Austur-Húnavatnssýslu. Sveitarfélagið var stofnað árið 1998 við sameiningu hinna sjö gömlu hreppa Vestur-Húnavatnssýslu og árið 2012 stækkaði það með sameiningu þess við fyrrum Bæjarhrepp í Strandasýslu. Íbúar sveitarfélagsins eru 1200 og er Húnaþing vestra næststærsta sveitarfélagið á Norðurlandi vestra.

Húnaþing vestra er staðsett miðsvæðis á milli Reykjavíkur og Akureyrar, þjóðvegurinn liggur í gegnum héraðið og því samgöngur og flutningsleiðir mjög greiðar. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir tók við stöðu sveitarstjóra í sumar en hún settist niður með blaðamanni til að segja frá sjálfri sér, sveitarfélaginu og fyrirhuguðum framkvæmdum þar.

## Ólst upp á Hvanneyri

Ragnheiður er fædd í Reykjavík en flutti á Hvanneyri í Borgarfirði þegar hún var þriggja ára og er alin upp þar. Foreldrar hennar eru Ingimar Einarsson og Anna Kristinsdóttir. Hún á þrjár systur, þær Guðrúnu, Ingibjörgu Eyðísi og Kristínu Erlu. Ragnheiður á tvo syni, Arnar Inga, sem er smiður og bóndi á Þverá í Öxnadal, og Rúnar Inga sem er matvælafræðingur og starfar hjá Matvælastofnun, svo á hún tvo ömmustráka í Öxnadal.

„Ég bjó lengi á Akureyri og starfaði þar m.a. sem menningarfulltrúi hjá Eyþing í 10 ár. Árið 2017 flutti ég til Reykjavíkur og starfaði sem framkvæmdastjóri afmælisnefndar fullveldis Íslands þar til í byrjun árs 2019 og fram á vor 2019 var ég verkefnaáðin hjá forsætisráðuneytinu þar sem ég sinnti verkefnum í tilefni 75 ára afmæli Lýðveldisins,“ segir Ragnheiður.

## Þrír þéttbýliskjarnar

Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu en það eru Hvammstangi, Laugarbakki og Borðeyri. Hvammstangi er stærstur þeirra með um 600 íbúa og þar er að finna alla helstu þjónustu. Um helmingur íbúa sveitarfélagsins býr í dreifbýli og er landbúnaður ein helsta meginstöð í atvinnu á svæðinu.

Húnaþing vestra er eitt gjöfulesta sauðfjárræktarsvæði landsins, með mikil heiðar- og fjalllendi. Kúabúskapur er einnig á svæðinu. Húnaþing vestra er mikið hrossa-ræktarsvæði enda eru á svæðinu glæsileg ræktunarbú sem eftir hefur verið tekið. Ragnheiður segir að ferðaþjónusta sé veigamikil á svæðinu.

„Já, sem dæmi er rekið glæsilegt 56 herbergja hótél á Laugarbakka og fjölmargir minni gististaðir eru í sveitarfélaginu, hver með sína sérstöðu.

Góðir veitingastaðir eru á svæðinu og fyrr á árinu var veitingastaðurinn Sjávarborg á lista Lonely Planet sem einn af bestu stöðunum til að borða á Íslandi og nú í haust var haldin matarhátíðin Réttir á



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra. Hún flutti í sveitarfélagið um miðjan ágúst og segist hafa fengið frábærar móttökur enda sé fólkið það besta við sveitarfélagið. Mynd / Úr einkasafni



Borðeyri er eitt minnsta þorp á Íslandi, fallett þorp með mikla sögu þar sem ferðaþjónusta gengur vel.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Landbúnaður gegnir mikilvægu hlutverki í Húnaþingi vestra, ekki síst sauðfjárræktin þar sem bjartsýni bænda eykst og eykst. Mynd / Eyðis Ósk

Norðurlandi vestra þar sem gafst gott tækifæri til að heimsækja veitingastaði á svæðinu og kom mér á óvart hversu margir þeir eru og

fjölbreyttir. Þá er Selasetur Íslands staðsett á Hvammstanga en það er einstakt á landsvísi og dregur fjölda gesta inn á svæðið. Selasetrið hefur

skylduænt samfélag með hátt þjónustustig og metnaðarfullt starf fer fram í leik-, grunn- og tónlistarskóla. „Aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög góð og mikið framboð af tómsunda- og íþróttastarfi þar sem flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Nýlega var vígð viðbygging við íþróttamiðstöðina sem má segja að sé hjarta samfélagsins, þar er líf og fjör allan daginn og fram á kvöld,“ segir sveitarstjórinn. Þá má geta þess að á Reykjum í Hrutafirði eru reknar skólabúðir þar sem tekið er á móti yfir þrjú þúsund börnum á hverju ári. Þar er líka að finna Bygðasafn Húnavetninga og Strandamanna sem dregur að sér fjölmarga gesti ár hvert.

„Við erum líka með mjög öflugt menningarstarf en gott dæmi um það er Leikflokkur Húnaþings vestra sem setur að jafnaði upp tvær sýningar á ári og á síðasta ári var sýning leikflokksins valin áhugaverðasta áhugamannasýning ársins og fékk af því tilefni boð í Þjóðleikhúsið og sýndi þar tvær sýningar fyrir fullu húsi við góðan orðstír. Menningarfélag Húnaþings vestra stendur fyrir öflugum menningarstarfi allan ársins hring. Fjöldi kóra er starfandi á svæðinu auk annarrar félagsstarfsemi, s.s. ungmennafélög, kvenfélög, hestamannafélag og fleira,“ segir Ragnheiður um leið og hún vekur líka athygli á minningarhátíðinni „Eldur í Húnaþingi“ sem haldin er hvert ár.

## Fimmtán íbúðir í byggingu

Mikil uppbygging á sér stað í Húnaþingi vestra og þarf að fara áratugi aftur í tímann til að sjá viðlíka uppbyggingu. Á síðustu tveimur árum hefur verið sótt um 23 lóðir og hafin er bygging á 15 íbúðum, þar af sex raðhúsaíbúðum sem sveitarfélagið stendur að í gegnum húsnæðisfélagið Bústaði.

„Prátt fyrir þessa uppbyggingu er húsnæðisskortur í sveitarfélaginu og því má segja að staðan sé að mörgu leyti sérstök. Hér eru hús að rísa en ekki fyrir séð að það losni húsnæði á svæðinu þrátt fyrir áður nefndar framkvæmdir. Það húsnæði sem auglýst er til sölu fer hratt og á hagstæðu verði, sérstaklega fyrir seljendur. Hér hefur orðið veruleg hækkun á fasteignamati. En betur má ef duga skal og huga þarf að áframhaldandi uppbyggingu á húsnæði í sveitarfélaginu því ljóst er að áhugi er hjá ungu fólki að flytja í Húnaþing vestra. Börnum hefur fjölgað í sveitarfélaginu og er skólahúsnæðið sprungið og á næsta ári verður byggt við grunnskólann og þá fara tónlistarskóli og grunnskóli undir sama þak sem verður til þæginda fyrir krakkana,“ segir Ragnheiður.

## Einhleypar konur byggja sér einbýlishús

Það vekur athygli hvað íbúum í Húnaþingi vestra er að fjölga mikið, sem hljóta að vera mjög ánægjulegar fréttir fyrir sveitarstjórnann og alla aðra íbúa sveitarfélagsins.

„Já, það er rétt, okkur fjölga og fjölga, í sumar fór íbúafjöldinn yfir 1.200 og hafa ekki fleiri verið íbúar í sveitarfélaginu síðan 2011. Ungu fólkið hefur verið að flytja heim aftur og gaman að segja frá því að

fengið fjölda viðurkenninga og nú síðast vann það fyrstu verðlaun Evrópusamtaka menningarferðaþjónustuaðila (ECTN) í flokki óáþreifanlegrar arfleifðar.“

## Fjölmargar náttúruperlur

Fjölmargar náttúruperlur eru í Húnaþingi vestra, sem draga að sér gesti, og þar má t.d. nefna Hvítserk, Kolugljúfur og Borgarvirki og gaman er að segja frá því að í tengslum við hátíðina „Eldur í Húnaþingi“ eru þar haldnir tónleikar sem fjölmargir listamenn hafa komið fram á. Söguslóðir draga líka að sér fjölmarga gesti en Bjarg í Miðfirði er fæðingarstaður Grettis sterka og nú er vinsælt að fara á söguslóðir Náðarstundar. Þá eru þekktar laxveiðiar í sveitarfélaginu.

## Fjölskylduænt samfélag

Á Hvammstanga er þjónustukjarni sveitarfélagsins þar sem finna má alla helstu þjónustu. Ragnheiður segir að Húnaþing vestra sé fjöl-



hér eru þrjár ungar, vel menntaðar einhleypar konur að byggja sér einbýlishús. Þær sjá tækifæri í að flytja heim og það sýnir okkur hversu mikilvægt er að leggja áherslu á fjölbreytt atvinnulíf, opinber störf og störf án staðsetningar, með því gefst ungu fólki tækifæri til að snúa heim að námi loknu," segir Ragnheiður.

### 23 flóttamenn frá Sýrlandi

Ragnheiður segir að hluta af fjölgun íbúa megi einnig rekja til þess að fyrr á árinu tók Húnaþing vestra við 23 flóttamönnum frá Sýrlandi og hefur aðlögun þeirra gengið vonum fram. Börnin aðlagast vel í skóla og leikskóla og fullorðnu einstaklingarnir eru nánast allir komnir í vinnu. „Þetta sýnir manni að samfélagsgerðin er sterk, þjónusta góð og samfélagið tekur vel á móti manni.“

### Íþróttirnar skipta miklu máli

Nýlega var vígð viðbygging við Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Með tilkomu viðbyggingarinnar er aðstaða í Íþróttamiðstöðinni orðin hin besta og þjónusta við íbúana hefur aukist verulega. Anddyrið var stækkað og móttaka og aðkoma gesta orðin góð. Aðstaða til íþróttaiðkunar hefur batnað verulega með góðum þrekkæjasal með einstöku útsýni yfir fjörðinn og nýjum tækjum og búnaði. Einnig er minni salur sem gefur möguleika á að vera með hóptíma og fjölbreyttar æfingar.

„Markmiðið er að koma til móts við fjölbreyttan notendahóp á öllum aldri. Aðstaða starfsfólks og kennara hefur batnað sömuleiðis. Góð áhaldageymsla er í húsinu auk þess sem geymslupláss hefur aukist. Aðgengi fyrir fatlaða hefur verið bætt með tilkomu lyftu og nýrrar snyrtingar fyrir fatlaða, einnig er nýtt dómaraherbergi með sturtuadstöðu. Eldri búningaástanda var tekin upp að hluta, loftræsting og myndavéla-kerfi endurnýjað. Þessar breytingar skapa ný tækifæri til að halda stærri íþróttaviðburði og hægt er að bjóða íþróttafélögum um land allt upp á fyrirtaks aðstöðu fyrir æfingahelgar og mótshald,“ segir sveitarstjórinn.

### Bjartsýnir bændur

Húnaþing vestra er mikið sauðfjárræktarhérað þannig að verðhrunið 2016 og 2017 hafði meiri áhrif á bændur í sveitarfélaginu en mörg önnur héruð en hins vegar hefur afurðaverðið farið aðeins upp á við aftur síðustu tvö ár og bjartsýni bænda með.

„Það er mikið af ungu fólki búið að fjárfesta í bújörðum á undanförunum árum og hér í sveitarfélaginu er minnst fækkun barna í dreifbýli sem gefur góð fyrirheit um bjarta framtíð búskapar í Húnaþingi vestra,“ segir Ragnheiður.

### Vatnsvegurinn er mál mállanna

Samgöngumál eru ofarlega á baugi hjá ykkur, hvað er að fréttá á þeim vettvangi?

„Já, það má segja að mál mállanna hér sé Vatnsnesvegurinn og hefur hann verið mikið í fjölmiðlum að undanförunum. Íbúar í kringum Vatnsnesið hafa notað ýmsar leiðir til að koma ástandi vegarins á framfæri og nýverið komust þeir í fjölmiðla þar sem þeir leituðu til ferðamanna um að vekja athygli á bágu ástandi vegarins og hafa myndir undir myllumerkinu #vegur711 verið áberandi á samfélagsmiðlum. Með aukinni umferð eykst hætta á slysum verulega og hefur lögreglan lýst yfir áhyggjum af því. Vegurinn er mjór, nánast einbreiður á köflum. Ofaníbúður farinn, svikulir vegkantar og gríðarleg umferð sem mælingar sýna að eykst með hverju ári,“ segir Ragnheiður og bætir við. „Skólabörn fara ekki varhluta af slæmu ástandi vegarins því vera þeirra í skólalífum hefur lengst um 40 mínútur á dag vegna



Einn af hápunktum Ragnheiðar Jónu, sem framkvæmdastjóri afmælisnefndar fullveldis Íslands, var þegar Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók á móti sérstökum fullveldisfernum af mjólk, sem var afrakstur samstarfs afmælisnefndar fullveldis Íslands og Mjólkursamsölnunar. Fernurnar prýddu sex mismunandi textar og myndskreytingar um markverða atburði sem áttu sér stað á árinu 1918. Ragnheiður Jóna er lengst til hægri á myndinni.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Vatnsvegurinn er mál mállanna í samgöngumálum í Húnaþingi vestra enda vegurinn nánast ófær þegar ástandið er sem verst. Vanlíðan og bílveiki skólabarna má rekja til slæms ásigkomulags vegarins. Mynd / Ragnheiður Jóna

þessa. Vanlíðan og bílveiki má rekja til slæms ásigkomulags vegarins. Hluti af því að tryggja áframhaldandi búsetu í dreifðum byggðum er að stjórnvöld forgangsraði í samgönguáætlun út frá akstursleiðum skólalífreiða.“

Sveitarstjórinn segir að Vatnsnesvegurinn sé lífæð í ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra og skiptir ástand hans og annarra vega að fjölsóttum ferðamannastöðum því miklu máli fyrir ferðaþjónustuna.

„Hvítserkur, eitt helsta kennileiti á Norðurlandi vestra, er við Vatnsnesveg og veginum niður að Hvítserk þarf t.d. að loka hluta úr ári vegna ástands og legu hans sem hefur skapað mikla hættu á Vatnsnesveginum. Einnig er mikilvægt að lagfæra vegi að öðrum fjölsóttum ferðamannastöðum, s.s. að Kolugili og Borgarvirki,“ segir Ragnheiður.

### Þjóðvegur 1 er eini malbikaði vegurinn

Ragnheiður Jóna þreystir ekki á að ræða samgöngumálin og brynir röddina hér.

„Í stuttu máli má kannski segja að eini malbikaði vegurinn í Húnaþingi vestra sé Þjóðvegur 1 auk nokkra vegspotta. Í Húnaþingi vestra eru um 170 km af tengivegum malarvegir á móti 15 km sem eru malbikaðir. Nýlega var kynnt endurskoðuð samgönguáætlun sem við bundum miklar vonir við að Vatnsnesvegurinn kæmist inn á, sem og hann gerði, en þó ekki fyrir en á þriðja tímabili, sem er eftir 10–13 ár. Því er baráttunni fyrir betri Vatnsnesvegi langt frá því lokið. Við munum halda áfram að vekja athygli á ástandi vegarins og hvetja til að hann verði færður fram á fyrsta tímabil áætlunarinnar. Það er að verða lífsspursmál fyrir íbúa og gestina okkar að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.“

### Atvinnumálin eru mikilvæg

Atvinnumál er eitt af stærri áherslumálum Húnaþings vestra en Ragnheiður segir að leggja þurfi áherslu á fjölgun opinberra starfa, uppbyggingu aðstöðu og fjölgun starfa án staðsetn-



Mikið er byggt í sveitarfélaginu og fólki fjölgar og fjölgar sem vill eiga heima í Húnaþingi vestra. Mynd / Húnaþing vestra

að þeirri uppbyggingu með sveitarfélaginu, t.d. með flutningi opinberra starfa á svæðið. Í sveitarfélaginu er góður grunnur til frekari atvinnuuppbyggingar, lóðir eru til staðar, þjónustustig hátt og landfræðileg staðsetning sveitarfélagsins er góð,“ segir Ragnheiður.

### Borðeyri er verndarsvæði í byggð

Borðeyri tilheyrir sveitarfélagi Ragnheiðar en þar er eitt fámennasta þorp landsins, fallett þorp með mikla sögu. Á Þjóðveldisöld var Borðeyri einn helsti verslunarstaður Íslands og þar blómstraði verslun út 19. öldina og í upphafi 20. aldar en síðan þá hefur margt breyst. Á Borðeyri hefur ferðaþjónusta farið vaxandi síðustu ár og fyrr á árinu staðfesti ráðherra að Borðeyri yrði skilgreint sem verndarsvæði í byggð. Með tilkomu verndarsvæðisins er sérstaða byggðarkjarnans tryggð og skapar tækifæri í frekari atvinnuuppbyggingu í ferðaþjónustu.

„Eins og komið hefur fram er uppbygging í Húnaþingi vestra og ungt fólk vill flytja í sveitarfélagið. Því er mikilvægt að huga að fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu samhliða því og þarf stuðning ríkisins

### Stundar jóga og hugleiðslu

Þegar Ragnheiður er spurð út í áhugamál hennar og hvað hún geri til að kúpla sig út úr amstri dagsins hafði hún þetta að segja;

„Það er nú svo þannig að mér finnst gaman í vinnunni og ég hef áhuga á byggðamálum og menningarmálum. Ég hef líka talsvert skoðað áhrif atvinnuuppbyggingar á sviði menningar á samfélög svo það má kannski segja að vinnan tengist að hluta áhugamálum mínum. Hér er öflugt menningarlíf og fjölmörg tækifæri til frekari þróunar og ég vildi gjarnan að við gætum eflt atvinnustarfssemi á því sviði í sveitarfélaginu. En svona til að hreinsa hugann þá stunda ég jóga og hugleiðslu og eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að fara í gönguferðir um okkar fallega land. En að lokum vil ég segja þetta: Verið velkomin í Húnaþing vestra, við tökum vel á móti ykkur.“

MMH

nettoline
Friform

## Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562-1500  
Friform.is  
Mán.-Fim. 09-18  
Föstudaga 09-17  
Laugardaga 11-15



# Slagur út í loftið

Um þessar mundir er fólk heimskringlunnar í óðaönn að slást við loftið. Hvað er hægt að gera svo ekki fari verr en illa, þegar fram í sækir. Fyrir alla er þetta áskorun en fyrir suma er þetta tækifæri. Líklega er þetta bara spurning af hvaða sjónarhóli maður horfir á það. Komandi kynslóðir munu svo dæma um hvernig til tókst.

Aðgerðir geta verið af ýmsum toga og því ber að fagna. Vissulega greinir okkur stundum á um hversu hentugar og árangursríkar þær eru. Það er allt í lagi, svo lengi sem við gerum eitthvað af öllu þá eru allir ánægðir.

## Fögnum fjölbreytninni

Það er mun meira heillandi að vinna með mörg úrræði en bara fá. Sum munu hafa meiri áhrif en önnur og er þar mikilvægt að taka tímann með í reikninginn. Sem dæmi um aðgerðir sem draga úr losun eru samgöngurnar. Á höfuðborgarsvæðinu er unnið að fjölbreyttu samgöngumynstri þar sem borgarbúar verða hvattir til að nota fleiri samgöngumáta en nú eru einkennandi fyrir borgina, svo sem göngu, hjól, strætó eða rafbíl. Þessu ber að fagna. Það sama á við um aðgerðir til að binda óæskilegar lofttegundir úr andrúmsloftinu. Þar er ýmsum ráðum beitt og munar um þær allar.

## Skógleysið er tækifæri

Það er svo margt skemmtilegt við tré, að það þarf ekkert að fjölyrða um þau. Maður sér það bara á þeim að þau eru öflugt verkfæri til að binda kolefni. Sennilega eru tré áhrifaríkasta verkfærið við loftslagsvandann. Aðgerðin heitir „ljóstillífur“. Allur gróður á þetta sammerkt, en tré eru stærst og þar af leiðandi kolefnisþyrstust, ef svo má segja. Ísland er misvel gróið land. Hálendið er eyðimörk en grösugra er þegar neðar dregur. Til eru tré sem lifa við svo til allar aðstæður Íslands, ýmist dafna eða tóra. Hér á eftir verður fjallað nánar um þær tegundir sem helst hafa verið notaðar í nytjaskógrækt hér á landi, en það eru einmitt þær tegundir sem mest gæti munað um í slagnum við loftið. Flestar rekja þær uppruna sinn til annarra heimshluta en hafa getið sér gott orð hérlandis. Allar hafa þær vaxið hér í minnst 75 ár, sumar meira en öld, og því verður fjallað um þær hér sem íslenskar séu.

## Stafafura þrífst svo til alls staðar

Margar furutegundir hafa verið



Birkið getur vaxið á mjög rökum stöðum, svo sem í mýri.



Í Elliðaárdal eru gömul og stór sitkagreni. Það er sú trjategund sem verður hvað stærst og bindur þ.a.l. mest magn kolefnis yfir vaxtartímann.




Fallegt beinstofna birki innan lerki.

prófaðar hérlandis og ber stafafuran höfuð og herðar yfir hinar. Hún aðlagast vel íslenskum aðstæðum og hefur bæði getið sér gott orð á rýrum melum og meira að segja í deiglendi. Hún á sér fáa náttúrulega óvini hérlandis og hefur veitt skjól og bætt búsvæði fyrir fugla og ferfætlinga. Mörg kvæmi hafa verið prófuð og er „Skagway“ eflaust þeirra þekktast vegna fallets þétt vaxtarlags, en stafafura af Skagway kvæmi hefur skapað sér sess sem eitt vinsælasta íslenska jólatré. Önnur kvæmi eru einnig notuð, oft nefnd innlandskvæmi, en vaxtarlag þeirra hentar mun betur til timburframleiðslu. Eins og áður sagði unnið stafafuran sér vel við íslenskar aðstæður og nær gjarnan að mynda þroskuð fræ eftir um 20 ára aldur. Hún er mjög skilvirk í kolefnisbindingu, svo ekki sé minnst á vistheimtina,

landgræðslu og nytjarnar sem af henni skapast.


## Lerki býr í haginn fyrir birkið

Lerkið sem mest er notað í skógrækt hérlandis er ættað frá Rússlandi. Á norður- og austurhluta landsins þrífst það mjög vel. Af þeim tegundum sem hér eru til umræðu er lerki sú tegund sem unnið sér best á rýrum melum. Lerki er frumherjategund, líkt og birki og fura og býr jafnan í haginn fyrir aðrar plöntur. Þar sem lerkið er svo þrútséigt hefur það gjarnan verið nefnt að það sé „tilvalinn undanfari fyrir birki“, ef ætlunin er að endurheimta birkiskóg. Lerki er gott timburtré en skilyrði til fræmyndunar eru sjaldan til staðar hérlandis svo það sáir sér sjaldan út. Lerki vex tiltölulega hratt og á um 20 árum má gera beitarskóg úr



Íslenskar aðstæður einfaldaðar í einni mynd.

Myndir / HGS



Dæmi um notkun tegunda við íslenskar aðstæður.



Dæmi af Fljótsdalshéraði þar sem lerki hefur breytt rýrum mel í gott beitiland.

landi sem áður var melur. Bundnar eru miklar vonir við kynblending af Rússalerki og Evrópulerki, að nafni Hrymur, sem vex ekki einungis helmingi hraðar en það sem á að venjast, heldur hentar hann einnig fyrir Suður- og Vesturland.

## Sitkagreni vill aðeins það besta

Það á gjarnan við um fyrstu kynslóð skóga (tré sem er gróðursett á berangur) að tré eiga það til að vera fjölstofna og bogin. Greni er sú tegund sem hefur bestu eiginleika til að mynda reglulegan stofn. Það er löng hefð fyrir greni og víða má sjá gamla grenireiti um landið. Nokkrar tegundir af greni hafa verið prófaðar hérlandis en sitkagrenið ber af hvað vaxtarhraða og aðlögun varðar. Grenið vex við ýmsar aðstæður en kann best við sig í hallandi landi. Það gerir kröfur á jarðveg og dafnar til dæmis illa í lyngmóum. Það er algengt að sitkagreni sái sér út á Íslandi, en tré sem það gera eru oft orðin nokkurra áratuga gömul. Viðurinn úr sitkagreni er eftirsóknarverður smíðaviður, enda tré gjarnan beinstofna. Sitkagreni getur orðið æði stórt og ber það af hvað varðar kolefnisbindingu.

## Alaskaösp er kröfuhörð raketta

Áður fyrr var vinsælt að gróðursetja Alkaaspir í heimagarða vegna þess að þær uxu svo vel. Vinsældirnar hafa aðeins dalað í þéttbýlinu þar sem þær vaxa kannski aðeins of vel. Alaskaösp er kannski ekki vinsælasti nágranninn en hún er vissulega frábær kolefnisfangari. Hún skilur aðrar tegundir eftir í rykmecki hvað



Stafafura er vinsælt jólatré. Hér fær hún tækifæri að sá sér út á mel.





Alaskaösp er sú tegund sem bindur mest kolefni á skemmstum tíma. Hún gerir einnig kröfur á jarðveg.

hraða kolefnisbindingar varðar. Hún gerir reyndar kröfur um bestu landgerðina og er því helst til hentug á frjósömu landi, ekki síst því sem búið er að gera frjósamt, t.d. með lúpínu. Ríkur grasmói, áreyrar eða framræst land hentar vel fyrir alaskaösp. Stundum er nefnt að hægt sé að rækta ösp eins og korn á akri og er það að vissu leyti rétt. Hún hefur þann eiginleika að búa til teinung og rótarskot þegar hún er felld. Það hentar mjög vel þegar um endurtekna ræktun er að ræða. Einnig hentar ösp mjög vel í skjólbelti meðfram túnum eða til að stýra vindi. Öspin hefur öðruvísi viðareiginleika en flestar aðrar trjátegundir ræktaðar hérlendis. Hún hefur stærri flísar og er vandmeðfarin hvað þurrkun varðar. Hún er þó afbragðs viður og vel hægt að nýta sem borð og planku.

og með hinar tegundirnar skiptir líka miklu máli að velja rétt kvæmi, svo úr verði skógur en ekki kjarrkræða. Sé það gert getur birki verið gjöful tegund á margan hátt ekki síður en hinar: landgræðsla, útivist, búsvæði margra lífvera, eldivið og smíðavið svo dæmi séu nefnd. Það er duglegast trjáa á Íslandi að sá sér og er því með skilvirkustu tegundum til landgræðslu. Það vex í margs konar landi, jafnvel votlendi en það á ekki síst að vera markmið með endurheimt votlendis að endurheimta viðarmýrar þar sem birki og gulvíðir skapa búsvæði sem glataðist algjörlega hér á landi.

**Viður er gríður**

Það væri gaman að vita hvað framtíðin ber í skauti sér og hvað næstu kynslóðir segja um aðgerðir okkar við loftslagsvánni. Verkfærin eru mörg og við skulum nota þau öll.

*Hlynur Gauti Sigurdsson framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda*

**Birkið er seigt**

Birki verður ekki eins stórvaxið og hinar tegundirnar sem hér eru nefndar og bindur því ekki kolefni úr andrúmsloftinu jafn hratt. Eins



**NAGLADEKKIN EKKERT VANDAMÁL**  
Lakro fimmfaldar slitpolið og gólfið verður hart sem stál  
harka@harka.is www.harka.is

**ARCTIC TRUCKS**  
EXPLORE WITHOUT LIMITS

# JEPPADEKK.IS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29"-44".

**DICK CEPEK**  
TIRES & WHEELS

**nokian**  
HAKKAPELIITTA 44

44" radíal. Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.

kr. 39.900,-

**nokian TYRES**

35" radíal. Frábært negl vetrardekk!

**AT315**

kr. 39.900,-

38" radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.

**AT405**

kr. 49.900,-

**FELGUR**  
Gott úrval Margar stærðir

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

Arctic Trucks Ísland ehf.  
Kletthálsi 3  
110 Reykjavík

Sími Netfang Vefur

540 4900  
info@arctictrucks.is  
www.arctictrucks.is

Bændablaðið

á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

### Atkvæðagreiðsla um samkomulag um starfsskilyrði nautgriparæktar

Atkvæðagreiðsla um samkomulag um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016, sem undirritað var 25. október sl., sem fara átti fram frá 20.- 27. nóvember, hefur verið frestað. Bændasamtök Íslands boða hér með að nýju til atkvæðagreiðslu um samkomulagið.

**Atkvæðagreiðslan mun standa yfir frá kl. 12.00 á hádegi þann 27. nóvember til kl. 12.00 á hádegi þann 4. desember.**

Kosningarétt hafa félagsmenn í Bændasamtökum Íslands sem eru jafnframt með virkt bú í skýrsluhaldi fyrir nautgriparækt. Þá hafa félagsmenn í Landssambandi kúabænda einnig kosningarétt.

Atkvæðagreiðslan mun fara fram með rafrænum hætti og verður aðgengileg á vef Bændasamtakanna [www.bondi.is](http://www.bondi.is).

Hægt verður að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang frá kl. 12.00 á hádegi þann 20. nóvember til kl. 12.00 á hádegi 25. nóvember. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er að finna á vef Bændasamtakanna, [www.bondi.is](http://www.bondi.is)

Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er [kjorstjorn@bondi.is](mailto:kjorstjorn@bondi.is).

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

## Til jólagjafa

**FRÍ HEIMSENDING**  
Á öllum vörum  
**FRAM AD JOLUM**

2019 FyrirmyndarFyrirtæki Íslenski Væðingaráhrif Stærðing

Deerhunter húfa  
**kr. 2.490**

Strike gøngubuxur  
**kr. 11.900**

Merino ullarbolur  
**kr. 6.890**

Merino ullarbuxur  
**kr. 5.890**

Legghlífar  
**kr. 9.995**

Skot vettlingar  
**kr. 7.890**

Sokkar  
**kr. 2.790**

Broddar  
**kr. 7.900**

Alps Bakpokki  
**kr. 13.900**

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)



Ráðstefna um neyslubreytingar og matvælaframleiðslu:

# Fjöldmörg vannýtt tækifæri í nýtingu auðlinda á Íslandi

– ekki síst í betri nýtingu jarðvarmans

Matvælaframlendið Ísland og Landbúnaðarklasinn stóðu fyrir ráðstefnu á Hótel Sögu þriðjudaginn 5. nóvember um þær neyslubreytingar sem eiga sér stað í samfélaginu og möguleg áhrif þeirra á matvælaframleiðsluna í landinu.

Á undanförunum árum hefur umræða um tískastrauma í mataræði, sem hafa gengið yfir hinn velmegandi heim, verið talsvert ofarlega á baugi. Gjarnan er þessi umræða á forsendum lífsstílsbreytinga og heilsufars, en síðferðileg álitamál eru einnig mikilvægur þáttur hennar þar sem áhersla er á umhverfis- og loftslagsmál, auk dýravelferðar. Það hafa orðið neyslu- og lífsstílsbreytingar í takti við þessa umræðu og þær munu líklega verða enn meiri með tímanum.

Matvælaframleiðendur þurfa að taka mið af þessum tíðaranda endamun framtíð landbúnaðar, land- og sjávarnyttjar móttast af honum ásamt fyrirsjáanlegum tækniframförum í matvælaframleiðslu.



Salurinn á Hótel Sögu var þéttsetinn.

Myndir / smh

mikið eða nokkuð. Um þriðjungur sagðist lítið hafa breytt innkaupum í þeim tilgangi og 17 prósent ekkert. Þeim sem vilja borga meira fyrir umhverfisvænar vörur fjölga mjög frá árinu 2010; frá 54 prósentum aðspurðra til um 80 prósentu sem svöruðu á þessu ári.



Friðrik Björnsson er viðskiptastjóri hjá Gallup.

## Um 0,9 prósent eru vegan

Friðrik Björnsson, viðskiptastjóri hjá Gallup, greindi frá nýlegri neyslu- og lífsstílskönnun í fyrirlestri sínum þar sem hann upplýsti um stöðu mála varðandi neyslunum Íslendinga. Þar kom fram að 0,9 prósent landsmanna, 18 ára og eldri, segjast vera vegan (neyta engra dýraafurða), sem mörgum kann að koma á óvart miðað við hversu fyrirferðarmikil sú umræða getur verið í samfélaginu. Reyndar sögðust 33 prósent svaraenda hafa keypt matvöru vegna þess að hún var merkt „vegan“. Fólk virðist skipta sér jafnt í lið, með og á móti vegan-vörum því þrjátíu prósent fólks í könnuninni sagðist almennt ólíklegri til að kaupa matvöru ef hún væri merkt „vegan“. Keto-mataræðið hefur einnig verið talsvert til umræðu í samfélaginu nú um nokkra hríð, en það felst í því að kolvetni er að mestu skorið niður en í þess stað er fita aðallega notuð sem orkugjafi og síðan prótein. Samkvæmt könnuninni segjast þó einungis 4,2 prósent vera á slíku mataræði.

Friðrik segir að hlutfall Íslendinga sem borðar aldrei kjöt hafi lítillega vaxið á síðustu tíu árum. Ungar konur, á aldrinum 18–24 ára, er þar stærsti hópurinn og hefur hann stækkað mjög á síðustu fimm árum.

Þegar svarendur könnunar Gallup voru spurðir hvort þeir hefðu breytt neyslunum sínum í daglegum innkaupum á einhvern hátt gagnert til að minnka umhverfisáhrifin hjá viðkomandi, svöruðu 52 prósent því til að þeir hefðu gert það



Sigurður Markússon, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun.

## Jarðvarminn vannýttur

Sigurður Markússon, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, kynnti hluta af meistaraþrófsverkefni sem hann vann við Cambridge University og fjallar um sjálfbærnivæðingu matvælaframleiðslu og tækifæri Íslands. Hann sagði að ýmis vannýtt tækifæri væru í nýtingu orkuauðlinda Íslands, ekki síst varðandi jarðvarmann. Hann sagði að við stæðum á krossgötum varðandi alla atvinnuuppbyggingu og því hafi hann ákveðið að skoða hvers konar tækifæri liggja í samspili jarðvarma og matvælaframleiðslu. Komið væri að ákveðnum þölmörkum vaxtar í helstu þremur atvinnuvegum þjóðarinnar; stór-íðju, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Komin væri upp mjög sterk krafa um sjálfbærnivæðingu hagkerfisins og þar eigi Íslendingar talsverða möguleika inni varðandi matvælaframleiðslu með aukinni nýtingu jarðvarmans til að mynda og betri nýtingu annarra náttúruauðlinda. Íslendingar séu meðal þeirra þjóða heiminum sem eru allra best settar til matvælaframleiðslu í stýrðu sjálfbærni umhverfi, sem ýmislegt bendi til að sé framtíðin.

Sigurður sagði að jarðvarminn væri tiltölulega óskilvirkur til raforkuframleiðslu ef orkan sem fellur til samhliða í formi hita er ekki nýtt. Verðmætasköpunin í matvælaframleiðslu á Íslandi gæti þannig meðal annars falist í framleiðslu á verðmætum tegundum grænmetis og ávaxta í gróðurhúsum, auk fiskeldis á landi, þörungarræktunar og alls



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

kyns hávirðis vara sem framleiddar væru með hátækniáferðum.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, byrjaði á að tala um matvæli á Íslandi í sögulegu samhengi – bæði vöruþróun og -verð. Hún telur að lambakjötsiðnaðurinn hafi dregist talsvert aftur úr hvað varðar vöruþróun, verðmætasköpun og nýtingu hráefnis – til að mynda í samanburði við fiskúrvinnsluna.

Hún segir að þurfi að móta alveg nýja stefnu og framtíðarsýn fyrir sauðfjárræktina og stjórnun hennar því það gangi ekki að bændur þurfi jafnvel að greiða með framleiðslunni.

## Ræða þarf fæðuöryggi af fullri alvöru

Hvað framtíðina snertir telur Ragnheiður að afar mikilvægt sé að ræða af fullri alvöru um fæðuöryggi; það sé eðlilegt að umræðan snúist um það hvað gerist ef tiltekin aðföng berast ekki til landsins, eins og olía, áburður, fóðurhráefni, fóður og matvæli.

Hún leggur til að sett verði upp framleiðslukerfi nálægt þéttbýli þar sem sameldi eigi sér stað; plönturæktun í lóðréttu hringrásarkerfi með fiskeldi. Tækifæri væru í framleiðslu á mjólk með gersveppum, próteinríkum skordýrum og þörungum til að mynda. Sækja megi um stuðning til Evrópusambandsins fyrir slík verkefni.

Þá nefndi Ragnheiður möguleika á stórskala ylraekt og þörungarræktun á Íslandi þar sem víða væru góð skilyrði til slíkra verkefna.

Áð lokum nefndi hún nokkur atriði sem Íslendingar mættu huga að varðandi það að auka samkeppnishæfni sína; nýta tæknilausnir, huga að stærðarhagkvæmni, nýta betur innviðina og auðlindir eins og jarðvarma, hreint vatn og hreint umhverfi. Auka þverfaglega samvinnu, blása til sóknar og nýta tækifærin sem eru til staðar



Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar.

og fjölga stórum rannsókn- og nýsköpunarverkefnum – ekki síst Evrópuverkefnum til að fá aukna tækniþekkingu og fjármagn.

## Matvælaframleiðendur þurfa að vera á tánum

Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, flutti erindi undir yfirskriftinni Hvað vilja viðskiptavinirnir á morgun? Hún sagði það mjög mikilvægt fyrir matvælaframleiðendur að huga reglulega að nýjungum til að verða ekki undir í samkeppninni. Hún sagði það að minnka matarsóun væri gríðarlega mikilvægt málefni, bæði fyrir matvælaframleiðendur og seljendur matvæla. Krónan hafi einnig í áherslum sínum tekið mið af kröfum um valkosti fyrir þann sístækkandi hóp sem vill hafa minna fyrir innkaupum og eldamennsku; með því til dæmis að bjóða upp á vandaðri tilbúna rétti og auðvelt aðgengi að hráefni sem sé sniðið að fyrirframgefnum matseðlum. Þarna væru tækifæri fyrir framleiðendur því jafnframt væru þetta möguleikar til virðisauka.

Gréta sagði að mál málanna væru umhverfisvernd, lýðheilsa og upplýst val og þess vegna ætlaði Krónan að leita sífellt leiða við að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með þessu mál að leiðarljósi.

Tískubylgjur í mataræði munu, að sögn Grétu, koma og fara – en framleiðendur og verslanirnar þurfi að vera ávallt tilbúin til að bregðast við þeim.



Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor í næringarfræði.

## Varnarleysi barna og ungmenna gagnvart áróðri

Matarvitund og þekking var yfirskrift erindis Önnu Sigríðar Ólafsdóttur, prófessors í næringarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þar velti hún því fyrir sér meðal annars hvort það væri hinn upplýsti neytandi eða áhrifavaldar sem réðu för í mataræði fólks. Samfélagsmiðlar sem fólk fylgdist með gæfi því gjarnan

ranghugmyndir um hvað væri í raun og veru í gangi varðandi tískastrauma í mataræði. Áhrif nærsamfélags fólks á þessum miðlum – sem hefði svipaðar lífsskoðanir og það sjálf – væru það sterk að erfitt væri að líta hlutlægt á málin.

Hún sagði að börn og ungmenni væru sérstaklega varnarlaus gagnvart vel fram settum áróðri. En það væru tækifæri til að sporna við slíkum áhrifum, meðal annars í gegnum tiltekin Evrópuverkefni (eins og We Value Food) sem miða að því að vekja unga neytendur til vitundar um val sitt. Þar sé hráefnisþekking, hollusta og sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Matís hefði tekið þátt í þessu verkefni í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Arni Bragason landgræðslustjóri.

## Landnýting og breytt framtíð

Arni Bragason landgræðslustjóri flutti erindi um landnýtingu og breytta framtíð. Hann sagði að erfðauðlindir, jarðvegur og vatn væru undirstaða fæðuframleiðslu á jörðinni. Íslendingar geti bætt sig heilmikið í umhverfismálum, þeir eigi til að mynda heimsmet í stærð sótspora á hvern íbúa. Hann gerði fyrirsjáanleg vandamál við að fæða jarðarbúa í framtíðinni að umtalsefni, bæði sé fjölgunin gríðarlega ör og auk þess hækkar meðalaldurinn. Segir Arni að spár geri ráð fyrir að árið 2050 þurfi að framleiða um 70 prósent meiri mat en gert sé í dag; á minna landi, við verri aðstæður og með minna af vatni, eiturefnum og áburði.

Hann bendir á að endurskoða þurfi algjörlega nýtingu á áburðaræfnum á Íslandi og segir að í gegnum holrásakerfi höfuðborgarsvæðisins streymi ónýttur áburður sem að magni til sé meiri en allur sá áburður sem notaður er á landinu. Nýting á verðmætum efnem og landsvæðum þurfi að vera betri og áherslur í landbúnaði þurfi að breytast. Til að mynda sé hægt að metta fleiri munna með því að leggja aukna áherslu á kornrækt til manneldis í stað þess að fóðra





Ráðstefnan var vel sótt, en um 100 ráðstefnugestir komu í Bændahöllina til að hlusta á umræðurnar.

búpeninginn með korninu – og síðan borða skepnuna. Kröfur um slíkar áherslubreytingar séu þegar komnar fram og eru áberandi meðal ungs fólks, að sögn Árna – ekki síst í tengslum við loftslagsumræðuna.

Í erindi Árna kom fram að matvælaframleiðsla heimsins byggði einungis á fimm tegundum dýra og 12 korntegundum – brýn þörf væri á að breikka þetta svið og til þess væri hægt að nýta 35 dýrategundir og þúsundir plöntutegunda. Gríðarlegir möguleikar væru til staðar í margs konar ræktun. Efla þurfi rannsóknarstarf til að gera þetta mögulegt – til að mynda hér á Íslandi – en Landbúnaðarháskóli Íslands hafi lengið búið við fjárskort til að geta haldið úti fullnægjandi rannsóknarstarfi. Til marks um það nefndi Árni að ekki væri lengur stundað kynbótastarf með byggyrki. Bændaförystan þurfi að hafa það sem aðaláherslu, varðandi stefnumótun, að efla landbúnaðar-rannsóknir og stuðning við nýsköpun í landbúnaði.

**Þörf á plöntukynbótum**

Árni sagði að plöntukynbætur á Norðurlöndum væru nokkuð öfl-

ugar og margt spennandi að gerast þar en það virtist vera bannorð hér á Íslandi að ríkisstyrkja slíkar rannsóknir. Þó væru þær meira og minna styrktar af ríkinu bæði í Finnlandi og Noregi. Hann sagði að kynbætur á grænmeti væru hér engar – og ekki heldur á öðrum Norðurlöndum. Hollendingar ættu hreinlega það svið.

Árni ræddi aðeins um Gróland, sem er samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Landgræðslunnar, Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda um mat á gróður- og jarðvegsauðlindum Íslands. Þar gæfi fyrsta stöðumat til kynna að ástand beitolanda á vissum svæðum væri langt í frá að vera í lagi – og sums taðar óásættanlegt að sauðfé gengi á þeim svæðum. Rétt væri þó að halda því til að haga að meirihluti svæðanna væri í lagi. Þörf væri hins vegar á því að horfast í augu við að ástandið sé ekki alls staðar í lagi og úr því þyrfti að bæta.

Auk áður nefndra erinda fluttu erindi á ráðstefnunni þær Marit Sommerfelt Valseth, ráðgjafi hjá Innovasjon Norge, um áskoranir og tækifæri í framleiðslu matvæla í landbúnaði (AgriFood Sector),

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá Eflu verkfræðistofu, fjallaði um Matarsporið – kolefnisreikni fyrir máltíðir og Elín M. Stefánsdóttir, stjórnarformaður Mjólkursamsölnunnar, flutti erindið Má bjóða þér kakkalakkamjólk. Þá fjallaði hún meðal annars um framtíðarmöguleika í kúabúskap og mjólkurvinnslu með ýmsum tæknilausnum og hvernig mæta mætti auknum kröfum neytenda til að mynda í umhverfis- og lýðheilsumálum

Ráðstefnan var vel sótt, en um 100 ráðstefnugestir komu í Bændahöllina til að hlusta á umræðurnar. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vef Bændasamtaka Íslands (bondi.is) og þar verða fljótlega upptökur aðgengilegar af erindum hennar.

Landbúnaðarklasinn er samstarfsnet þeirra sem starfa í landbúnaði og tengdum greinum. Matvælaástandið Ísland er samstarfsvettvangur aðila sem starfa í matvælageiranum og innan þess eru Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Íslandsstofa, Matís, Samtök ferðaþjónustunnar, Háskóli Íslands og Mataraudur Íslands. /smh

TOYO TIRES driven to perform | BFGoodrich TAKE CONTROL | MAXXIS®

# JEPPADEKK Í MIKLU ÚRVALI

Reykjavík | Garðabæ | Reykjanesbæ | Akureyri

**NESDEKK**  
561 4200 / NESDEKK.IS

**Bændablaðið**  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á Facebook

**Uppsetning og viðhald á kælikerfum, kæliklefum og frystiklefum. Sala og uppsetning á varmadælum.**

**KÆLIÞJÓNUSTA AKUREYRAR**

Freyjunesi 10, 603 Akureyri Sími 777 1800  
ktak@ktak.is Erum einnig á Facebook

**FLOTFATNAÐUR - fyrir allar aðstæður**

Frístunda- og atvinnufatnaður frá REGATTA

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

**ÍSFELL**  
Ísfell ehf., Óseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
www.isfell.is, isfell@isfell.is

**Lely Center Ísland**

**KEDJUR OG KEDJUVIÐGERÐAREFNI GOTT ÚRVAL**

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Öðinsnes 2 – Sími 464 8600


**Gólfhitakerfi**  
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

**Hringas ehf.**





# Kaktusar og pálmar

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Grasagarðurinn í Valencia á Spáni á sér langa sögu. Í garðinum voru upphaflega ræktaðar lækningajurtir og hann tengdur lækningum. Hann hefur nokkrum sinnum verið fluttur en í dag tengist hann háskólanum í Valencia. Við fyrstu sýn eru kaktusar og pálmar áberandi í garðinum.

Elsta útgáfa garðsins varð til 1567 og í rúm tvö hundruð ár þjónaði garðurinn læknavísindunum sem safn lækningajurta þar sem kennarar fóru um og fræddu nemendur sína um þess tíma skilning á gagnsemi jurta til lækninga.

Fyrsti umsjónarmaður garðsins, Joal Placa, var hvort tveggja prófessor í grasfræði og læknir og var hlutverk hans að hafa umsjón með garðinum og rækta lækningajurtir.

Placa þótti nokkuð heimaríkur í garðinum og árið 1631 fóru fyrirlesarar í lækisfræði og læknar í Valencia fram á að settur yrðu upp annar lækningajurtagarður sem þeir hefðu frjálstan aðgang að ásamt nemendum sínum. Tveimur árum síðar voru tveir aðrir lækningajurtagarðar komnir í ræktun í útjaðri borgarinnar og árið 1684 voru garðarnir orðnir þeir og allir á mismunandi stöðum.

## Landafundirnir og breyttir tímar

Líkt og annað breyttist heimur grasfræðinnar eftir landafundina miklu og siglingar manna um öll heimsins höf. Mikið magn af óþekktum og spennandi plöntum barst til Evrópu og í framhaldi af því breyttust margir lækningajurtagarðar í grasasöfn fyrir framandi plöntur.

Hugmyndin var að rannsaka skyldi allan gróður Drottni og kónginum til dýrðar en ekki bara lækningajurtir.

## Lækninga- og nytjaplöntur

Árið 1802 var ákveðið að setja lækningajurta- og grasagarð borgarinnar undir hatt grasfræði og landbúnaðardeild háskólans í Valencia og sameina garðana í einn. Garðinum var fundið pláss skammt frá skólanum og rétt utan við þáverandi borgarmúra Valencia. Í framhaldi af því voru plöntur úr tveimur lækningajurtagarðunum fluttar á einn stað með ærnum tilkostnaði.

Á saman tíma var starfssvið garðsins aukið og jafnframt því að vera safn lækningajurta var hann tengdur tilraunum á nytjajurtum fyrir landbúnað.

Starfsemi og uppbygging garðsins stöðvaðist þegar Napóleon og hans lið hertóku borgina í nóvember 1811. Þáverandi umsjónarmanni garðsins, Vincent Alfonso



Kaktusar og pálmar setja sterkan svip á El Botánico í Valencia á Spáni.

Myndir / VH.



Kunnuglegur kaktus.



Í garðinum eru 600 tegundir af kaktusum og þykklöðungum sem vaxa utandyra og í gróðurhúsum.


Lorente, var varpað í tukhúsið og hann dæmdur til afhausunar. Hann

fékk þó að halda höfði fyrir atbeina Leon Dufour, sem var læknir og náttúrufræðingur í liði Napóleons. Eftir að hersveitir Napóleons yfir-

gáfu borgina snemma í janúar 1812 var skipt um stjórnanda garðsins. Dufour var látinn víkja og við tók José Pizcueta Dondey. Sagt er að



Anddyrið í inngangi grasagarðsins í Valencia.



Guðað á glugga bromelíuhússins. Bromelíur eru nefndar eftir sænska grasfræðingnum Olaf Bromelius sem var uppi 1639 til 1705.



Flugugleypir af ættkvíslinni Nepenthes í nítjándu aldar gróðurhúsi sem geymir kjötætuplöntur. Lögun plöntunnar vakti áhugaverðar umræður um notagildi hennar.

undir hans stjórn hafi garðurinn náð sínum hæstu hæðum og fjöldi plantna í honum margfaldast og verið um 6.000 þegar mest var.

## Hnignun, órákt og flóð

Á tuttugustu öld fór garðurinn í talsverða órákt vegna vanrækslu í kjölfar tveggja heimsstyrjalda og langvarandi borgarastyrjaldar á Spáni. Garðurinn varð einnig fyrir





Gamall eikarstofn með gati sem hefur er fyrir að gestir garðsins smeygi sér í gegnum. Mynd / Hrefna Hreinsdóttir

verulegu tjóni í stórfloði í borginni árið 1957.

Mikið af bókum um grasafraði, skriflegar heimildir um sögu garðsins og safn þurrkaðra plantna glataðist í flóðinu og margar lifandi plöntur drápuð vegna leðju sem lagðist yfir þær. Þar á meðal allur gróður í niðurgröfnu nítjándu aldar gróðurhúsunum.


Næstu ár fóru í að bjarga því sem bjargað var í garðinum. Árið 1984 féllu mörg há tré í garðinum eða skemmdust illa þegar fellibylurinn hortensía gekk yfir borgina, eins kaldhæðnislegt og nafnið kann að hljóma.

Það var ekki fyrr en árið 1987 að hafist var handa við endurreisn garðsins og húsanna sem honum tilheyrir fyrir alvöru. Garðurinn, El Botanic, eins og hann er almennt kallaður, var aftur opnaður almenn- ingi eftir talsverðar lagfæringar árið 1991. Viðgerðum á húsunum og til- tekt í garðinum lauk þó ekki fyrr en aldamótaárið 2000 með formlegri opnun nýrrar rannsóknaraðstöðu honum tengdum.

Í dag er garðurinn eitt af höfuð- söfnum lifandi plantna sem finnast villtar á Spáni og við Miðjarðarhafið auk þess sem þar er að finna mikið safn þurrkaðra plöntusýnishorna og lifsýna úr plönturíkinu.

**Gróður víða að**

Í garðinum sem skipt er í svæði með ólíkum gróðri er að finna um 4.500 ólíkar plöntutegundir víðs vegar að úr heiminum en við fyrstu sýn eru kaktusar og pálmar mest áberandi.



Vatnaliljur í allri sinni dýrð.

Enda eru þar nálægt 600 tegundir af kaktusum og þykkblöðungum sem vaxa utandyra og í gróðurhúsum. Í heildina er að finna í garðinum um 450 tré sem tilheyrir 250 ólíkum tegundum.

Þegar gengið er um garðinn er á ólíkum svæðum meðal annars að finna söfn sem geyma nytja- jurtir, plöntur sem vaxa í löndum í kringum Miðjarðarhafið, kaktusa og lækningajurtir, alls 27 ólík söfn. Sum þessara safna, eins og til dæmis nytjajurtasafnið, er skipt niður í ólík yrki af vínvið, plöntur til iðnaðar, litunar og skrauts eins og mismunandi yrki af rósum. Sé garðurinn heimsóttur á mismunandi árstímum breytir hann stöðugt um lit og ilm og hljóð vegna fuglalífsins sem breytist eftir árstíðum.

Garðurinn geymir safn um 50 ólíkra sítrustegunda, allt frá venjulegum appelsínunum til sjaldgæfra rótarsorta af greipaldini og mandarínunum.

Elstu lifandi trén í garðinum eru um 180 ára gömul en þar er líka að finna dauðan stofn af gamalli eik með gati í og hefur er fyrir að gestir smeygi sér í gegnum tréð eins og

um endurfæðingu úr skauti Móður jarðar sé að ræða.

Í garðinum er auk gróðurs mikið um villiketti sem hafa fundið sér þar afdrep og ekki annað að sjá en að þeim líði ágætlega innan um plönturnar.

**Gróðurveggur og gróðurhús**

Garðurinn er umkringdur stórum vegg og gengið er inn í hann í gegnum húsasund og auðvelt að missa af innganginum ef maður hefur ekki augun opin þar sem inn- gangurinn er einungis merktur með litlu veggskilti.

Að innan er veggurinn þakinn klifurjurtum og meðfram honum eru einnig stæðilegir bambusar. Í fimm gömlum, litlum og eilítið niðurgröfnum gróðurhúsum frá fyrri hluta nítjándu aldar eru núna hýst brönugrös, bromelíur, kjöt- ætuþlöntur, burknar og viðkvæmir kaktusar og þykkblöðungar.

Nýjasta byggingin í garðinum sem opin er almennungi er svokallað skuggahús. Húsið er stórt og boga- dregið og þakið opið en samt nógu lokað til að þar sé þægilegur skuggi



Forsæluhúsið.



Sítrus og monstera í forsæluhúsinu.



Grænkál ræktað sem vetrargrænmeti í nytjajurtagarðinum.



**Mótorar og varahlutir á lager  
Hröð og góð þjónusta  
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON  
á ÍSLANDI**

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi  
Sími 544-4656 | www.mhg.is


# Loftpressur í hæsta gæðaflokki

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

**Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.**

Bjóðum uppá þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutabjónustu.

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 eða sendu línu á gma@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.







Í tveimur mannvirkjum vantaði brunahólfun á milli vélageymslu og gripahúss.

## Mikilvægi eldvarna í landbúnaði

Eldvarnir í landbúnaði hafa lengi verið í umræðunni og ekki að ástæðulausu. Landbúnaður er stundaður í sveitum landsins og er yfirleitt fjarri þéttbýlisstöðum þar sem sveitarfélög byggja upp starfsemi slökkviliða sinna.

Vegalengdir frá næsta slökkviliði geta verið tugir kílómetra og því getur biðin eftir utanaðkomandi aðstoð orðið ansi löng. Vatnsöflun til slökkvistarfa í dreifbýli er heldur ekki sjálfgefin og víða getur tekið langan tíma að tryggja vatn til slökkvistarfa svo hægt sé að bjarga skepnum og verja mannvirki.

Vegna þessara aðstæðna er alls ekki óeðlilegt að þessi mál séu með reglulegum hætti í umræðunni og einnig til hvaða ráðstafana sé hægt að grípa til að lágmarka áhættuna.

Staða eldvarna í sveitum landsins er án efa með afar misjöfnum hætti. Sums staðar er hún til fyrirmyndar en óviðunandi annars staðar. Þau atriði sem hvað oftast er rætt um í þessu sambandi er óvarið frauðplast í loftum gripahúsa, en allt of víða er þetta alvarlega vandamál enn fyrir hendi. Brunaviðvarnir virðast ekki algengar í gripahúsum. Einnig virðist algengt að brunahólfun á milli vélageymsla og gripahúsa sé ekki sem skyldi.

### Eldvarnaeftirlit

Stórátak þarf til að koma þessum hlutum í lag til að tryggja öryggi skepna sem og lífsviðurværi bænda sem að sjálfsögðu stafar mikil ógn af þessu ástandi verði ekkert að gert.

Sveitarfélögum er skylt að sinna eldvarnaeftirliti samkvæmt 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Mörg sveitarfélög sinna eftirlitinu með starfsmann í fullu starfi, sum eru með marga eftirlitsmenn, önnur sinna eftirlitinu í minna starfshlutfalli og sum því miður ekki neitt. Þrátt fyrir skyldur sveitarfélaga til að sinna eftirlitinu þá bera eigendur og forráðamenn ábyrgð á eigin brunavörnum og ber að tryggja að þær fullnægi kröfum sem settar eru fram í lögum og reglugerðum. Eigendur mannvirkja og rekstraradilar eru hvattir til að kynna sér og taka upp eigið eldvarnaeftirlit í mannvirkjum sínum.

Á starfssvæði slökkviliðs Norðurlþings er eldvarnaeftirliti sinnt í fullu starfi. Á svæðinu eru um 300 skoðanaskyldir staðir og skoðaðir eru 100–150 staðir á hverju ári. Hluti þeirra skoðana er í mannvirkjum í landbúnaði.



Almennt vantaði út/exit ljós við útganga.

Fyrir skömmu voru framkvæmdar skoðanir á 17 lögbýlum á svæðinu. Í 90 prósent tilfella voru gerðar sömu athugasemdirnar. Þær algengustu voru að Út/exit ljós vantaði við útganga og nánast algilt var að slökkvitæki vantaði í mannvirkin.

### Frauðplastíð út

Einungis var um að ræða óvarið frauðplast í lofti tveggja húsa sem verður að teljast einstaklega gott í ljósi þess að flest þessara mannvirkja voru byggð fyrir áratugum síðan og þá var þessi tegund einangrunar nánast allsráðandi.

Ánægjulegt er frá því að segja að nokkrum vikum eftir skoðunina bárust eftirlitinu myndir sem sýndu að byrjað var að fjarlægja frauðplastíð úr lofti annars þessara tveggja staða og einangra með steinull í staðinn.

Umgengni í öllum mannvirkjunum og á lóðum þeirra var yfirleitt til fyrirmyndar og alls staðar var ruslsöfnun haldið í lágmarki. Það er afar mikilvægt og dregur stórlega úr líkum á eldsvoða og tryggir að flóttaleiðir og aðkoma slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila séu greiðar.

### Eldvarnir heimilisins

Lögsaga eldvarnaeftirlits nær ekki inn á heimili fólks og því var íbúðarhúsnæði ekki skoðað sérstaklega. Oftan en ekki var eftirlitsmönnum þó boðið í kaffi að skoðun lokinni og þá var af gömlum vana horft eftir reykskynjurum og slökkvitækjum sem voru fyrir hendi á öllum þeim býlum sem heimsótt voru.

Íbúar, sérstaklega í dreifbýli, þurfa að vera vel meðvitaðir um þann tíma sem tekið getur slökkvilið og aðra viðbragðsaðila að komast til þeirra og ættu þar af leiðandi að huga vel að eldvörnum. Mikilvægt er að brunaviðvörðunarkerfi og slökkvitæki séu fyrir hendi og virk svo bændur geti komið sér og sínum, ásamt skepnum, með öruggum hætti út úr brennandi mannvirkjum.

Grímur Kárasón,  
slökkviliðsstjóri Norðurlþings,  
tók þetta saman fyrir  
Eldvarnabandalagið.

## LESENDABÁS



Hópur kúabænda stóð fyrir undirskriftasöfnun þar sem skorað var á samninganefndir bænda og ríkisins að setjast aftur að samningaborðinu og endurskoða nýundirritað samkomulag um nautgripasamning. Alls skrifuðu 340 manns undir áskorunina þar sem fram kom að óvissa ríkti um veigamikil grundvallaratriði á borð við verðlagningu mjólkur og fyrirkomulag greiðslumarksviðskipta. Frá vinstri: Halldór Jónas Gunnlaugsson á Hundastapa, Brynjar Bergsson á Refsstöðum, Próstur Aðalbjarnarson á Stakkhamri, Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður BÍ, og Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri BÍ.

Mynd / TB

# „Nei takk“

Við mótmælum því að samningsadilar skuli hafa skrifað undir samning sem er líkt og opinn tékki. Þar eignum við við það að ekki sé sett hámarksverð á greiðslumark líkt og samþykkt var á aðalfundi LK og var lagt var upp með í samningaviðræðum. Reyndar höfum við heyrt að samningsadilar hafi verið sammála því að í samningi væri tilgreint hámarksverð en á síðustu metrunum hafi viðsejandi bænda hætt við líkt og einhver hafi stigið á tærnar á honum.

Við erum mjög ósatt við að fulltrúar bænda í samninganefndinni skuli hafa skrifað upp á búvörusamning sem gengur þannig þvert á þá tillögu sem samþykkt var á aðalfundi LK og fól í sér að hámarksverð á greiðslumarki sem nemur tvöföldu lágmarks afurðastöðvar verði innan greiðslumark og er langtum lægra en það verð sem bankar og lánastofnanir vilja nú ota bændum í að bjóða í kvóta á. Við teljum að fulltrúar bænda í samninganefnd hafi ekki haft umboð frá kúabændum til þess að undirrita samning sem felur í sér jafn mikla eftirgjöf frá því sem aðalfundur LK lagði upp með. Slíkur hringlandaháttur í rekstrarumhverfi bænda er algjörlega óásættanlegur. Hvers vegna liggur á að setja þennan nýja samning í atkvæðagreiðslu áður en hann er fullkláraður? Tímamörk eru á starfsnefndum, skila af sér í maí og þá á að kjósa aftur. Bíðum bara fram í maí og kjósum þá um fullkláraðan samning. Við höfum samning við ríkið í gildi sem tryggir okkur greiðslur til 2026.

Það er rangt að halda að verð á greiðslumarki verði innan skynsamlegra marka og það er slæm stjórnsýsla að halda að það sé nú gott að hafa ákvæði um að geta gripið inn í og handstýrt kerfi sem á að vera frjálst. Hvernig á að meta það hvernær verð á greiðslumarki er of hátt og það þurfi að grípa inn í? Eru menn sammála um hvar þau mörk liggja? Getum við hin sem eigum að spila eftir þessum reglum fengið að vita það? Okkar útreikningar sýna að verð í kringum 200kr/ltr geti verið ásettannlegt m.v. kaup á fyrsta ári. Bankar og lánastofnanir tala um 400–500kr/ltr og einhverjar hafa slegið fram 750kr/ltr. Þarna ber svolítið á milli og skiptir þann sem vill kaupa miklu. Mikil spenna hefur myndast eftir að aðalfundur LK vakti væntingarnar um herra verð og

mikil þörf víða bæði á að kaupa og selja. Búið er að opna upp á gátt leið þess sem vill selja til að gera góðan dfl. Það liggur hins vegar nokkuð ljóst fyrir að þessi gjörningur kemur ekki til með að vera hagfelldur fyrir þá sem ætla að vera eftir í greininni. Auka óþarfaskuldsetning er ekki það sem greinin þarf. Er það svo að þeim sem leggja þennan samning fram er meira umhugað um þá sem eru að fara út úr greininni? Þessi samningur er einfaldlega gullnáma fyrir þá sem vilja hætta, feitur starfslokasamningur og getur jafnvel farið svo að bændur telji sig ekki hafa efni á öðru en að selja. Samningurinn kemur jafnframt þeim sem vilja starfa áfram og þurfa að kaupa greiðslumark illa. Vel á minnst, hvar í þessari umræðu allri var ákveðið að greiðslumarkið væri lífeyrir bænda?

Það er annað sem er hættumerki í þessu og það er sú staðreynd að kvótann skuli eignfæra. Mikil eignamyndun getur þannig orðið sem lánastofnanir taka væntanlega veð í eða a.m.k. meta þegar kemur að því að gera lánasamninga. Eign sem er fallvölt því ekki þarf að breyta miklu til þess að hún breytist í verði. Ýmsar aðrar leiðir eru þess virði að skoða ef menn á annað borð vilja. Til dæmis hefði mátt skoða þá leið að festa verð á greiðslumarki á því verði sem lagt var upp með í samningi 2016 og heimila lágur afskriftir (undir 5% á ári). Önnur leið sem líka mætti skoða er sú að ríkið leysi til sín allt greiðslumark og leigi svo bændum sem í staðinn fyrir að eyða orku og fjármunum í að kaupa greiðslumark á yfirverði geta þá einbeitt sér að því að framleiða ódýrari mjólk.

Hvernig ætla fulltrúar bænda í verðlagsnefnd að rökstyðja það við aðra nefndarmenn að fara fram á hækkingu á verði til bænda? Aðrir nefndarmenn munu benda á að bændur hafi haft efni á því að versla greiðslumark dýrum dómum en bændur biðja síðan um verðhækkun sér til handa. Hér fer bara ekki saman hljóð og mynd. Verslun með greiðslumark á háu verði stuðlar ekki að hagkvæmum rekstri og kemur ekki til með að auka samkeppnishæfni greinarinnar t.a.m. við þann innflutning sem þegar er farinn að hafa áhrif á sölu okkar mjólkurafurða.

Verðlagsmál eru sett í nefnd ... það er eiginlega allt sem segja þarf. Í samkomulaginu er verið að opna á að það verði að skilja

enn frekar söfnun og sölu á hrá-mjólk frá vinnslu mjólkurafurða og öðrum rekstri. Þarna virðist samninganefndarfolk ekki gera sér grein fyrir að nú þegar er ákveðinn aðskilnaður þar sem Auðhumla svf safnar og kaupir mjólk af bændum og selur síðan iðnaðinum hrá-mjólk, þ.e. MS, KS, Örn, Biobú og svo framvegis. Jafnframt er gert að því skóna að dreifing á vörum verði að vera aðskilin söfnun á mjólk. Það mun þýða hækkingu á flutningi og eins mun sötsporíð aukast. Í samkomulaginu er mjög óljóst hvert menn eru að halda. Þarna þarf að vera staðfesta með skýr markmið hvert sé haldið. Stefnuleysið sem má lesa út úr textanum er algert. Það er mikil hætta á að menn endi út í myri ef ekki verði haldið fast í stýrið miðað við hvernig aðrir þættir sem hafa áhrif á greinina stefna. Það er óásættanlegt að kjósa um þetta núna án þess að búið sé að ljúka þessum þætti.

Það var sett reglugerð 15. júní 2018 til að loka á þau viðskipti að færa greiðslumark á milli jarða. Tilgangurinn með þeirri reglugerð var að loka á sýndarviðskipti svo að kvótamarkaður virki. Eitt af markmiðunum með kvótamarkaðinum er að allir sætu við sama borð og hefðu jafnan aðgang að kaupum á greiðslumarki. Það þýðir væntanlega að allur kvóti sem bændur vilja selja verður að koma á kvótamarkaðinn, undantekningalaust. Engin krafa var frá aðalfundi LK um að breyta þessari dagsetningu eins og síðan er gert í samningnum sem núna liggur fyrir. Til hvers var þessi dagsetning sett?

Þar sem tekin var u-beygja í stefnu í mjólkurframleiðslu frá því á vormánuðum 2016 hefði þá ekki verið eðlilegra að skrifa allan samninginn upp á nýtt? Þegar þessi tvö plögg, samningur frá 2016 og svo þessi endurskoðun sem um er rætt núna, eru lesin saman tala þau út og suður og það virðist ekki vera heil hugsun í þessu. Eða eins og góður maður sagði um þennan gjörning að ákveðnum markmiðum sem voru sett í saminginn frá 2016 er kastað fyrir róða og tekin skörp handbremsubeygja og reikað stefnulífið inn í sólarlag fortíðarinnar.

Guðrún Sigurjónsdóttir  
bóndi á Glistöðum  
Laufey Bjarnadóttir  
bóndi á Stakkhamri



## LESENDABÁS

# Bændur kjósa um endurskoðun nautgripasamnings

Þann 25. október sl. skrifuðu Bændasamtök Íslands, Landssamband kúabænda og stjórnvöld undir endurskoðaðan samning um starfsskilyrði nautgriparæktar. Samningurinn var kynntur á haustfundum Landssambands kúabænda um allt land og á fjárfundi úr Bændahöllinni. Einnig er kynningarmyndband á vef Bændasamtakanna þar sem farið er yfir breytingar á samkomulaginu.

Hópur bænda hefur lýst yfir miklum áhyggjum vegna samningsins og skilaði á þriðjudag undirskriftalista þar sem talsverður hluti nautgripabænda skrifað undir. Við hjá BÍ skiljum áhyggjur bænda og því var ákveðið að fresta atkvæðagreiðslunni um viku. Viðræður við ráðuneytið munu eiga sér stað þessa viku en að henni lokinni verður gengið til kosninga.

Samninganefndir ríkis og bænda funduðu fyrst á vordögum þar sem bændur settu fram sínar áherslur við endurskoðunina. Hér verður farið yfir helstu atriði sem varða samninginn og þá þætti hans sem mest hafa verið í umræðunni.

Rétt er að taka það fram að núgildandi samningur mun standa áfram, en með þeim breytingum og nýjum ákvæðum sem koma fram í undirrituðu samkomulagi.

## Greiðslumarkid

Núgildandi samningur fól í sér tvær endurskoðanir. Í þeirri fyrri árið 2019 skyldi tekin afstaða til þess hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu yrði afnumið frá og með 1. janúar 2021. Atkvæðagreiðsla var haldin í febrúar 2019 þar sem 89,4% kjósenda kusu að halda kvótakerfinu í mjólkurframleiðslu. Sú grundvallarbreyting er því við endurskoðun samningsins núna að hætt er við að afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021 og fallið er frá markmiðum núverandi samnings um niðurfellingu heildargreiðslumarks. Ef endurskoðaður samningur tekur ekki gildi um næstu áramót þá munu viðskipti með greiðslumark stöðvast. Öendurskoðaður samningur mun þá halda gildi sínu og í honum kemur fram að öll viðskipti með greiðslumark eru óheimil nema í gegnum innlausnarmarkað, sem rennur sitt skeið í lok árs 2019.

## Viðskipti með greiðslumark

Vilji bænda var sá að viðskipti með greiðslumark skyldu eiga sér stað í gegnum miðlægan markað í umsjón opinbers aðila. Markaðurinn ætti að byggjast upp á jafnvægisverði en þó með hámarki sem næmi tvöföldu lágmarks afurðastöðvarverði innan greiðslumarks.

Það samningsmarkmið náðist í gegn að fyrirkomulag markaðar verður jafnvægisverðsmarkaður líkt og bændur óskuðu. Ekki náðist samkomulag við ríkið um hámarksverð. Hins vegar er ákvæði þar sem framkvæmdanefnd búvörusamninga getur gert tillögu til ráðherra að hámarksverði ef aðstæður kalla á slíkt. Vert er að minna á að bændur eiga þrjá af sex fulltrúum í framkvæmdanefndinni.

Að hámarki verður hægt að bjóða í 50.000 lítra á hverjum markaði, sem sagt 150.000 lítra yfir árið. Þá verður ekki hægt að eiga meira en 1,2% af heildargreiðslumarki hvers árs og er það í fyrsta sinn sem slíkt þak kemur inn.

## Tilfærsla greiðslumarks

Í samkomulaginu er talað um til-



Guðrún Sigríður Tryggvadóttir.

Mynd / HKR.

færslu greiðslumarks hjá aðilum sem sannanlega eru að mjólka í tveim fjósum í eigu sama bónda en þeim er gert kleift að flytja starfseminu í eitt fjós enda hafi það sannanlega verið í eigu þeirra 25. október sl. samanber þinglýst vottorð. Þeir aðilar eru ekki margir en það getur varla talist hagkvæmt fyrir greinina að leysa ekki þann hnút sem myndaðist þegar lokað var fyrir þennan möguleika 16. júní 2018. Skoðað verður sérstaklega hvernig hægt verður að tryggja það að bú sem fái að flytja greiðslumark í samræmi við þessa undanþágu hafi í raun rekið bú í tveimur fjósum frá 16. júní 2018. Einnig er fjallað um undanþágu vegna búferlaflutninga sem útfært verður ítarlega. Ákvæðin eru ekki hugsuð til að búa til flæði greiðslumarks utan markaðar og verða útfærð nánar í reglugerð.

## Forkaupsréttur nýliða

Samkvæmt áhersluatriðum bænda var farið fram á að 25% forkaupsréttur nýliða yrði í greiðslumarksviðskiptum en annar forgangur félli niður. Þarna taldi samninganefnd ríkis að nægt framboð greiðslumarks ætti að gera það að verkum að þeir sem vildu kaupa greiðslumark gætu fengið það. Samið var um 5% forgang nýliða að markaði, sem verður þá eini forgangurinn. Aðstæður nýliða og innganga í greinina ásamt skattalegu umhverfi verður skoðað frekar í starfshópi.

## Ábyrgð í loftslagsmálum

Ný grein bætist við samninginn um loftslagsmál. Þar setja nautgripabændur sér markmið í takt við stefnu stjórnvalda og vilja leggja áherslu á rannsóknir, ráðgjöf og fræðslu. Í greininni er m.a. talað um að skoða fjárhagslega hvata til bænda á því sviði og byggja upp betri þekkingu á málum sem geta flokkast undir betri búskaparhætti líkt og meðhöndlun og nýting búfjáraburðar og bætt fóðrun. Loftslagsmál eru gríðarstór mála-flokkur og við Íslendingar erum að stíga okkar fyrstu skref í að eiga við þessa vá, eins og heimsbyggðin öll. Ávinningurinn fyrir okkur sem bændur af slíkri vinnu verður að sjálfsögðu sá að við fáum í hendur tæki og tól til að auka samkeppnishæfni okkar framleiðslu. Á sama

tíma öxlum við ábyrgð sem virkir þátttakendur í aðgerðum og umræðum um loftslagsmál.

## Starfshópar

Í samkomulaginu eru mál sem komu til umræðu en ekki náðist saman um eða var talið að þyrfti meira samráð og því ákveðið að setja á fót starfshópa.

Verðlagsmálin fóru í þann farveg og erum við í fyrsta skipti að tryggja formlega aðkomu iðnaðarins að þeirri vinnu. Leitað var í þekkingarbrunn hans við gerð texta sem fram kemur í 4. grein samkomulagsins og efnisatriði því sett fram eftir samráð við iðnaðinn okkar.

Öll þau atriði sem vísað var í starfshóp í 5. grein eru ný, s.s. aðgerðir til handa minni búum og svæðum þar sem framleiðsla er að dragast saman. Vissulega mætti velja því fyrir sér af hverju þau voru ekki inni í samningnum frá árinu 2016 en þarna eru mörg mikilvæg atriði sem samninganefnd ríkisins var sammála okkur um að eðlilegt væri að skoða á þessum tímamótum.


Í samkomulaginu kemur skýrt fram að niðurstöður starfshópa í 4. eða 5. grein muni ekki koma til framkvæmda nema með samþykki félagsmanna BÍ og LK í atkvæðagreiðslu. Þannig er tryggt að ekkert óvænt né í óþökk okkar mun koma til framkvæmdar úr þeim starfshópum. Allt verður borið undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu þegar niðurstaða úr vinnu hópanna liggur fyrir. Með því að fara þessa leið er hægt að kalla til aukinnar samvinnu og upplýsinga frá m.a. afurðastöðvum og sérfræðingum á ýmsum sviðum.

Atkvæðagreiðslu hefur verið frestað um viku til að koma til móts við óskir bænda. Hún mun fara fram dagana 27. nóvember–4. desember.

Einnig er minnt á að kosid verður um þá vinnu sem starfshóparnir skila. Þannig er aðkoma félagsmanna BÍ og LK mun meiri en áður hefur tíðkast.

Ég hvet alla bændur til að kynna sér samkomulagið vel og að nýta atkvæðarétt sinn, hvert atkvæði skiptir máli.

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands


KAUPFÉLAG STEINGRÍMSFJARÐAR  
HÚLMÁVÍK | DRANGSNESI

## Kaupfélags- og verslunarstjóri

**Kaupfélag Steingrímsfjarðar leitar að kaupfélags- og verslunarstjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Við leitum eftir sterkum framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn að takast á breytingar til að tryggja hagsmuni KSH og aðildarfyrirtækja með því að vera framvörður atvinnulífs á Ströndum.**

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla af almennum rekstri og fjármálastjórn
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Breytingarstjórn og geta til að vinna undir álagi
- Góð samskiptahæfni og mannauðsstjórn
- Almenn bókhaldskunnátta og áætlanagerð
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði

**Við bjóðum**

- Áhugavert starf við þróun og rekstur sem byggir á 120 ára gömlum grunni.
- Tækifæri til að hafa áhrif á þróun atvinnulífs á svæðinu.
- Góð tengsl við mörg fjölbreytt fyrirtæki um land allt.
- Aðgengi að náttúruperlum og öflugum menningarlífi Stranda.

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember n.k. Æskilegt er að viðkomandi geti hafði störf sem fyrst. Umsókn skal fylgja starfsferliskrá sem ber að senda til Matthíasar S. Lýðssonar, stjórnarformanns [hafis@simnet.is](mailto:hafis@simnet.is). Hann veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið.

Magnús Leópolddsson lögg. fasteignasalí

## FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000



## Gott framboð af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is  
Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasalí - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasalí

## Styrkir til mastersnema í landbúnaðarvísindum 2020

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki vegna ársins 2020. Um er að ræða styrki til háskólanema í landbúnaðarvísindum sem komnir eru í seinni hluta mastersnáms. Veittir verða allt að sex styrkir, allt að upphæð 1,0 milljón króna hver.

Forgangs njóta þeir umsækjendur sem sýna fram á í umsókn sinni að námið sé líklegt til að stuðla að eflingu landbúnaðar í náinni framtíð. Einnig er horft til þess hversu vel verkefnið fellur að verksviði sjóðsins. Í því samhengi er horft bæði til vals námslínu sem og efnisvals lokaverkefna. Þá er horft til gæða umsóknar í heild sinni. Jafnframt mun stjórn sjóðsins leitast við að styrkinnir dreifist á sem flest fræðasvið landbúnaðar við forgangsröðunina, að því gefnu að umsóknir uppfylli áður nefnd skilyrði.

Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is), (undir flípanum EYÐUBLÖÐ og þar „umsókn um námsstyrk í landbúnaðarvísindum“). **Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.** Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að leita til utanaðkomandi fagaðila og/ eða umsagnaraðila við mat umsókna.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k.** Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á netfangið [fl@fl.is](mailto:fl@fl.is) og með hefðbundnum pósti til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í síma 430-4300, um netfangið [sigrður@fl.is](mailto:sigrður@fl.is) eða á heimasíðu sjóðsins, [www.fl.is](http://www.fl.is).

*Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2020.*



**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**  
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi  
Sími 430-4300



## GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Blettaskytta varð að mikilli tískuplöntu og varð vinsæl á samfélagsmiðlum þegar þeir komu til sögunnar, sérstaklega á Instagram og Facebook.


**Blettaskytta:**

## Instagramstjarnan meðal pottablóma

Þessi skrytna og skemmtilega pottaplanta (*Pilea peperomioides*) er orðin vinsæl víða um lönd og Ísland er þar engin undantekning. Laufblöðin eru nánast kringlótt, stjörnu-strengjött og sitja þétt á stuttum stöngli.

Hægt er að móta lögun plöntunnar með því að fjarlægja toppinn en þá myndar plantan margar greinar. Neðst á plöntunni myndar plantan svo margar smáar hliðargreinar sem auðvelt er að fjarlægja og fá þannig efnivið í margar plöntur af einni móðurplöntu.

Ræktunarsaga blettaskyttu



Norski trúboðinn Agnar Espegren flutti plöntuna með sér til Noregs frá Yunnan-héraði í Kína á 5. áratug síðustu aldar.

er merkileg. Norskur trúboði, Agnar Espegren að nafni, starfaði í Yunnan-héraði í Kína á 5. áratug síðustu aldar. Árið 1944 varð hann að yfirgefa trúboðsstarfið og flytja heim til Noregs. Ferðalagið var langt og strangt og meðal annars þurfti hann að staldra við í Kunming-borg í Kína og í Kalkúttu á Indlandi, þannig að hann og fjölskylda hans komu ekki til Noregs fyrr en árið 1946. Hann hafði eignast þessa skrytnu jurt meðan á Kínadvölunni stóð og flutti hana með sér alla leið til heimalandsins. Þar dafnaði jurtin á heimili Aspegren-fjölskyldunnar. Þau voru íðin við að gefa vinum og kunningjum græðlinga af henni en starfs síns vegna þurfti herra Aspegren að ferðast talsvert um Noreg. Fyrr en varði var blettaskyttuna víða að finna á norskum heimilum og nafnið „trúboðaplanta“ festist við hana þar. Von bráðar barst plantan til Svíþjóðar og þar barst hún víða inn á heimili fólks með gjafagræðlingum. Víkur nú sögunni vestur til Bretlandseyja. Sidebottoms-fjölskyldan bjó í Cornwall í Englandi á þessum

árum. Þar dvaldist um tíma norsk vinnukona sem átti dóttur, Jill að nafni. Dóttirin unga fór árið 1963 í heimsókn til skyldfólks síns á Jaðri í Noregi og fékk þar að gjöf blettaskyttu í potti sem hún kom með til Cornwall. Hún varð fljótt vinsæl stofuplanta þar líkt og í Noregi og Svíþjóð og án efa víðar.

Árið 1976 tók sænski grasafræðingurinn Lars Kers eftir því að óþekkt planta óx í Grasagarðinum í Stokkhólmi þar sem hann starfaði. Hann brá á það ráð að auglýsa eftir fleiri eintökum af plöntunni í vinsælum sænskum sjónvarpsþætti og fékk viðbrögð frá meira en 10.000 áhorfendum, svo ljóst var að tegundin var orðin verulega útbreidd sem pottaplanta þrátt fyrir að hún væri svo til óþekkt hinum akademíska heimi og hvergi til sölu í gróðrarstöðvum.

Á Englandi var saga plöntunnar sömuleiðis óþekkt grasafræðingum sem ólmir vildu kynna henni betur. Grasafræðingar konunglega grasagarðsins í Kew á Englandi fengu að endingu sýnishorn af plöntunni og það var ekki fyrr en árið 1984 sem henni var fyrst lýst af vísindalegri nákvæmni þar á bæ. Reyndar hafði hún verið greind árið 1906 af skoskum grasafræðingi en hún fékk ekki mikla athygli þá.

Til Bandaríkjanna og Kanada barst blettaskyttan upp úr 1980 og e.t.v. eitthvað fyrr, og sem áður var það áhugafólk um pottaplöntur sem stóðu að dreifingu hennar þar í fyrstu. Fljótlega varð hún að mikilli tískuplöntu og varð vinsæl á samfélagsmiðlum þegar þeir komu til sögunnar, sérstaklega á Instagram og Facebook þar sem fólk skiptist á upplýsingum og ljósmyndum. Netsala jókst mikið og er hægt að finna hana til sölu á netinu í dag.

Fyrir fáeinum árum fóru svo garðyrkjuframleiðendur að taka við sér og bjóða blettaskyttu til sölu á Vesturlöndum og nú er hún auðfánleg í blómaverslunum. Ekki þurftu blómabændur mikið að auglýsa blettaskyttuna því hún er eitt mesta tískufyrirbærið í pottaplöntuheiminum og ein sú vinsælasta á samfélagsmiðlum á Íslandi um þessar mundir.

**Ingólfur Guðnason**  
námsbrautarstjóri  
garðyrkjuframleiðslu,  
Reykjum

## Á FAGLEGUM NÓTUM



Hópmýnd tekin í tilefni af því að bæði íslenskir bændur og landbúnaðarráðherra landsins voru stödd á sama tíma í Kína.

Mynd / SS

# Landbúnaðarfagferð til KÍNA – fyrri hluti

**Snorri Sigurðsson**  
snsig@arlafoods.com



**Dagana 27. október til 8. nóvember sl. stóð yfir ferð 40 Íslendinga, aðallega íslenskra bænda, til Kína en tilgangur ferðarinnar var að bæði kynna sér þarlandan landbúnað og þá aðallega kúabúskap.**

Í ferðinni var farið til fjögurra borga í þeim tilgangi að sækja kínverska bændur heim, en auk þess var auðvitað tækifærið gripið til þess að skoða og upplifa nokkra af helstu ferðamannastöðum landsins. Hér á eftir er fyrri hluti frásagnar um þessa ferð en fyrst og fremst verður þó fjallað um hinn landbúnaðarfaglega hluta ferðarinnar.

### Móttaka með landbúnaðarráðherra

Þegar komið var til Kína var þegar kominn annar dagurinn í ferðalaginu, enda bæði flugið langt og mikill tímamunur á milli landanna og strax eftir landingu tók við þéttskipið dagskrá með blöndu af ólíkum viðburðum.

Pennan fyrsta dag hópsins í Kína var m.a. farið í móttöku í íslenska sendiráðinu í Peking þar sem sendiherra landsins, Gunnar Snorri Gunnarsson, tók á móti íslenska hópnun og kynnti þar bæði mikilvæga starfsemi sendiráðsins í Kína og þá þætti sem tengja saman matvælandið Ísland og Kína.

Útflutningur íslenskra matvæla til Kína hefur vaxið ár frá ári og bæði er þar um að ræða útflutning á eldislaxi og fleiri afurða. Nú síðast hefur tekist að fá leyfi til að flytja út takmarkað magn af lambakjöti frá Íslandi til Kína og þá er verið að skoða ýmis önnur áhugaverð verkefni eins og t.d. skýrsölu svo dæmi sé tekið.

### Vel rekið sendiráð

Sendiráðið er rekið með hagsýni og sparnað að leiðarljósi og er húsnæðið t.d. í eigu Eistlands og fá Íslendingar þar inni, gegn leigugreiðslu, með eistneska sendiráðinu. Þá er sendiráðið með umtalsverðar tekjur af sölu og vinnu við vegabréfsáritun Kínverja sem vilja fara í heimsókn til Íslands.

Sagði Gunnar Snorri m.a. að það stefndi í að sendiráðið næði þeim merka áfanga að vera sjálfbært, þ.e. skapaði sér það miklar tekjur með útgáfu vegabréfsáritana að tekjurnar stæðu undir öllum kostnaði við reksturinn.



Kínverjar eru einmitt byrjaðir að nota hann í stórum stíl á bæði flatbökur og við almenna matargerð. Vandamálið er hins vegar það að þeir kunna almennt ekki vel við hina venjulegu lykt sem er af gulum osti og kvarta neytendur oft undan vondri lykt af ostinum. Í stað þess að reyna að berjja hausnum við steinin og hreinlega kenna Kínverjum að læra að meta hefðbundna lykt af hörðum osti þá var fundin upp einföld lausn. Þegar pokinn með rifna ostinum er opnaður þá ilmar hreinlega eins og vanilluís.

### Landbúnaðarráðherra á staðnum

Svo skemmtilega vildi til að þegar hópurinn var staddur í Peking þá var Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands staddur í Kína í tengslum við heimsókn hans á umfangsmikla sjávarútvegssýningu í hafnarborginni Qingdao. Fyrst svo skemmtilega hittist á að hann væri í Kína á sama tíma og stór hópur íslenskra bænda, ákvað hann að gera lykkju á leið sína og mæta í móttöku sendiráðsins. Einstakur viðburður og hefur væntanlega ekki gerst oft áður að bændur og ráðherra landsins hittist og ræði málefni íslensks landbúnaðar í íslensku sendiráði erlendis og hvað þá í Kína.

### Árþúsunda saga

Líkt og flestir vita þá á Kína sér afar langa sögu og þegar landið er heimsoft er vart annað hægt en að kynna sér nokkra af þeim stöðum sem snerta söguna. Næsti dagur var því nýttur til þess að skoða höfuðborgina og heimsækja þekktu staði í Peking var m.a. farið á staði eins og Torg hins himneska friðar, hina Forboðnu borg, í Lama-höfið, skroppið í hjóla-kerrureið auk þess sem gengið var um Hutong-hverfi borgarinnar svo dæmi sé tekið.

### Þróunarmiðstöð Arla í Kína

Fjórdi dagur ferðarinnar rann skjótt upp og hófst með því að farið var í heimsókn í þróunarmiðstöð Norður-

evrópska afurðafélagsins Arla en félagið er þarna með sérstaka þróunardeild sem vinnur að því að bæði þróa og aðlaga mjólkurafurðir félagsins að kínverskum aðstæðum. Um afar mikilvæga starfsemi er að ræða enda þarf að breyta verulega bæði útliti, áferð og bragði hefðbundinna mjólkurvara svo þær renni ljúft í kínverska neytendur.

Sumar vörur ganga auðveldlega í kínversku neytendurna eins og t.d. innflutta G-mjólkín en Arla er einn stærsti innflytjandi slíkrar mjólkur til Kína í öllum heiminum og flytur þangað árlega sem nemur hartnær jafnmiklu magni mjólkur og er framleidd árlega hér á landi.

### Kenna notkun mjólkurvara

Á meðan hefðbundin mjólk virðist renna ljúft í Kínverjana, og í vaxandi magni ár frá ári, þá er það ekki sama sagan með allar aðrar mjólkurvörur og þær þarf þá að aðlaga markaðinum. Til þess að þetta sé hægt, þarf ýmislegt til og er þarna í raun rekin lítill afurðastöð þar sem hægt er að framleiða flestar mjólkurvörur. Auk þess eru þarna bæði tilrauna- og sýningareldhús og stóreldhús. Reglubundið er kínverskum matargerðarmönnum og -konum boðið í þessa aðstöðu þar sem þekktir kínverskir meistarakokkar leiðbeina með hvaða hætti hægt er að nota mjólkurvörur við kínverska matargerð.

Kínverska matargerðin byggir á miklum hefðum og hafa kokkar, sem starfa hjá Arla, unnið sleitulaust að



Því að þróa uppskriftir sem tvinna saman kínverskar hefðir og notkun hefðbundinna mjólkurvara eins og smjör, rjóma, jógurts og osta.

**Ostur með vanillulykt**

Þó svo að allar vörur sem Arla flytur inn til Kína séu í sérstökum umbúðum sem eru sérstaklega hannaðar fyrir kínverska markaðinn, þá þarf stundum að aðlaga mjólkurvörurnar sjálfar svo hægt sé að markaðssetja þær með góðum árangri. Sem dæmi um sérstaklega þróaða vöru fyrir kínverska markaðinn er innfluttur rifinn ostur en Kínverjar eru einmitt byrjaðir að nota hann í stórum stíl á bæði flatbökur og við almenna matargerð. Vandamálið er hins vegar það að þeir kunna almennt ekki vel við hina venjulegu lykt sem er af gulum osti og kvarta neytendur oft undan vondri lykt af ostinum.

Í stað þess að reyna að berja hausnum við steininn og hreinlega kenna Kínverjum að læra að meta hefðbundna lykt af hörðum osti þá var fundin upp einföld lausn. Þegar pokinn með rifna ostinum er opnaður þá ilmar hreinlega eins og vanilluís. Lítið dæmi sem sýnir að stundum er einfaldlega betra til að ná árangri á markaði að aðlaga sig að markaðinum í stað þess að reyna að aðlaga markaðinn að vörinni sem er verið að selja.

**Ráðgjafarmiðstöð fyrir kínverska bændur**

Á sama stað starfrækir Arla, í samvinnu við kínverska afurðafyrirtækið Mengniu, ráðgjafarmiðstöð sem er sérhæfð fyrir rekstur kínverskra kúabúa og sérstaklega rekstur stórbúa. Var starfsemi hennar einnig kynnt íslenska hópnum. Tilgangur ráðgjafarmiðstöðvarinnar er fyrst og fremst að aðstoða kínverska kúabændur í því að bæta rekstur búa sinna. Auk þess er tilgangurinn að efla almenna þekkingu á mjólkurframleiðslu í Kína. Einnig að miðla upplýsingum til bæði kúabænda og yfirvalda um ýmis málefni sem snerta mjólkurframleiðslu.

**Samstarf við heimamenn nauðsynlegt**

Þó svo að Arla sé eitt af allra stærstu afurðafélögum heims á sviði mjólkurvara, var forsvarsmönnum þess strax ljóst að til að ná almennilegum árangri í Kína þá þyrfti að gera það í samvinnu við heimamenn. Arla var þegar í samstarfi við ríkisfyrirtækið COFCO varðandi sérpökkun á G-mjólk fyrir fyrirtækið og því var hendi næst að efla samstarfið frekar. Enda er COFCO án nokkurs vafa lang



Þegar Kína er sótt heim er um að gera að prófa sem mest, m.a. svona kerrur sem hægt er að ferðast í um miðbæ Peking. Mynd / SS



Léttvinsgerð í Kína er hefðbundin og tunnurnar innfluttar frá bæði Bandaríkjunum og Evrópu.

stærsta fyrirtækið í matvælasölu í Kína og raunar í heiminum öllum. Fyrirtækið er t.d. gríðarlega sterkt á hinum kínverska drykkjarvörumarkaði og er m.a. með ráðandi hlut í mjólkurafurðafyrirtækinu Mengniu og er auk þess í góðdrykkjaframleiðslu í samstarfi við CocoCola auk þess að vera í margkonar annari framleiðslu. Í samráði við COFCO keypti Arla rúmlega 7% hlutafjárins í afurðafyrirtækinu Mengniu árið 2012 og var það upphafið að nánú samstarfi Arla, Mengniu og COFCO í Kína og vinna þessi þrjú fyrirtæki saman enn í dag á kínverska markaðinum.

**Umfangsmikil vínframleiðsla**

Líkt og hér að framan hefur komið fram er COFCO í margs konar framleiðslu og m.a. í vínframleiðslu og var hópnum boðið í heimsókn á einn af vínbúgörðum fyrirtækisins þar sem fram fór kynning á starfsemi. Þar kom m.a. fram að Kína er mun stærra og umsvifameira í vínframleiðslu en margur heldur. Landið er með um 800 þúsund hektara sem nýttir eru til vínbjergframleiðslu og er einungis Spánn með

meira land undir slíka framleiðslu. Í landinu eru því ótal bú í framleiðslu á léttvíni en COFCO er þó líklega umsvifamest.

Þetta ríkisfyrirtæki var það fyrsta sem hóf vínframleiðslu í landinu en það gerðist í kjölfar heimsóknar Nixons Bandaríkjaforseta árið 1972. Þá hafði hann víst haft á orði við kínverska ráðamenn að margt gott væri nú framleitt í Kína en þeir stæðu þó Bandaríkjamönnum að baki m.a. í framleiðslu á léttvíni. Þetta létu kínverskir ráðamenn ekki segja sér tvisvar og var þegar ráðist í að undirbúa vínframleiðslu í Kína. Árið 1978 var svo fyrsta rauðvínflaskan tilbúin og síðan hefur ekki verið lítið um öxl. Fyrsta árið nam framleiðslan um 10 þúsund lítrum og ekki nema tveimur áratugum síðar var framleiðslan komin í



Hér má sjá hjónin Eið Ólason og Guðrúnu Sigurjónsdóttur á Glitstöðum í Borgarfirði með Kínamúrinn í bakgrunni. Mynd / Þórunn Andrésdóttir í Bryjuholti.

rúmlega 300 milljónir lítra og er í dag talin vera um 900 milljónir lítra á ári.

Að heim sókninni lokinni var svo haldið á Kínamúrinn, sem skartaði sínu fegursta í haustólíni.

**Vinna úr 5,5 milljörðum lítra**

Síðasta dagurinn sem ferðahópurinn dvaldi í Peking var tekinn með trompi og fyrst var farið í skoðunarferð í Lamaklaustrið. Því næst var haldið í heimsókn í eina af vinnslustöðvum afurðafyrirtækisins Mengniu, í einu af úthverfum Peking. Fyrirtækið er í dag eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sviði mjólkurvinnslu, sem er í raun undra- verð stærð á fyrirtæki miðað við aldur þess, en það er einungis 20 ára gamalt.

Fyrirtækið var stofnað á kórreittum tíma, einmitt þegar mjólkurvörusala byrjaði fyrir alvöru að ná sér á strik í Kína og síðan þá hefur þróunin verið hröð. Í dag er Mengniu með 41 vinnslustöð í landinu auk þess að vera með tvær utan landsteinanna líka. Fyrirtækið er enn í miklum vexti og stefnir á aukin umsvif á heimsmarkaðinum á komandi árum.

Hjá fyrirtækinu starfa í dag um

40 þúsund manns og það vinnur úr 5,5 milljörðum lítra af mjólk á hverju ári. Mjólkinn kemur frá rúmlega 600 kínverskum kúabúum sem eru dreifð víða um þetta stóra land en þó er stærsti hluti búanna staðsettur á austurhluta landsins, allt frá norðausturhluta landsins og niður undir Sjanghæ.

**Sérhæfð vinnsla**

Í þeirri vinnslustöð sem hópurinn heimsótti voru ekki nema tvær vinnslulínur fyrir mjólkurafurðir. Önnur þeirra var nýtt til framleiðslu á bragðbættri jógurt en hin var notuð til framleiðslu á G-mjólk, bæði með og án bragðefna. Þrátt fyrir einhæfa framleiðslu í þessari afurðastöð var afkastagetan gríðarleg. Daglega er unnið úr 400 þúsund lítrum af mjólk sem er álfka magn og unnið er úr daglega að meðaltali á Íslandi í mun fleiri afurðastöðvum. Sérhæfingin hefur gert Mengniu mögulegt að keppa við innfluttar mjólkurafurðir af krafti og það þrátt fyrir að afurðastöðvaverð í Kína sé með því hæsta sem gerist í heiminum.

Í næsta Bændablaði verður birtur síðari hluti umfjöllunarinnar um þessa ferð bænda til Kína og verður þá m.a. fjallað um þrjár mismunandi heimsóknir á kúabú, þar á meðal bæði stærsta kúabú í Asíu auk stærsta kúabúsins í Kína sem notar mjaltþjóna, sem eru sjaldséðir í landinu. Þá sótti hópurinn einnig heim lífrænt hrísgrjónabú.



Áttum hreint magnaðan dag á Kínamúrnum eins og þú sérð næstum því af myndunum einum saman. Mynd / Geir Árdal, Daeli.

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**



Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



## LESENDABÁS

# Fjóshaugur mannkyns

Nytjaskógrækt er varanleg aðferð til kolefnisbindingar. Nytjaskógur er fjölbreytilegt vistkerfi með mikla líffræðilega fjölbreytni, rétt eins og birkiskógur. Nytjaskógrækt er ein þeirra leiða sem við verðum að nota til að ná árangri gegn loftslagsvandinum. En hvað er eiginlega þetta kolefni?

Kolefni er eitt algengasta frumefni í heiminum. Hvar sem þú kemur, lesandi góður, má heita víst að þú sért umkringdur kolefni í ýmsum myndum. Sjálf erum við að miklu leyti kolefni. Maturinn okkar, sykurinn, fötin, húsgögnin, húsin okkar, bækurnar, blómin, grasið, málningin, plastið, bensínið ... Hvarvetna blasir kolefnið við okkur í ýmsum myndum. Tré eru líka að mestu úr kolefni, rétt eins og aðrar lífverur. Þá svífur kolefni einnig um í loftinu í kringum okkur í hjónabandi við súrefni sem sameindin CO<sub>2</sub> og kallast koltvísýringur.

Kolefni hefur verið byggingar efni lífs á jörðinni í yfir þrjú milljarða ára. Fyrir tilstilli ljóstillfunar nýta plöntur, þörungar, sumar baktaríur og frumdyr sólarorku til að ná kolefni úr andrúmsloftinu og nýta það til næringar og í vefi sína. Þó er það svo, að í of miklu magni ógnar koltvísýringur í lofthjúpnunum framtíð lífsins á jörðinni, að minnsta kosti framtíð þess mannlífs sem við þekkjum nú. Koltvísýringurinn lokar inni varma niður við jörð sem ella geislaði út í geiminn. Frá iðnbyltingu hefur hlutfall CO<sub>2</sub> í lofthjúpnunum aukist mjög enda ákvað mannkyn að nýta sér til framfara þær risastóru kolefnisgeymslur sem er að finna í iðrum jarðar sem olíu, kol og jarðgas. Þessar kolefnisgeymslur hafa verið að myndast í hundruð milljóna ára úr leifum lífvera sem lifðu, önduðu og dóu hér á jörðinni.

Verkefni okkar jarðarbúa nú er að hætta að bæta í þann kolefnisforða sem við höfum verið að byggja upp í lofthjúpnunum með athöfnum okkar í um 250 ár en allra mest síðustu áratugi. Því miður hefur mannkynið aldrei mengað meira en nú þrátt fyrir alþjóðlega samninga um loftslagsmál. Ef við brennum olíu þurfum við að bíða í tugi eða hundruð milljóna ára eftir því að jafnmikið kolefni bindist á ný sem olía. Það er of



Ungur nytjaskógur í íslenski sveit, alaskaösp í forgrunni. Með ræktun alaskaaspar má fá verðmætar afurðir á aldarfjórðungi. Eftir skógarhöggið vaxa aspírnar upp aftur, binda nýtt kolefni og geta gefið verðmætar afurðir á ný eftir aldarfjórðung eða minna.

Mynd / Pétur Halldórsson

langur tími til að teljast sjálfbært á mælikvarða okkar. Við þurfum að binda kolefnið hraðar.

## Stingum út!

Ímyndum okkur fjóshaug. Haughúsið er að verða fullt. Þá er tvennt til ráða. Við getum hætt með kúr eða mokað úr haugnum. Reyndar mætti líka fara bil beggja. Við gætum líka fækkað kúnum og þá er magnið minna sem við þurfum að losa úr haughúsinu. Við höfum notað lofthjúp jarðar eins og fjóshaug frá iðnbyltingu og nú er svo komið að meira verður ekki bætt í hann án þess að illa fari. Verkefni okkar er að draga smám saman úr því sem við bætum í hauginn og reyna að moka úr honum líka.

Margs konar verkfæri koma að gagni við þennan mokstur. Eitt af þeim er skógur. Nýlegar niðurstöður Crowther Lab vísindastofnunarinnar í Sviss sýna okkur að nægilegt landrými er fyrir hendi á jörðinni til að rækta skóg sem á næsta mannsaldri

gæti bundið tvo þriðju af öllu því kolefni sem mannkynið hefur samantlagt losað frá iðnbyltingu. Ekki er víst að allur sá skógur verði ræktaður en þetta sýnir okkur hvers skógarinnir eru megnugir, líka hérlendis. Skógrækt er góð skófla til að moka úr kolefnisforðanum í lofthjúpnunum sem mannkynið hefur látið safnast upp líkt og vanhirtan fjóshaug. Trén geta mokað úr þeim fjóshaug fyrir okkur.

## Stöðug binding í nytjaskógi

Að uppnefna ræktaða skóga á Íslandi „plantekru“ eins og Snorri Baldursson, deildarforseti við LbhÍ, gerði í Bændablaðsgrein 24. október, er ekki málefnalegt. Hann talar vel um vistheimt en niður til skógræktar og annarrar ræktunar. Ræktaðir skógar á Íslandi eru langlífrir og í þeim þroskast skógarvistkerfi, sem fóstur fjölbreytta flóru og fánú. Grisjun skóganna hjálpar til svo vistkerfi skógarins verði fjölbreytt og heilbriggt. Jarðrask er

sáralítið, áburðarnotkun einnig og engin eiturefni notuð. Vissulega er skógurinn loks felldur en ef hann er ræktaður með sjálfbærum hætti hverfur hann ekki. Um helmingur þess kolefnisforða sem skógurinn hefur bundið verður eftir sem kolefni í jarðvegi. Rætur, greinar og lauf eða barr sem aukið hefur á kolefnisforða jarðvegsins er almennt skilið eftir. Kolefnisbinding skógarins heldur svo áfram með nýjum trjám sem ýmist vaxa upp af fræi eða gróðursettum plöntum. Samfelldur skógur, samfelld binding.

Jafnvel þótt ein eða fáar trjátegundir séu ríkjandi í skógi hefur það ekkert gildi að uppnefna skógin plantekru. Íslenskir birkiskógar eru að mestu ein trjátegund, birki, með stöku reynivið og víði inn á milli. Í frumskógum víða um heim er gjarnan ein tegund ríkjandi þótt það eigi ekki við um regnskóga hitabeltisins. Tegundafjölbreytni í íslenskum nytjaskógum er síst minni en víða í frumskógum. Nytjaskóga má rækta með þeim hætti að þeir verði öflug, fjölbreytt og gjöful vistkerfi og það er gert á Íslandi.

Aðurnefndur deildarforseti LbhÍ, sem raunar er yfirmaður skógræðináms við skólann, gefur ranga mynd af nytjaskógrækt í grein sinni. Hann skrifar að í nytjaskógum bindist vissulega mikið kolefni á stuttum tíma en ofanjarðarluti þess kolefnis sé fjarlægður eftir einhverja áratugi og mestu af því brennt aftur og losað út í andrúmsloftið. Sannarlega er iðnviður til brennslu mikilvægur því það er miklu betra að fá brenni úr skógi en nota kol, olíu eða gas. Kolefnið sem losnaði úr viðnum binst fljótt aftur í nýjum trjám þegar skógar eru ræktaðir og nytjaðir með sjálfbærum hætti. Kolefnið úr olíu eða jarðkolum er hins vegar ný viðbót sem núverandi vistkerfi ná ekki að binda. Svo er það keppikefli í íslenskum skógarnytjum að þróa notkunarmöguleika vitarins sem fela í sér varðveislu kolefnisins í honum til lengri tíma, t.d. í byggingum eða húsgögnum. Nytjavíður getur leyst af hólmi efni sem valda mikilli losun eins og stál og steinsteypu.

## Bæði náttúruskóga og nytjaskóga

Snorri gefur í skyn að skógrækt sé ekki lausn á loftslagsvanda mannkyns heldur viðhaldi hún þvert á móti neyslusamfélaginu og skyndilausnum þess. Hann vitnar til greinar eftir Simon L. Lewis í tímaritinu Nature þar sem fullyrst sé að endurheimt náttúruskóga í hitabeltinu sé mun áhrifaríkari og varanlegri leið til að binda kolefni en „plantekruskógar“ eins og hann kys að kalla nytjaskóga. Munurinn geti verið allt að fertugfaldur, náttúruskógum í vil.

Illt er að afvegaleiða fólk með þessum hætti. Í grein Lewis er einungis fjallað um samanburð á ræktaðum skógum Eucalyptus- og Acacia-tegunda í hitabeltinu, sem eru ræktaðir í mjög þröngum tilgangi til pappírframleiðslu, og náttúrulegum regnskógum sem ekki eru felldir. Trén í fyrrnefndu skógunum eru felld eftir 10 ár eða svo frá gróðursetningu. Ekkert af því sem þarna er til umfjöllunar á við um skógrækt á Íslandi, ekki einu sinni um asparrækt í 25 ára lotum. Augljóslega er villandi að bera saman 80 m háa regnskóga með 100 trjátegundir á hektara og íslenska birkiskóga sem oftast eru undir 2 m á hæð og verða sjaldnast nema 50-70 ára gamlir.

Við eigum bæði að útbreiða birkiskóga og rækta nytjaskóga. Hvort tveggja hefur loftslagsávinning í för með sér. Skógræktin hefur unnið að því að friða og útbreiða birkiskóga frá árinu 1905 og heldur því áfram. Birkiskógarinn hafa á þeim tíma breiðst margfalt meira út en ræktaðu skógarinn. Ræktaðu skógarinn binda hins vegar miklu meira á hverjum hektara lands, gefa annars konar verðmæti en birkiskógar og líffjölbreytni er síst minni.

## Sama rósín sprettur aldrei aftur

Náttúran er síbreytileg. Birkiskógar sem við breiðum út á ný verða ekki eins og þeir sem hér voru við landnámið. Þeir fóstur á ymsar lífverur sem þá fundust ekki á Íslandi. Skógar er alltaf skógar, burtséð frá uppruna þeirra tegunda sem þar þrífast. Skógar gera gagn, hvort sem það er að fóstur lífríki, vernda jarðveg, skapa skjól, binda kolefni eða framleiða timbur. Þessi gagnsemi skóga hefur verið nefnd þjónusta, jafnvel vistkerfisþjónusta. Skiptir kannski meira máli hvaða þjónusta skógarinn veita en hvaða trjátegundir vaxa þar? Ræktun hvers kyns skóga felur í sér ákveðna vistheimt en það hugtak er umfjöllunarefni í nefndri grein Snorra í Bændablaðinu.

Við getum bundið mjög mikið kolefni með nytjaskógum á örlitlu broti landsins. Nú þegar binda nytjaskógar á hálfu prósentu landsins um 10% af losun landsmanna. Við þyrftum einungis nytjaskóg á 5% landsins til að binda allt kolefni sem þjóðin þarf að standa skil á. Það þætti þó enn lítil skógarþekja í samanburði heimsins. Engin ein leið er „eina ásættanlega leiðin“ til að bæta kolefnisbúskap landsvæða og sama rósín sprettur aldrei aftur. Við þurfum að nota margar leiðir og horfa til framtíðar.

Pétur Halldórsson

Höfundur starfar að kynningar- málum hjá Skógræktinni

## Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

Frá Bændasamtökum Íslands:

Fagræð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagræð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefni skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagræð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar. Fagræð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2019. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 6. desember 2019 og skal umsóknum skilað til: Fagræð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.

Fagræð í hrossarækt.



**Bændablaðið**  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bændablaðið)



# Hryssur með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 2019

**Þorvaldur Kristjánsson**  
ábyrgðarmaður í  
hrossarækt  
thk@rml.is



Alls hlutu átta hryssur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á árinu en til að hljóta verðlaunin þarf hryssan að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins.

Hérna fyrir neðan má lesa um þær hryssur sem náðu þessum merka áfanga á árinu, aðaleinkunn þeirra í kynbótamatinu, ásamt umsögn um afkvæmin. Þrýði frá Ketilsstöðum og Fold frá Auðsholtshjáleigu eru báðar með 119 stig og eru því í öðru sæti en aukastafir skilja að hryssur í fjórða til sjöunda sæti.



**Sonur Eldingar frá Torfunesi, Eldur frá Torfunesi.** Mynd / Worldfengur.com

**Elding frá Torfunesi – 123 stig**  
Faðir: Djáknar frá Hvammi  
Móðir: Röst frá Torfunesi

#### Umsögn um afkvæmi:

Elding frá Torfunesi gefur hross í rúmu meðallagi að stærð með mjúkan og reistan háls. Þau eru langvaxin og jafnvægisgóð í byggingu, með sterka fótagerð og góðan þróðleika. Afkvæmin eru mjúk og rúm alhliða hross með virkjamiklar hreyfingar, tölt og brokk er taktreint og skrefmikið en hægt stökk oft fjór-taktað og fetið skrefstutt, skeiðgeta er úrval. Elding gefur myktarhross með mikla ganghæfni og þjálán vilja, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

**Fold frá Auðsholtshjáleigu – 119 stig**

Faðir: Skorri frá Blönduósi  
Móðir: Fjöður frá Ingólfshvoli

#### Umsögn um afkvæmi:

Fold frá Auðsholtshjáleigu gefur



**Fold frá Auðsholtshjáleigu.**  
Mynd / Worldfengur.com

hross í meðallagi að stærð með góða frambyggingu og öflugra yfirlínu; hálsinn er reistur og mjúkur, bakið er breitt og vöðvafyllt og lendin öflug. Þau eru myndarleg, léttyggð og fótahá. Fætur eru með öflugar sínar en oft útskeifir að framan, hófar eru efnismiklir. Afkvæmi Foldar eru flugviljug, reist og fara vel í reið. Töltið er taktreint, mjúkt og rúmt, brokkið er í rúmu meðallagi og skeiðið ferðmikið. Stökkið er yfirleitt rúmt og hátt. Fold gefur framfalleg myndarhross með góða ganghæfni, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.



**Þrýði frá Ketilsstöðum.**  
Mynd / Worldfengur.com

**Þrýði frá Ketilsstöðum – 119 stig**

Faðir: Númi frá Þóróddsstöðum  
Móðir: Hlín frá Ketilsstöðum

#### Umsögn um afkvæmi:

Þrýði frá Ketilsstöðum gefur framfalleg hross með mjúkan háls og háar herðar, bak og lend vantar vöðvafyllingu og lendin er fremur gróf. Afkvæmin eru oft myndarleg á velli, fætur eru yfir meðallagi hvað gerð og réttleika varðar og afkvæmin eru þrúð á fax og tagl. Þrýði gefur rúm og skrefmikil alhliða hross, þau eru getumikil á gangi, ásækin í vilja og fara vel í reið. Þrýði hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.



**Dóttir Óperu frá Gýgjarhóli, Vala frá Efsta-Seli.** Mynd / Lóa Dagmar Smáradóttir

**Ópera frá Gýgjarhóli – 118 stig**

Faðir: Kolskeggur frá Kjarnholtum I  
Móðir: Gáta frá Gýgjarhóli

#### Umsögn um afkvæmi:

Ópera frá Gýgjarhóli gefur hross í meðallagi að stærð með skarpt og þurrt höfuð, hálsinn er hátt settur og lendin er öflug. Þau eru oft fótahá og myndarleg. Þróðleiki á fax og tagl er ekki mikill. Þau eru fremur fjölhæf alhliða hross; töltið er taktreint og mjúkt, brokkið er skrefmikið en mætti vera jafnara, skeiðið er taktreint og ferðmikið. Afkvæmin eru viljug og þjál. Ópera gefur þrýðilega gerð hross, flugvökur og fylgin sér, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.



**Vænting frá Hruna.**  
Mynd / Worldfengur.com

**Vænting frá Hruna – 116 stig**

Faðir: Aron frá Strandarhöfði  
Móðir: Þrá frá Kóparykjum

#### Umsögn um afkvæmi:

Vænting frá Hruna gefur hross í rúmu meðallagi að stærð, fríðleiki á höfuð er í meðallagi en frambygging heldur góð með háum herðum, bak og lend er vöðvafyllt og lendin er löng, fótahæð er yfir meðallagi og afkvæmin eru langvaxin. Fætur hafa öflugar sínar og mikil sinaskil og

hófar eru vel gerðir. Þróðleiki er í tæpu meðallagi. Vænting gefur yfirveguð og vel viljug alhliða hross, töltið er taktreint, brokkið er skrefmikið en fremur sviflitið og skeiðið er öruggt og ferðmikið, stökkið er ferðgott en heldur sviflitið og fetið misjafnt. Vænting gefur þrýðilega gerð, viljug og geðþrúð alhliða hross, skeiðið best, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.



**Pandra frá Reykjavík.**  
Mynd / Worldfengur.com

**Pandra frá Reykjavík – 116 stig**

Faðir: Kolfinnur frá Kjarnholtum I  
Móðir: Perla frá Ölvaldsstöðum

#### Umsögn um afkvæmi:

Pandra frá Reykjavík gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Sköpulag er þökkalegt og yfirlínan er best; mykt í hálsi og sterk baklína. Afkvæmin eru þrýðis reiðhross, töltið er jafnan gott, taktreint og skrefmikið, brokkið er í rúmu meðallagi, þau stökkva af krafti og skeiðið er taktreint og skrefmikið sé það fyrir hendi. Þau hafa góðan reiðvilja og fara myndarlega í reið. Pandra gefur ganghrein reiðhross með sterka yfirlínu, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fimmta sætið.

**Önn frá Ketilsstöðum – 116 stig**

Faðir: Hrímfaxi frá Hvanneyri  
Móðir: Oddrún frá Ketilsstöðum

#### Umsögn um afkvæmi:

Önn frá Ketilsstöðum gefur hross í tæpri meðalstærð, sköpulag er misjafnt að gerð en yfirleitt eru þau reiðhestsleg með sterka yfirlínu, mjúkan háls og háar herðar.



**Önn frá Ketilsstöðum.**  
Mynd / Worldfengur.com

Afkvæmin eru öflug á gangi, með skil á milli gangtegunda og góðan fótburð. Töltið er jafnan afar gott, brokkið taktreint og hreyfingamikið og skeiðið sniðfast. Þau eru ásækin í vilja og hafa orkumikla útgeislun. Önn hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og sjötta sætið.




**Sonur Eldingar frá Haukholtum, Apollo frá Haukholtum.**  
Mynd / Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir

**Elding frá Haukholtum – 116 stig**

Faðir: Hrynjandi frá Hrepphólum  
Móðir: Fjöður frá Haukholtum

#### Umsögn um afkvæmi:

Elding frá Haukholtum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð, þau eru með langan og reistan háls, sterka yfirlínu og eru fótahá og myndarleg. Fótagerð og þróðleiki er í tæpu meðallagi en hófar eru efnismiklir. Afkvæmi Eldingar eru skrefmikil og hágeng, töltið er jafnan afar gott; taktreint, mjúkt og hreyfingafallegt, brokkið skrefmikið og þau stökkva af krafti. Flest búa yfir nokkurri vekurð. Elding gefur framfalleg stólpa-hross sem fara vel í reið og búa yfir þjálum vilja, hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og sjöunda sætið.



Haustríð við Brúarlæk við Biskupstungnabraut.

Mynd / HKr.

## VÍKURVAGNAR EHF.

### MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



**RAF MAGNSBÚNAÐUR  
BREMSUR  
BEISLI  
DEKK  
LJÓS  
LED LJÓS**



### STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík  
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is



## VÉLABÁSSINN

# Sparneytinn Toyota Corolla Hybrid

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Toyota Corolla var fyrst framleiddur 1966 og var þá með 1077 cc vél sem átti að skila 60 hestöflum. Á þessum rúmu fimm tíu árum hefur bíllinn eðlilega tekið miklum breytingum og á síðasta ári voru seldir nálægt ein milljón bíla sem bera nafnið Toyota Corolla og er nú orðin Hybrid bíll sem hefur rafmagnsvél og bensínvél sem vinna saman.

Fyrir skemmstu fór ég í Toyota Kaupþúni og fékk nýjasta Corolla bíllinn í stuttan prufuakstur.

## Vélabúnaðurinn flókinn en virkar fínt

Bíllinn sem prófaður var heitir Toyota Corolla Hybrid Active og er sjálfskiptur með 122 hestafla 1798 cc bensínvél. Hún hleður rafmagn í akstri inn á rafgeyma fyrir rafmagnsmótorinn og einnig er hleðslan tengd inn á bremsurnar sem hleður líka á rafhlöðurnar þegar maður bremsar.

Þegar bílnum er ekið mjúklega, á jafnsléttu og niður í móti slekkur bensínvélin á sér og við tekur rafmagnsmótorinn og viðheldur hraða og fyrir vikið sparast eldsneyti og útblástur er aðeins minni í þessum bíl en hefðbundnum bílum.

Á meðan ég ók bílnum fannst mér skrítið að fylgjast með snúningshraðamæli vélarinnar alltaf af og til vera að detta á núll þegar bensínvélin tók við og hélt uppi ökuhraðanum sem ég var á.

## Góður kraftur í vél sem hægt er að stilla á þrjú vegu

Margir bílar eru með valmöguleika á að stilla vélin á mismunandi kraft og oftast eru stillingarnar þrjár, Eco, Normal og Sport (oft munar um 10% á hverri stillingunni).

Að keyra bíl í Eco-stillingunni í innanbæjarakstri finnst mér ekki skemmtilegt. Ef valmöguleikarnir eru þrír eins og í þessum bíl þá nota ég almennt kraftmesta stillinguna þar sem umferð er mest.



Frekar lítið fótapláss fyrir farþega í aftursætum.



Toyota Corolla Hybrid.

Myndir / HLJ



Muna að kveikja ljósin, og margir Toyota-bílar ljóslausir að aftan í umferðinni.

Normal og sparasturstillingararnar nota ég oftar í langkeysrum og það gerði ég í þessum bíl. Margir hugsa um að keyra þannig að eyða sem minnstu eldsneyti og til að gera það í þessum bíl er hægt að stilla aksturstölvuskjámyndina á súlurit sem er í boði og fylgjast þar með eyðslunni. Þetta súlurit fannst mér auðvelt að átta mig á og keyra samkvæmt því og sá þar vel mismuninn á eyðslu miðað við

mismunandi aksturslag og kraftstillingu á vél.

## Prufuaksturinn var styttri en ég hafði hugsað mér

Fyrst var tekinn innanbæjarrúntur í miðbæ Hafnarfjarðar og fannst mér eyðslan í þeim akstri vera full mikil (7,6 lítrar á hundraðið), en í utanbæjarakstri er eyðslan mjög lítil, sérstaklega þegar ekið er á jöfnum hraða og ef rafmagnsmótorinn hefur rafmagn er eyðslan engin á því augnabliki.

Ég hafði hugsað mér að aka malarveginn frá Hafnarfirði upp í Bláfjöll, en á 18 tommu felgunum sem búið var að setja undir bílinn í stað 16 tommu voru dekkinn að höggva svo mikið í holóttum malarvegnum að ég þorði ekki að keyra veginn til enda. Ég óttaðist að höggva út úr hliðinni á dekkjunum og þar sem ekkert varadekk var í bílnum ákvað ég að snúa við.

Smásteinahljóðið upp undir bílinn frá grófum framdekkjunum var frekar mikið, en annars var bíllinn mjög stöðugur á malarvegi og fjöðrunin tók vel holurnar í malarvegnum þrátt fyrir að nánast enga fjöðrun var að fá frá lágum 18 tommu dekkjunum. Á malbikinu eru þessi dekk æðisleg þar sem



Þessi skjámynd er góð til að læra á bílinn sé verið að spara eldsneyti.



Hér vantar varadekk og tjakk.



Skrítið að sjá snúningsmælinn á 0 snúning og vera á 50 í innanbæjarakstrinum.



Lítið pláss til að setja á sig öryggisbeltið.

malbikið er gott og nýtt (sem er því miður ekki á mörgum stöðum). Heildaraksturinn hjá mér endaði

## Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.370 mm
Hæð	1.435 mm
Breidd	1.790 mm

í rúmunum 80 km, og var meðalhraðinn 55 km, og samkvæmt aksturstölvunni hafði meðaleyðsla mín verið 4,9 á hundraðið.

## Mikið gott í bílnum og fáir mínusar

Í umferðinni finnst mér áberandi hvað margir Toyota-bílar eru ljóslausir að aftan, en það þarf að kveikja ljósin til að fá afturljósin á (ekki nota Auto-takkann, þá er maður ekki löglegur í umferð). Geymsluplássið á milli framsættanna er fullstórt og þrengir að þegar maður setur á sig öryggisbeltið og það vantar varadekk í bílinn, frekar þrengt rými fyrir farþega í aftursæturnum, en þetta voru helstu mínusarnir sem ég sá. Plúsarnir eru fleiri, kraftur finnst góð framsæti, sparneytinn bíll, góð og vel skiljanleg aksturstölv, stór bakkmyndavél, farangursrými gott. Verðið á Toyota Corolla Hybrid Active sem prófaður var er 4.570.000 krónur.



ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Vetrarakstur, öryggi og reglugerðir sem taka ekki mið af ófærð og hættulegum aðstæðum:

# Skrítið að sekta fyrir nagladekk á sumrin en ekki fyrir sumardekk í vetrarófærð

– Í Noregi og víða erlendis eru mjög strangar reglur um vetrarbúnað ökutækja



Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is

Ég hef oft tjáð mig um það hvað á að gera við þann sem er ekki rétt útbúinn til aksturs í hálfu og snjó og lendir í þeirri aðstöðu að þurfa hjálp. Þá á viðkomandi aðeins að fá eina tegund aðstoðar. Hann á að fá hjálp til að koma sér strax af veginum og úr umferðinni.

Í gildi eru reglur sem kveða á um mynsturdýpt hjólbarða. Þannig er lágmarks mynsturdýpt 3 millimetrar (mm) yfir vetrartímamann, frá 1. nóvember til 14. apríl, en utan þess tíma þarf mynsturdýptin að vera að lágmarki 1,6 mm. Þessar kröfur ná til fólksbíla, vörubíla og rútubíla og eru reglurnar settar til að tryggja sem best veggrip hjólbarða og þar með öryggi allra vegfarenda. Keðjur og neglda hjólbarða má ekki nota á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna.

**Engar refsingar fyrir að vera á önytum dekkjum í snjó og hálfu**

Það er frekar undarlegt að hvergi er hægt að finna refsíákvæði í umferðarlögum ef ekið er á sumardekkjum eða önytum vetrardekkjum í hálfu og snjó, en hins vegar ef ekið er á nagladekkjum utan leyfilegs tíma er sektin 20.000 á hvern hjólbarða, svoltið skritin regla því þótt ekið sé á nagladekkjum í auðu skerðast aksturseginnleikar bíls lítið. Sé ekið á sumardekkjum eða á mjög slitnum



Ekki óalgeng sjón við Staðarskála í Hrutafirði á veturna.

dekkjum í hálfu og snjó getur bíll hreinlega verið algjörlega stjórnlaus og stórhættulegur sjálfum sér og öðrum sem í umferðinni eru.

**Strangar reglur í Noregi og háar sektir**

Noregur flytur mjög mikið af vörum landleiðina svipað og hér á Íslandi, en í Noregi eru margir fjallvegir og mishæðótt land. Norskir vöruflytningabílar verða að vera á vetrardekkjum frá 1. október og er sekt flytningabíla fyrir að vera tekinn á rögum hjólbörðum, það er 1.000 kr. norskar á dekk ef mynstur eða dekk er ekki M+S merkt og 750 kr. norskar ef það vantar keðju. Við þetta má bæta að 1. október 2020 tvöfaldast allar vetrarsektir í Noregi. Ef flytningabíll er með 10 hjól-

barða verður hann að vera með lágmark 7 keðjur meðferðis.

Eitt af stærri vandamálum í Noregi eru bílar sem koma frá Evrópu til að sækja vörur (aðallega fisk). Þessir flytningabílar eru oftast ekki á dekkjum sem eru lögleg á veturna og til að reyna að komast inn í landið eru sumir með hangandi utan á bílunum keðjur á öll hjól. Norska landamæralöglegan hefur mikið vald og oftast en ekki hefur bílum verið snúið við vegna þess að bílstjórnarnir kunnu ekki að setja keðjurnar undir bílinn.

**Vantar að klára vetrarreglugerðina fyrir Ísland**

Það var klárlega stórt skref í rétta átt að lágmarka mynsturdýpt hjólbarða á Íslandi yfir vetrar-

mánuðina, en það vantar að koma á pappír refsingum og heimild til að taka ökutæki úr umferð (kyrrsetja ökutæki tímabundið vegna lélegra hjólbarða). Einnig vantar sektarákvæði inn í íslensku vetrarreglurnar.

Það eru víða reglur erlendis um sérstakan útbúnað yfir vetrarmánuðina. Á Ítalíu, Austurríki og Þýskalandi er bílum t.d. snúið við á fjallvegum sem ná vissri hæð nema að á hjólbörðum séu merkingarnar M+S og að í bílnum séu keðjur.

**Mætti bæta upplýsingar Vegagerðarinnar um vetrarfærð**

Á vef Vegagerðarinnar er mjög góður þjónustuvefur sem er mjög reglulega uppfærður og sýnir mismunandi færð á vegum merkt inn á kort með mismunandi litum. Við litina sem merkja þæfing og þunga færð hefði mátt bæta við að það sé eingöngu fyrir fjórhjóladriftsbíla (4x4), sem búnir eru góðum vetrardekkjum, nagladekkjum og/eða keðjum.



Wendel

**Överaasen DLS-270**

Skekkanleg kasttönn fyrir dráttarvél og hjólaskóflu

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík | Sími 551 5464 | www.wendel.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins

	119	LJÓMANDI	SETIS	DÁ	TVÍHLJÓÐI	SKJÓTUR		ODDI	DEYÐA	AFSPURN	GRIND
	STEFNUMÓT										
	GÁLUR						Á FLÍK				
	TÆRA				FRAMBURÐUR		ÖNÆÐI				
	GLITRA				HNUGGINN			FÁLM			
	PRUFA							MARÐAR-DYR			
							KLÆÐI				STARFS-GRÆIN
							UTAN				
	FRÁ-RENNSLI								ÓSETTI	SOG	
	HLIÐ				SKÍÐA-ÞRÓTT						
					KVK NAFN						
	FÆDDI							SLAGSMÁL			
								TUSKA			
	MÁLMAUR										LYKTAR
								UTANHÚSS			
								HYGGJAST			
	MÆLI-EINING							RÁS			REYKJA
								AUM			
	FISKUR									HLJÓM	
										FRÁ	
	LETUR-TÁKN										
	TVEIR										

**Lausn á krossgátu í síðasta blaði**

	118	ARGUR	ÆSIR	NJÁLFUN	VÖRU-MERKI	TERTA		LERIR	SVARI	YNDIS	HUGUR
	MEINLAUS	G	R	Æ	S	K	U	L	A	U	S
	HEGNA	R	E	F	S	A		FRALLSWÖF	E	N	N
								TILRÆÐI			
	VETA	A	G	I				MAUKID	K	Á	S
								SLÉTTA			S
	LEIFAR	M	I	N	J	A	R		FAR	I	Ð
								SAMSULL	SKÍMA		N
								KVEIF			
								RÖNVERSK	G	U	N
								TALA	A		
									HJÓ	Á	S
									VEIR	EINS	S
											S
	REIÐUR	I	L	L	U	R		REYKJA	FÖST	F	A
									STJÓRD	S	T
									ÞRÓTT	I	
	TALA	F	I	M	M			HREÐA	Ö	G	N
								MARGVÍS-	N	A	
								LEGAR			A
									BLÁSA	A	N
									FLÚTR	D	A
	Í RÖÐ	R	S		S	Y	S	STARFA	GAGN	A	F
								SKYMFÆRA	ÆVINLEGA	N	O
	ÖHREINKA	A	T	A		M	A	MÁNUÐUR	ESPAST	Æ	S
								VÖRU-FLUTNINGUR	ÁKERA	S	A
										S	T
								ÞAKBRUN			
								ÁVÖKTUR	FÉLAGI	M	Á
										TÆRA	Æ
										RAGN	T
	GRENNA	M	E	G	R	A		SAMTÖK	A	S	Í
								LYKT			B
									MARR	B	R
									SÍDA	A	K
	ÓVARDARI	O	P	N	A	R	I	EINKENNI	A	Ð	A
								UPP-ÞRÖPUN		L	
										S	V
	HÖGG	S	L	A	G		L	NIDURLAG	L	O	K
									TANN-	G	Ó
									STEDI	M	U
	TVEIR	I	I		T	E	M	J	A	A	T

**Bændablaðið**  
kemur næst út 5. desember  
Smáauglýsingar 56-30-300



## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

**Sveinn Ingi og Andrea flytja á Heiðarbæ II 2016 og koma inn í búskapinn með Sveinbirni, föður Sveins.**

Sveinn Ingi er fæddur og uppalinn á Heiðarbæ II. Í október á þessu ári byrjuðu Sveinn og Andrea að reisa sér íbúðarhús á bænum.

Sveinbjörn Jón Einarsson, langafi Sveins, flutti að Heiðarbæ 1921 frá Hvítanesi í Kjós. Ábúð ættarinnar er að ná 100 árum.

**Býli:** Heiðarbæ II.

**Staðsett í sveit:** Í Þingvallasveit í Bláskógabyggð.

**Ábúendur:** Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Andrea Skúladóttir og Sveinbjörn F. Einarsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum 3 börn, 3 hunda, 1 kött, 1 kanínu og afa Sveinbjörn.

**Stærð jarðar?** Um 4.000 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbúskapur og kjúklingaeldi.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Erum með 450 vetrarfóðraðar kindur, eldi 10.000 kjúklinga fyrir Reykjabúíð og 12 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Dagurinn byrjar á að líta til með kjúklingunum. Næst fer Sveinbjörn í skólaakstur og keyrir börnin úr sveitinni í grunnskólann á Laugarvatni. Sveinn Ingi og Andrea



eru bæði útí vinnandi. Gegningar kvölds og morgna og önnur tilfallandi störf.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Þegar þetta var rætt kom sama starfið upp í báðum tilfellum. Smalamennskur í góðu veðri og þegar gengur vel er það skemmtilegast en geta verið það

allra leiðinlegasta í slyddu og eljum í eftirleitum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með nokkuð svipuðu sniði nema forsendur breytist.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Erum ansi slök við



## Heiðarbæ II



**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Tækifærin liggja í öllum greinum landbúnaðarins. Framúskarandi afurðir sem þarf að kynna sem víðast.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, lifrarpýlsa, smjör og ostur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Innfluttur Costco-tómatar og nýsjálenskir lambahryggir ... eða bara lifrarpýlsa og svelköld íslensk mjólk með.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það er erfitt að segja hvað er eftirminnilegast. Við feðgar erum ansi tækjaglaðir og höfum brennandi áhuga á dráttarvélum og stendur ofarlega þegar við fluttum inn Fendt-dráttarvél og tókum til starfa í búskapnum og verktöku.

þáttöku í félagsmálum bænda og höfum ekki sterkar skoðanir á þeim.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Ef við höldum í hreinleika og rekjanleika afurða mun landbúnaði vegna vel. Vonandi gefst bændum meiri kostur á því að vinna sínar afurðir sjálfir í meira mæli og selja beint frá býli.

## MATARKRÓKURINN

# Jólalegir smáréttir fyrir aðventuna



**Bjarni Gunnar Kristinnsson**  
matreiðslumeistari

**Aðventan er á næsta leiti og þá er tilvalið að gera vel við sig með jólalegum smáréttum.**

### Spægipýlsu-keilur fylltar með rjómaosti

Rúllið einfaldlega upp sneið af spægipýlsu, skerið aðeins í hana til að mynda keilulaga „cone“ og fylltu með rjómaosti. Meðlæti að eigin vali, til dæmis spægipýlsuþitar, ásamt ferskum jarðarberjum með pipar og kóríander.

- › 200 g mjúkur rjómaostur
- › 1 tsk. pipar að eigin vali
- › 3 msk. sneidd jarðarber
- › 2 msk fint skornir teningar spægipýlsu
- › 300 g spægipýlsa, þunnt skorin (hægt að steikja sneiðarnar fyrst til að fá stökka áferð)
- › Nokkur blöð ferskur kóríander

Setjið rjómaost í sprautupoka.

Skerið spægipýlsusneiðar í tvennt. Snúðið hverri sneið til að mynda í keilulaga „cone“ og sprautið rjómaosti inn í keilurnar.

Setjið hverja keilu á fat eða lokið með tannstónglum og skreytið með meðlæti að eigin vali.



**Lamb Tartare Crostini.**

### Lamb Tartare Crostini

- › 300 g góður lambavöðvi eða hangikjöt til hátíðarbrigða
- › 1 msk. Worcestershire sósa (sleppa með hangikjöti því það er saltað fyrirfram)
- › ¼ sítróna, safinn
- › ¼ tsk. capers
- › ½ skalottlaukur, hakkaður fint
- › Saltið og piprið eftir smekk (en munið að hangikjöt er saltara).
- › 100 g rauðrófur úr dós í bitum
- › Steinselja til skreytinga
- › 6 ristaðar crostini brauðsneiðar (til dæmis baguette-brauð)

Hægt er að skreyta og bragðbæta með þunnt skorinni sellerírótt kryddaðri með sveppamauki og jafnvel misó-kryddi (en má sleppa).

Frystið lamb í 30 mínútur.

Fjarlægjið lambakjötið úr frystinum. Skerið lambið í þunnar sneiðar. Skerið síðan í mjög litla bita. Gangið úr skugga um að allir sé fint skorið. Blandið salti (hangikjöt er forsaltað), pipar, Worcestershire-sósa,



**Exótískur hunangs Dijon gljádúr hamborgarhryggur.**

sítrónusafa, capers og skalottlauk í litla skál. Smakkið til með rauðrófunum og kryddið eftir smekk.

Bætið blöndunni við lambið og bætið eggjarauðu við. Blandið vel saman.

Berið fram ofan á ristuðu crostini. Gott er að velta rötargrænmeti upp úr sveppamauki.

Toppið með steinselju til að skreyta.

### Exótískur hunangs Dijon gljádúr hamborgarhryggur

- › 1 hamborgarhryggur

#### Gljái:

- › 2 msk. engifer appelsínu marmelaði

- › 2 msk. dijon hunangs sinnep
- › 2 msk. mosvado sykurl
- › 1 tsk. saxaður engifer
- › 1 tsk. passion fruit (passiuldinn) má sleppa
- › Fyrir 6–8

Hægt er að krydda til hamborgarhrygg með því að bæta ferskum og framandi bragðtegundum við án þess að rjúfa fjölskylduhefðirnar.

Eldið hamborgarhrygginn eftir leiðbeiningum framleiðenda, gott að láta í pott, láta suðuna koma upp og leyfa honum að liggja í soðinu.

Svo er hryggurinn gljádúr með exótísku gljáanum okkar sem gott er að hræra saman kvöldið áður.



**Spægipýlsu-keilur.**



**HANNYRÐAHORNID**

# Sokkaskór á þau minnstu

Börnum verður ekki kalt á tásunum í þessum fallegu sokkaskóm. Ekkert er betra á köldum vetri en að skella á fæturna hlýjum og fallegum sokkum.

**Stærðir:** 1/3 (6/9) 12/18 mán. (Stærðir (2) 3/4 ára má nálgast á [www.garnstudio.com](http://www.garnstudio.com))

Lengd á fæti: 10 (11) 12 cm

**Garn:** Drops Lima (fæst í Handverkskúnst): Litur ljósbeige nr 0206: 50 g í allar stærðir

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3,5 – eða þá stærð sem þarf til að 22 lykkjur = 10 cm á breidd. Kaðlprjón

Stykkið er prjónað í hring frá miðju undir sóla og upp að stroffi. Umferðin byrjar fyrir miðju að aftan.

Fitjið upp 38 (42) 46 lykkjur á. Setjið 1 prjónamerki eftir 19 (21) 23 lykkjur (= miðja að framan). Prjónið 1 umferð slétt. Aukið síðan út þannig:

**Umferð 1:** Prjónið 1 lykkju slétt, sláið uppá prjóninn, prjónið slétt þar til 1 lykkja er að







prjónamerki við miðju að framan, sláið uppá prjóninn, prjónið 2 lykkjur slétt (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa lykkja), sláið uppá

prjóninn, prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir af umferð, sláið uppá prjóninn, prjónið 1 lykkju slétt (= aukið út um 4 lykkjur).

**Umferð 2:** Prjónið slétt, uppslátturinn er prjónaður snúið slétt, svo ekki myndist gat. Endurtakið umferðir 1 og 2 alls 3 sinnum = 50 (54) 58 lykkjur.

Prjónið 2 umferðir slétt. Prjónið 1 umferð brugðna. Sólinn á nú að vera prjónaður til loka og haldið er áfram að prjóna mynstur yfir allar lykkjur þannig: Prjónið A.1a (= 25 (27) 29 lykkjur), (prjónamerki við miðju að framan), prjónið A.2a (= 25 (27) 29 lykkjur). Haldið svona áfram með mynstur hringinn. Þegar A.1a og A.2a hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina eru 40 (44) 48 lykkjur í umferð. Prjónið síðan A.1b yfir A.1a og A.2b yfir A.2a. Endurtakið A.1b og A.2b á hæðina þar til stykkið mælist alls 7 (9) 12 cm. Prjónið A.1c yfir A.1b og A.2c yfir A.2b = 44 (48) 52 lykkjur. Prjónið síðan stroff þannig: Prjónið A.1d yfir A.1c og A.2d yfir A.2c. Þegar stykkið mælist 13 (16) 20 cm, prjónið 2 göt fyrir snúru í hlið þannig: Prjónið 7 (9) 9 lykkjur eins og áður, prjónið 2 lykkjur slétt saman, sláið uppá prjóninn



Allt alpakkagarn frá Drops á 30% afslætti frá 14. október til 31. desember

Pantaðu á netinu og fáðu sent á þitt pósthús



Handverkskúnst

[www.garn.is](http://www.garn.is)

Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

**Mynstur**

- = slétt
- ⊗ = brugðnið
- ▢ = setjið 2 lykkjur á kaðlprjón aftan við stykkið, prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur slétt af kaðlprjóni
- ▣ = setjið 2 lykkjur á kaðlprjón fyrir framan stykkið, prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur slétt af kaðlprjóni
- ▤ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, uppslátturinn er ekki prjónaður snúinn í næstu umferð, það eiga að myndast göt
- ▥ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, uppslátturinn er prjónaður snúinn í næstu umferð, það eiga ekki að myndast göt
- ▧ = 2 lykkjur slétt saman
- ▨ = takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir
- ▩ = takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 2 lykkjur slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir
- ▬ = engin lykkja

(= 1 gat), prjónið 2 lykkjur eins og áður, prjónið 2 lykkjur slétt saman, sláið uppá prjóninn (= 1 gat), prjónið síðan eins og áður út umferðina. (Snúra er skraut og má sleppa) Haldið áfram með stroff eins og áður, uppslátturinn er ekki prjónaður snúinn, það eiga að myndast göt. Þegar stykkið mælist 15 (18) 22 cm, fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Passið uppá að affellingarkanturinn verði ekki stífur, fellið e.t.v. af með 1 númeri af grófari prjónum.

Saumið saum undir sóla í ystu lykkjubogana. Prjónið hinn sokkaskóinn eins en þegar fellt er af fyrir gati fyrir snúru er fellt af í lok umferðar, þ.e.a.s: prjónið eins og áður þar til eftir eru 13 (15) 15 lykkjur, prjónið 2 lykkjur slétt saman,

sláið uppá prjóninn, 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur slétt saman, sláið uppá prjóninn, prjónið síðan eins og áður út umferðina.

**Snúra:** Klippið 2 þræði ca 1 meter. Tvinnið þá saman þar til þeir taka í, leggið snúrana saman tvöfalda og þá kemur hún til með að tvinna sig aftur saman. Hnytið hnút á hvorn enda. Brjótið uppá stroffið ca til helminga niður og þræðið snúrunni í gegnum götin, hnytið slaufu. Gerið eina snúru fyrir hvorn sokkaskó.

Prjónakveðja, mæðgurnar í Handverkskúnst [www.garn.is](http://www.garn.is)

**Létt**

5	8		7		2		4	1
1			6		9			2
	9	2		5		3	6	
		5	3	2	6	8		
9	6			4			2	7
		8	5	9	7	6		
	2	1		6		4	7	
6			2		5			3
3	5		8		4		9	6

**Miðlungs**

		7			5			
		3	4	2				
		6		1		9	5	4
3	7		8		1		9	6
9		5				8		2
4	6		5		2		1	3
6	8	9		7		4		
				8	4	3		
			6			1		

**Þungt**

					3			
2	4			3	6		8	7
				9	2			
	5			2		8		
	8		3		1		7	
		1		7			5	
			9	1				
9	7		5	4			6	1
		5						

**Þyngst**

2			4	1				
	5		6		2			
6	1	3						
8			3	2				
		6				7		
				8	1			9
						4	3	2
			9		7		1	
				5	4			7

**Sudoku**

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

**FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ**

## Æfi fótbolta með Magna

Brynjar Snær er 6 ára og býr á Grenivík með mömmu sinni, pabba, Haraldi og Heiðdísu Rós.

**Nafn:** Brynjar Snær Hjaltason.

**Aldur:** 6 ára.

**Stjörnumerki:** Vatnsberi.

**Búseta:** Grenivík.

**Skóli:** Grenivíkurskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Vera í stærðfræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hamstur.

**Uppáhaldsmatur:** Pasta.

**Uppáhaldshljómsveit:** Jói Pé og Króli.

**Uppáhaldskvikmynd:** Spiderman.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég fór til Benidorm.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, æfi fótbolta með Magna og spila á gítar.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Boxari.



**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að smíða.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í vetur?** Fara á snjóbretti.

**Næst »** Brynjar Snær skorar á Raket Ýri, vinkonu sína á Grenivík, að svara næst.



## LESENDABÁS

# Er eignarhaldið á Íslandi að tapast í hendur útlendinga?

Land er að verða gulli dýrmætara í veröldinni og landi fylgja auðlindir og margvísleg réttindi. Með EES-samningunum fengu 480 milljónir manna sama rétt og við til að kaupa hér land, engar undanþágur var samið um. Alþingi setti hins vegar svokölluð „girdingarlög“, sem áttu að torvelda kaup útlendinga en urðu lítil fyrirstaða og nú engin og sumu í þeirri lagasetningu hafnaði ESB.

Ég minnst þess í aðdraganda EES að Steingrímur Hermannsson, þá fyrrverandi forsætisráðherra var í sjónvarpsviðtali, hann sat við fallega lækjarsprænu í grænni lautu og tuggði strá og ræddi um að við Íslendingar yrðum að verja okkar land og eiga landið sjálfir. Svo fór hann mörgum orðum um fegurðina, laxveiðirnar og að um land yrði barist í framtíðinni.

Nú er EES-samningurinn lofaður og gæði hans eru takmarkalaus hjá mörgum fræðimönnum og stjórnmálamönnum. En gallar EES-samningsins eru sjaldan raddir en eru alltaf að koma betur og betur í ljós.

Í upphafi snerist hann um fisk og viðskipti afurða inn í Evrópu, jú fjórfrelsið, frjálsa för peninga sem hér um bil gerði Ísland gjaldþrota. EES-samningurinn hefur snúist marga hringi og yfirtekið fleira og fleira, löggjöfin heimabökuð í Brussel nú komin með arma og klær; yfirtekur fleiri og fleiri svið.

## Lög og reglur í pósti frá Brussel

Við fáum löggjöf og reglugerðir sendar í pósti frá Brussel í þúsunda



Guðni Ágústsson.

vís og allt rennur þetta í gegnum Alþingi eins og lækjarspræna – stimplad og afgreitt.

Embættismenn ráðuneytanna mata þingið og hræra grautinn og hann er súr. Landbúnaðurinn sem ekki átti að fjalla um í EES geldur stórra fórna þar og í tollasamningum. Lífsafkoma bændanna er að bresta í stórum héruðum, jarðir falla úr ábúð eða ríkir menn koma og bjóða gull og græna skóga, auðmenn sem sjá jarðirnar í nýju ljósi innlendir eða þá erlendir menn frá Evrópu eða Kína.

## Óðalslöggjöf Norðmanna

Norðmenn verja sínar sveitir. Norðmenn í EES búa við annað hugarfar, brenndir af styrjöldum minnugir þess að þeir eiga að byggja landið allt. Þeir gera ekki kröfu um stórbúskap en vilja hafa fólk sem lifir og starfar á bændabýlumum.

Þeir eiga sér Óðalslöggjöf og vilja sína þjóð ráðandi í landinu. Þeir eiga grunnauðlindalöggjöf um auðlindir og landsbyggð sína.

## Alltof frjálsind löggjöf um búsetu

Sá er þetta ritar var landbúnaðarráðherra um langa hríð á miklum uppgangstímum í sveitunum. Þá var svo komið að tvær hindranir í jarðakaupum voru ekki taldar standast lengur, annars vegar forkaupsréttur sveitarfélaga, hann var talinn stangast á við stjórnarskrá og mannréttindi. Hitt var krafa um að eigandi jarðar yrði að byggja jörð sína sjálfur eða hafa leiguliða. Hvort tveggja var fellt út úr löggjöfinni.

Það er full ástæða til að harma bæði eigið gáleysi á þessum tíma og alltof frjálslynda löggjöf um búsetu og jarðalög sem Alþingi setti þá. En fáir virtust þá hafa áhyggjur af erlendri eða innlendri auðsöfnun í jarðakaupum, sem segir að bæði greinarhöfundur, þingmenn og ráðherrar þess tíma voru bláeygir.

## Liggur fiskur liggja undir steini?

Eru Kínverjar að koma inn um bakdyrnar? Jarðir eru nú keyptar í kippum og auðlindir í leiðinni, hvort laxinn er fyrirsláttur og eða markmiðið eða þá að annar fiskur liggja undir steini? Þar er átt við kaup á landi og yfirtaka fleiri auðlinda, sem kemur von bráðar í ljós.

Hvað vakir fyrir Jim Ratcliffe hinum breska, er það bara laxinn? Spurt er hvort hann sé að þvo silfrið? Jim Ratcliffe hefur þegar keypt Grímsstaði á Fjöllum sem

Núbó, kínverskur auðmaður, ætlaði sér en menn utan EES máttu ekki kaupa land hér nema með undanþágu, og Ögmundur Jónasson o.fl. stöðvuðu hann.

Hvað með Finnafjörð og Kínverja? Hvers vegna minnir allt hjá Ratcliffe á víkingana í útrásinni, flóknir kóngulóarvefir og hlutafélög?

Eðlilega dettur mörgum í hug að Ratcliffe sé leppur Kínverja sem sjá Ísland í hillungum. Kínverja munar ekkert um að byggja íslenskar bújarðir með kínverskum bændum sem búa með sauðfé og flytja afurðir sínar um Finnafjörð til Kína. Svo langt gengur þessi ríkasti maður heims að hann heggur í hlaðvarpann á Gunnarstöðum þar sem vinstrimaðurinn og forseti Alþingis er fæddur. Steingrímur J. Sigfússon, það er nærri þér og þinni fjölskyldu höggvið? Nú reynir á stjórnvísu þína og sitjandi Alþingis.

Eina örugga svarið sem við eigum er að byggja landið allt og nú ber að gera það vegna nýrra ógna og ekki síst tækifæra sem landbúnaðurinn hér í norðri á og ferðapjónustan skapar. Nýtt landhelgisstríð er hafið, lífbeltin eru tvö sem við þurfum að verja til að vera frjáls þjóð, hafið og landið sjálft.

„Botninn er suður í Borgarfirði,“ sögðu Bakkabræður en hvar botninn er til að stöðva leka tunnuna í jarðamálum er flókið mál.

Eru til úrræði sem ESB fellt á í gegnum EES að stöðva yfirtöku peningavalds og útlendinga á bújörðum?

Er hægt að taka EES-samninginn upp og fá undanþágu?

Er ekki full ástæða til að rannsaka landkaupamálið mikla á norðaust-

urhorninu hver er sannleikurinn og hvert er markmiðið?

## „Enginn má undan líta“

Kannski verða örlögin þau að þegar við vöknum upp af þessum vondra draumi er aðeins eitt ráð; að segja EES-samningnum upp? Og að taka allt land í eigu þessara auðmanna eignartaki? Eða þá hitt að við töpum landinu og þar með dýrmætum auðlindum og frelsi þjóðarinnar. „Enginn má undan líta“, landið er að tapast og Kveikur RÚV sýndi okkur það, en kannski var það bara ísjakinn sem sást.

Hvað vill þjóðin gera? Hvað vill Alþingi gera? Hvað er hægt að gera? Hér þarf snör handtök. Málið er dauðans alvara. Enginn þarf að ímynda sér að Íslendingar hafi sérstakan áhuga á því að enda sem landlaus þjóð í eigin landi. Engum þarf að detta í hug þegar næsta kynslóð horfir yfir farinn veg eftir fimmtíu ár að hún dáist að virðingarleysi okkar og skammsýni. Að þá sé hún Snorrabúð stekkur og auðvald heimsins með eignarhald á jörðum forfeðranna. Þyrlur og einkapötur verði farartæki þeirra og gullkeðjur í hliðunum við bændabýlin smáu. Og þar standi á rauðu skylti „do not entrance sign.“ Kjörnnum fulltrúum þjóðarinnar leyfist ekki að líta undan og framhjá því sem nú er að gerast í sveitum þessa lands. Bújarðir og þar með auðlindir veiðianna, vatns og orku eru komnar á alþjóðlega útsölu á Íslandi.

Guðni Ágústsson,  
fyrrverandi  
landbúnaðarráðherra

## MENNING & LISTIR

Bókin Fákarn og fólk eftir Eirík Jónsson:

# Eitt verðmætasta safn hestaljósmynda gefið út

Bókaútgáfan Nýhöfn hefur gefið út bókina Fákarn og fólk en í henni skrásetur Eiríkur Jónsson ljósmyndari svipmyndir af hestamótum á undanförunum áratugum í máli og myndum.

Útgefandinn, Ívar Gissurarson, segir bók Eiríks vera afrakstur 30 ára vinnu við myndatökur á hestamótum á árunum 1979–2010. Í bókinni, sem er 256 blaðsíður, eru 373 myndir og segir Ívar myndasafn Eiríks án efa eitt verðmætasta safn íslenskra hestaljósmynda á þessu tímabili.

## Eiríkur alltaf með myndavélina á lofti


Á bakhlið bókarn lýsir Hulda G. Geirsdóttur, útvarps- og hestamaður, innihaldi bókarn:

„Eiríkur Jónsson telst ekki til hefðbundinna hestamanna en hans þátttaka í hestamótum á Íslandi er þó sennilega jafnmikil, ef ekki meiri, en margra öflugustu reiðmanna landsins. Allt frá því ég fór á mitt fyrsta hestamót hefur Eiríkur verið þar með myndavélina á lofti og myndað fólk og hross. Samhliða hefur hann skráð myndefni sitt og þar með skapað eitt verðmætasta safn íslenskra hestaljósmynda sem

margir hafa sótt í, jafnt fjölmiðlar sem einstaklingar sem varðveita vilja góðar minningar.

## Framfarir í hestahaldi

Árin skipta tugum og lesa má sögu íslenskrar hestamennsku og reiðlistar að miklu leyti í gegnum myndir Eiríks. Bók þessi er stórskemmtilegt yfirlit sem segir fjölbreytta sögu og endurspeglar ótrúlegar framfarir og breytingar í hestahaldi og reiðmennsku. Hún er bæði skemmtileg fyrir þá eldri til upprifjunar og sem fróðleikur og skemmtun fyrir þá yngri sem ekki þekkja gamla tímann. Bók sem allir hestamenn þurfa að eiga í safni sínu.“ /smh



Bók Eiríks Jónssonar er afrakstur 30 ára vinnu við myndatökur á hestamótum á árunum 1979–2010.



Uppboð á hesti á verslunarmannahelgarmóti skagfirsku hestamannafélaganna á Vindheimamelum árið 1980. Marinó Sigurðsson, oddviti og hreppsstjóri á Álfgeirsvöllum, stjórnaði uppboðinu. Á myndinni má sjá marga þekkta hestamenn.




Náttfari frá Ytra-Dalsgerði á fjórðungsmóti í Víðidal í Reykjavík, sýndur af Þorkeli Bjarnasyni á kvöldvöku.



## VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplogur PUV1600  
Breidd 1.6m, með 3P festingu  
Verð: 436.000 kr. + vsk



Fjölplogur PUV3300  
Breidd 3.3m, án festinga  
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplogur PUV „M“ Diagonal  
Án festinga  
2.6m Verð: 830.000 kr. + vsk  
2.8m Verð: 850.000 kr. + vsk  
3.0m Verð: 890.000 kr. + vsk  
3.3m Verð: 950.000 kr. + vsk  
Fjölplogur PUV „HD“  
Án festinga  
3.6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk  
4.0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk



Snjötönn fyrir lyftara  
2,5 m breidd.  
Verð: 195.000 kr. + vsk



Snjötönn, 3000 HD  
3m, Euro festing  
Verð: 355.000 kr. + vsk




Fjölplogur, SBM festing  
VB-3200, 3.2m, 1.155 kg  
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3.7m, 1.205 kg  
Verð: 1.590.000 kr. + vsk



Flaghefinn 310-70  
3m, +/- 32°, 1692 kg  
Verð: 645.000 kr + vsk



Snjóskófla með vængjum  
SBM festing.  
2,4 - 3,77m. Verð: 749.000 kr. + vsk  
3 - 4,54m. Verð: 1.250.000 kr. + vsk



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Vélhjólaiþróttaklúbburinn óskar eftir landi til að halda þolaksturskeppni. Góðar greiðslur fyrir rétt land. Hafið samband við Pétur í síma 693-377 eða Einar í síma 896-5202.




Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 g. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Háþrýstipvottadælu fyrir allan iðnað. Óflugar og vandaðar dælu á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihræur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Weckman 13 tonna sturtuvagn. Tilboð. Verð kr. 1.790.000 mínus kr. 150.000 afsláttur = kr. 1.640.000 m. vsk. (kr. 1.322.580 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.




Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensínmotorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjából: 66 cm. Framleiðandi, Timbery í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Liprar og léttar fjágrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Eigum nú á lager okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt sams konar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla. Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Varmamót. Stærstu og hraðvirkustu byggingamót á markaðnum. Færri samsetningar, 50% hraðvirkari og læsast saman, bara stöðir til að rétta vegginn af og standast íslenskan staðal. www.aske.is Sími 660-1100.



Gámasliskjur. Eigum fyrirleggjandi galvanísiræðar gámasliskjur. Til afgreiðslu strax. Vír og lykkjur ehf. S. 772-3200 - www.viroglykkjur.is



Úrvals göngubrautir á 69.500 kr. Frí heimsending. Prektæki, Bíldshöfða 16, sími 661-1902.



Kranzle þýskar háþrýstidælu í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Prektæki Prekhjól með sæti á 45.000 kr. Frí heimsending. Mikið úrval spinning hjóla og hlaupabretta. Prektæki, Bíldshöfða 16. Uppl. í síma 661-1902.



Girðingaefti - Tilboð. 5 str. Túnnnet kr. 8.900,- rí 6 str. Túnnnet kr. 10.500,- rí. Gaddavír lowa kr. 5.450,- rí. Gaddavír Motto kr. 3.300 rí. Þanvír 25 kg. kr. 6.850 rí. Öll verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



## Til sölu

Junkkari J-10W  
10 tonna sturtuvagn



- Kornvagn með lausum skjólborðum (JL)
- Burðargeta: 10 tonn
- Pallastærð B/L laus skjólborð: 242/415 cm.
- Rúmtak m/skjólborðum: 5.2 rúmmetrar
- Hæð upp á pall: 104 cm.
- Veltiöxull: Já
- Dekkjastærð: 400/60-15,5
- Sporvidd: 185 cm.
- Vökvabremsur: Já
- Eigin þyngd: 2.200 kg.

Verð: 1.290.000.- kr. án vsk.

## Junkkari J-13JL 13 tonna sturtuvagn



- Kornvagn með lausum skjólborðum (JL)
- Burðargeta: 13 tonn
- Pallastærð B/L laus skjólborð: 240/465 cm.
- Rúmtak m/skjólborðum: 5.6 rúmmetrar
- Hæð upp á pall: 109 cm.
- Veltiöxull: Já
- Dekkjastærð: 500/50-17
- Sporvidd: 185 cm.
- Vökvabremsur: Já
- Eigin þyngd: 2.140 kg.

Verð: 1.680.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur  
Furuvellir 15 / 600 Akureyri  
Sími 535 3500  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Massey Ferguson 1540, árg. 2012, 1.804 tímar. Verðhugmynd 3.000.000 kr. án vsk. Driflæsing 4x4, 2 glussatengi að aftan, 1 að framan, aflúttak framan og aftan. Uppl. í s. 690-0123.



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu mjög öflug, traktorsdrifinn brunndæla. Mikil hrærigeta: 18.000 l/mín. Vinnudýpt allt að 3 m. Dælan er 6 mánaða gömul og lítið notuð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Snjóblásari 240 cm, kr. 690.000 +vsk. Trjáskurlari vökvastýrður, kr. 370.000 +vsk. Sveitakassi, kr. 110.000 +vsk, hagasláttuvélar og jarðtætarar á afslætti í nóvember. www.hardskafi.is - s. 896-5486.



Komdu með til Kanari! Ný handbók um Gran Canaria er komin út. Pantaðu eintak á síðunni lififerdalag.is og fáðu bókina senda í pósti.



Vegna breytinga á Hótel Holti eru flottir stólar, síðar myrkragardínur, hvítur stór Natuzzi sófi, rauður leðursófi og ýmislegt fleira til sölu. Fyrir frekari upplýsingar hringið í síma 899-3746.



Góð skúta til sölu. Lengd 8,8 m, br. 2,8 m, Volvo md7a dísel. Nýtt mastur & reiði, góð segl. Ásett verð 2,6 millj. kr. Uppl. í s. 864-7174, Pétur.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opíð kl. 13-16.30.



Fjögur negld Michelin vetrardekk á felgum til sölu, 285-70-19,5. Voru undir Volvo FL6. Nánari upplýsingar í síma 892-1157.



Til Sölu. Toyota Land Cruiser felgur. 4 felgur á sumar dekkjum. 5 gata 285-60-18. Nánari upplýsingar í síma 892-1157.



Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332 - www.buvís.is



Raf Scooter 1000/2000 W. Nánast ókeyrt. Verð 130.000 kr. eða tilboð. Uppl. í síma 896-1662.



Sett af dekkjum og keðjum á felgum sem koma undan JCB 3CX. Stærðin á stærri dekkjunum er 480/80R26 (18.4/R26) og þau minni eru 405/70R18 (16/70R18). Verð 750.000 +vsk. Uppl. í síma 892-2502.



Kjallaradælar fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifinn jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Tilboð. 7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.170.000 mínus kr. 110.000 afsl. = kr. 1.060.000 m, vsk. (kr. 855.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Patrol 2005, ekinn 273.000 km. Góð dekk, 35" breyttur. Gott eintak, vel með farinn. Uppl. í s. 891-6637 og sindribaering@gmail.com.



Toyota Land Cruiser 150 GX, árgerð 2014, ekinn 78.000 km. Dísel, sjálfskiptur, 5 dyra, 5 manna. Bakmyndavél. Krókur. Hefur verið í eigu sama aðila. Verð 5.990.000 kr. Uppl. í síma 861-5620.



Íslenskt handverk og hönnun. Frostþolnar friðarkertahlífar, handmótað úr steinleir. Veita kertunum skjól. Sími 893-8812, Fb: GK Leir og Litir.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Norskar skádælar. 5" eða 6" dæluör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/min. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° Skurðarbið á dæluhjól. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. hak@hak.is, s. 892-4163.



Haughræur galvaniseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Rúllugreip - Tilboð. Fyrir 2 rúllur. Glussaopnun. Verð kr. 330.000 mínus 10% afsl. = kr. 297.000 m/vsk. (kr. 240.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tilboð á Inmar bátum fyrir jólin. Amerísk gæði á góðu verði. Upplýsingar í síma 544-2270. Tölvupóstur: viking-is@viking-life.com Viking Björgunarbúnaður ehf. Íshella 7, 221 Hafnarfjörður.



Kassar með góðri öndun undir kartöflum og grænmeti. Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássi í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli. Stærð: 1,0 m x 1,2 m (utanmál). Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði). Burðargeta 750 kg. Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fljótlega. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri. Áhugasamir hafi samband í s. 892-4163 eða hak@hak.is



Bátar fyrir sjóstanga- og vatnaveiði. Allt að 40 gerðir í boði. Mjög vandaður búnaður á hagstæðum verðum. Framleiðandi: Polyester Yacht í Póllandi. www.polyesteryacht.pl. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Hausttilboð á Palmse PT-190 sturtuvagnum. Burðargeta 15 tonn með rúlluhöldurum. Tilboðsverð kr. 1.990.000 án vsk. Tilboðsverð með upphækkunum kr. 2.090.000 án vsk. Eigum aðeins örfáa vagna eftir. Búvís ehf. Sími 465-1332.

**STARFSMENN**  
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta

**551 5000**  
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is

**Svampur.is**

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík  
Símar 567 9550 og 858 0321

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús  
**Ryðfrír**  
neysluvatnshitarar  
með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastíllar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

www.bbl.is





**CAT M313 C**  
Árg. 2005. 9100 vst.  
Verð kr. 5.300.000- án/vsk.



**Hitachi ZX 140W**  
Árg. 2008. 7200 vst.  
Verð kr. 7.400.000- án/vsk.



**Terex HML 32**  
Árg. 2004. 8400 vst.  
Verð kr. 3.900.000- án/vsk.



**Komatsu PW130**  
Árg. 2006. 6000 vst.  
Verð kr. 4.900.000- án/vsk.



**JCB JS145 W**  
Árg. 2013. 7800 vst.  
Verð kr. 11.600.000- án/vsk.

**VÉLFANG**  
Gylfafiöt 32 | 112 Reykjavík  
Sími 580 8200 og 840 0827  
Netfang: velfang@velfang.is



Sauðfjárbúíð Ytra-Hólmi 1 er með til sölu kofareykt jólahangikjöt Beint frá býli. Erum með reykt lambakjöt, sauðahangikjöt og tvíreykt læri, einnig léttreyktan lambahamborgarahrygg. Pantanir í síma 860-2641, netfang kristina1@simnet.is einnig facebook.com/sauðfjárbúíð.



Mercedes-Benz Actros 2651 grindarbill. Árg. 2013, ekinn 604.000 km. Gámalásar á grind. Sjálfskiptur tveggja drifa. Ásett verð 5.750.000 kr. án vsk. eða tilboð. Upplýsingar veita Símon s. 620-2199 og Eiríkur sími 202-2167 hjá Bílaumbodinu Óskju.



Fjárnvagn/flatvagn. Létt að breyta í flatvagn. Breidd 2,40 m og lengd 5,20 m. Ásett 1,3 millj. kr. +vsk. Lítur vel út og lítil notkun. Sími 896-2019, Ásgeir, asgeir82@hotmail.com



Uppl. í síma 587-6065 eða 892-0016.



Uppl. í síma 587-6065 eða 892-0016.



Uppl. í síma 587-6065 eða 892-0016.



Uppl. í síma 587-6065 eða 892-0016.



Rafstöðvar með orignal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Glussaknunar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem deila allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glersandur, kornastærð 0,15 - 0,30 mm. 25 kg pokar. Verð aðeins kr. 4.000 m.vsk. Uppl. í síma 660-6111.



Trabant árgerð 1986 til sölu, hálf uppgerður. Óska eftir tilboði. Nánari upplýsingar í síma 861-3391 eftir kl. 18.



Gömul og góð Cat hjólastófla til sölu. Fin í snjóinn. Allar upplýsingar í síma 767-5050, Heimir.



Pöttinger Twist 8001 taðdreifari, smíðaður 2007. Hefur fengið gott viðhald, m.a. ný öflugri tannhjul í vinkildrifum dreifibúnaði, legur o.fl. Uppl. í síma 864-9353.



Lexus GX 470 árgerð 2005 með dráttarkrók. Virkilega góður jeppi með frábæra aksturseginnleika á og utan vega. Kraftmikil V8 vél. Lúxusútgáfa af Land Cruiser 120. Gott viðhald og fint ástand. Frekari upplýsingar í síma 665-8818.



Kempf 2ja öxla malarvagn. Til afhendingar strax. Hardox 450 8 mm botn og 5 mm hliðar. Allt heitsprautuzinkað. Mjög vönduð framleiðsla. Kempf fyrirtækið var stofnað 1950. Skoðið https://www.kempf.ag/en/Th. Adolfsson ehf. Sími 898-3612.



Sandblástur á nánast hverju sem er. Margra áratuga reynsla tryggir vönduð vinnubrögð! www.blastur.is - Sími 555-6005 - Helluhraun 6, 220 Hfj.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW - 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlögum rafstöðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknunar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Úrval af traktorsdekkjum. Búvís, sími 465-1332.

### Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drennottur, útleiktækki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is og s. 820-8096.

ISHIDA BC-4000 miðavog til sölu. Verð kr. 140.000 m/vsk. Uppl. í síma 865-2460.

Bækur. Blaðið Akranes, 1.-18. árg. 1942-1959. Allt sem út kom í mjög góðu bandi. Árbækur Barðastrandarsýslu 1948-1974, alls 11 bindi. Sími 693-5129.

ESAB Argon rafsuðuvél 180, hjólatjakkur, lítil loftpressa, naglabýssa fyrir timbur 75 mm, ýms loftverkfæri, olíuþrýstímælasett og fleira. Uppl. í s. 893-3475.

Traktor, Fordson major árg. 1959. Uppl. í síma 897-8631.

MF 165 árg. 1978. Notuð 3.010 vst, góð dekk. Verð 650.000 kr. +vsk. Einnig nýlegar léttkeðjur passa á 440/65-24. Verð 60.000 kr. +vsk. Uppl. í s. 896-7930.

Vestfirjarbækurnar eru hvorki stórkostlegar né einstakar. En þær leyndu á sér! Upp með Vestfirði! Vestfirska forlagið, jons@snerpa.is

Claas 250 rúllubindivél, Connor rúllupökkunarvél tölvustýrð, Liester dísel rafstöð 11,1 kW, einfasa. Toyota Corolla 1300, árg. '96. Vél ofl. varahlutir í Toyota Land Cruiser árg. '87. Einnig 35" dekk á 6 gata álfelgum. Uppl. í síma 895-2599.

### Óska eftir

Óska eftir 150 kW rafmagnstúpu. Uppl. í síma 618-7877, Marínó.

Óska eftir rafmagnskatli til upphitunar á húsnæði. Uppl. í síma 846-4811, Sæmundur.

### Atvinna

Ungur maður á 35. ári óskar eftir vinnu í sveit. Upplýsingar í síma 697-5284.

Casper Jespersen, 25 ára nemandi í Landbúnaðarskólanum Kalø í Danmörku leitar að starfi við kúabú frá janúar mánuði 2020. Uppl. gegnum casperjespersen@hotmail.dk eða í s. +45-531-25617.

Traustur starfskraftur með góða samskiptahæfni óskast til úti- og innvinnu á blönduðu búi á Suðurlandi. Upplýsingar síma 848-1617.

Alvaro, 43 ára frá Spáni, óskar eftir starfi á Suðurlandi. Hann er með

## Lely Center Ísland

**Síðustu 4x Lely heivinnuvélarnar á frábæru tilboðsverði**



Verð: kr. 1.090.000 án vsk.



Verð: kr. 910.000 án vsk.



Verð: kr. 690.000 án vsk.



Verð: kr. 950.000 án vsk.

**PICHON Öflugar haughræur af ýmsum stærðum og gerðum**



Reykjavík Krókháls 5f Sími 414 0000 Akureyri Óðinsnes 2 Sími 464 8600

reynsla af kúabú og öðrum störfum og býr að meðmælum. Uppl. í gegnum alvaroartigas19@gmail.com eða í s. 848-1894.

Málefni dagsins í sögulegu samhengi: Kvótaaðallinn fékk lán í bönkum gegn veði í óveiddum fiski, en fólkíð sem á fiskinn í sjónum, fékk ekki lán því það átti engin veð! Vestfirska forlagið.

### Einkamál

Sælur dömur. Eiður heiti ég og er 18 ára. Eg er bóndi og smiður á Hofi í Svarfaðardal. Er villtur foli og vantar konu. Sími 845-6223.

### Gefins

Er með mikið magn af djúpsteikingarolíu gefins. Er í 20 lítra brúsum. Upplýsingar á netfangið svaki63@gmail.com

### Húsnæði

Gisthús til sölu á Vestfirjörðum: Síma Hostel Flateyri. Sjá: https://www.mbl.is/fasteignir/fasteign/857492/

Óska eftir góðu herbergi ca. 25 fm. á sanngjörnu verði, eða einstaklingsíbúð. Uppl. í síma 454-5270.

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í s. 893-3475.



## VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Sanddrefari f/ krók  
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg  
Verð: 179.000 kr + vsk



Sanddrefifarar  
3P og EURO festing  
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk  
2m Verð: 495.000 kr. + vsk  
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk  
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Salt- og sanddrefari  
HZS-10, 1 m3, glussadrifin,  
með klumpabryót og tjakk



Salt- og sanddrefari  
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V  
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

## Tokvam



U-plógur UT 490.  
Hægt að skekkja til hliðar og  
vængi fram og aftur. 262-490cm  
Verð: 2.950.000 kr. + vsk



Fjölplogar VT320, VT380  
Vinnslubreiddir frá: 258 til 380  
cm. Sterkir plógar fánlegir  
með flotgrind fyrir mikinn hraða.  
Verð frá: 2.000.000 kr + vsk



Snjóblásari 256 THS Flex  
Vinnslubreiddir frá 256 cm  
Verð 2.250.000 kr + vsk



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000, www.aftvelar.is

### Til leigu

Eigum enn nokkur vetrarpláss  
laus fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi,  
tjaldvagna og bíla. Umsóknir sendist  
á vagnageymsla@gmail.com

### Veiði

Laxá í Aðaldal. Óskum eftir tilboð-  
um í svæði Múlatorfu, 2 stangir fyrir  
sumarið 2020. Tilboðum skal skila á  
netfangið: vinnuvelarsmara@gmail.  
com fyrir 1. des. 2019. Áskiljum við  
okkur rétt til taka hvaða tilboði sem er  
eða hafna öllum. Uppl. í s. 895-3322,  
Kjartan og s. 861-7623, Björgvin.

Til leigu er lítil falleg stangveiði á  
skemmtilegu landslagi á Norðurland-  
landi vestra. Til leigu er stangveiði-  
in Hallá á Skagaströnd sem er ca  
18 km fyrir utan Blönduós. Árlegur  
veiðitími er á tímabilinu 20. júní -  
20. september ár hvert. Leyfðar eru  
tvær stangir og veitt er á maðk og  
flugú í ánni. Gamalt veiðihús er við  
ána. Tilboð óskast í veiðirétt í ánni  
fyrir 30.12.2019. Heimilt er að taka  
hvaða tilboði sem er eða hafna öll-  
um. Upplýsingar gefur Magnús Guð-  
mannsson, Vindhæli í s. 841-9091  
og 452-2738 eða gegnum netfangið  
vindhæli@simnet.is

### Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegund-  
um sjálfskiptinga. Hafið samband í  
síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð.  
HP transmission Akureyri, netfang:  
einar.g9@gmail.com, Einar G.

Smiður getur bætt við sig verkefnum.  
Nýbyggingar, sökklar, sumarhús,  
viðhald húsa. Byggingarstjórn,  
tilboð, tímavinna. Uppl. í síma  
893-5374 og í gegnum netfangið  
nybyggd@gmail.com

Úrbeining. Tek að mér að úrbeina,  
hakka, pakka, laga kjötfars og bjúgu.  
Get sótt kjötið í SS Selfossi eða  
Hvolsvelli. Uppl. í síma 868-0544,  
Smári.

Arnarsetur ehf. Öll almenn bókhalds-  
þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga  
í rekstri. Bændabókhald og land-  
búnaðarframtöl. Mætum á staðinn  
eftir þörfum. Vönduð vinnubrögð.  
Marga ára reynsla. Persónuleg  
og hróð þjónusta. Örn Gunnarsson  
viðurkenndur bókarí. Sími 899-8185.  
Netfang orn-bokari@simnet.is

Tek að mér að færa video, slide,  
ljósmyndir yfir á DVD diska eða  
flakkara. Sýnishorn á Facebook:  
heima var best. Sími 863-7265 og  
siggil@simnet.is

### Smáauglýsinga- síminn er:

**56 30 300**

Eldri blöð má  
finna hér á PDF:



**Bændablaðið**

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)

Heilbrigðisstofnun Norðurlands:

# Niðurskurði vetrarþjónustu á Hólasandsvegi mótmælt

Heilbrigðisstofnun Norðurlands  
hefur gert alvarlegar athugasemdir  
við niðurskurð Vegagerðarinnar á  
vetrarþjónustu á Hólasandsvegi.

Forstjóri HSN, yfirlæknir og yfir-  
maður sjúkraflutninga hafa sent til  
Vegagerðarinnar bréf þar sem fram  
koma athugasemdir við boðaðar

breytingar Vegagerðarinnar á vetrar-  
þjónustu á Hólasandsvegi.

„Á hverju ári verða slys á þessu  
svæði sem krefjast snarlegrar, sér-  
hæfðrar fyrstuhjálparþjónustu,  
umferðarslys þar algengust. Verði  
slík slys í vetrartíð, skiptir tími enn  
meira máli en ella vegna kælingar.

Vegna öryggissjónarmiða mótmælum  
við í stjórn sjúkraflutninga HSN á  
Húsavík og yfirstjórn HSN fyrirhug-  
aðri skerðingu á vetrarþjónustu og  
óskum eftir að snjómokstur verði ekki  
sjaldnar en verið hefur undanfarin  
ár, eða tvisvar í viku, mánudaga og  
föstudaga,“ segir m.a. í bréfinu. /MPÞ

## Aðstöðuhús fyrir seyrusöfnun byggt á Flúðum

Eitt af samstarfsverkefnum  
sveitarfélaganna í uppsveitum  
Árnessýslu og Flóahrepps er  
svokallað „Seyruverkefni“ sem  
gengur út á það að safna seyru  
á svæðinu til uppgræðslustarfa.

Nú er bygging aðstöðuhúss  
á „Seyrustöðum“ á Flúðum vel  
á veg komin og ætti við það að  
vera komin undir þak í desem-  
ber. Ákveðið hefur verið að ráða  
þjónustufulltrúa seyruverkefnisins

á næsta ári. Hrunamannahreppur  
heldur utan um verkefnið, sem er  
orðið talsvert umfangsmikið, en  
það góða við starfseminna er að  
hún skapar störf í héraði sem máli  
skipta. /MHH

22.-29. nóvember

# GULUR FÖSTUDAGUR

Allt að **70%** afsláttur af\*

(\*á meðan birgðir endast)

**KÄRCHER**

**K5** Öflug  
háþrýstidæla

TILBOÐ

56.516



**KB 5**  
Rafmagnssópur  
með batterí

TILBOÐ

FRÁ  
10.950



**FC 5**  
Skúringarvél

TILBOÐ

FRÁ  
26.099



**RC 3**  
Ryksugu-  
vélmeni

TILBOÐ

90.872



**SC 2** Gufutæki  
sem þrífur án  
hreinisefna

TILBOÐ

23.659  
Hvít



**WV 2**  
Gluggaskafa

TILBOÐ

FRÁ  
9.340



Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

**Wendel**



### Hilltip Icestriker 550-1100 L

Salt og sanddrefari í þremur  
stærðum, fyrir pallbíl og minni  
vörubíla. Rafdrifinn 12V.



### Hilltip Icestriker 120-200 L

Salt og sanddrefari fyrir jeppa,  
pallbíl eða lyftara. Rafdrifinn 12V.



### Hilltip Snowstriker VP

Fjölplogur fyrir pallbíl, minni  
vörubíla og jeppa. Fánlegur í  
185-240 cm breidd.



### Hilltip Snowstriker SP

Snjötönn fyrir pallbíl, minni  
vörubíla og jeppa. Fánleg í  
165-240 cm breidd.



### Hilltip Icestriker 380

Salt og sanddrefari fyrir  
minni pallbíl, UTV og tækjabera.  
Rafdrifinn 12V.



### Hilltip Icestriker 1600 - 2600

Salt og sanddrefari fyrir pallbíl  
og minni vörubíla.  
Rafdrifinn 12V. eða 24V.

Tangarhófa 1, 110 Reykjavík  
S: 551 5484 - wendel@wendel.is  
[www.wendel.is](http://www.wendel.is)

## ÞURSATAK

Lítið byggingafélag í Reykjavík óskar  
eftir smiðum/verkamönnum til vinnu.  
Góð verkefnastaða. Vinsamlegast hafið  
samband á netfangið:

[thursatakehf@gmail.com](mailto:thursatakehf@gmail.com)



## LESENDABÁS

# Veiðigjöld og landbúnaður

Það á að lækka veiðigjöld hér á landi til að styðja við íslenskan sjávarútveg. Ein af rökunum fyrir því og kemur fram í „Frumvarpi til laga um veiðigjald. Erú svo hljóðandi:

„Við mat á áhrifum veiðigjalda verður að athuga að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru í samkeppni við sjávarútveg í öðrum ríkjum sem og fiskafurðir úr eldi, m.a. lax og tilapíu, auk þess sem verðsamkeppni getur verið við staðgönguvörur. Takmarkaðir möguleikar eru til þess að sækja auknar tekjur við sölu sjávarafurða.“

Í þessu samhengi má benda á að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greiddu eigendum sínum að upp á 12,3 milljarða króna í fyrra.

Tillaga Ríkisstjórnarinnar er því að lækka veiðigjöld til að sjávarútvegsfyrirtækin haldi samkeppnisstöðu sinni á erlendri grundu og um leið halda velli þegar kemur að afkomu til eigenda.

Á sama tíma býr íslenskur landbúnaður við tollasamninga við Evrópusambandið sem felur í sér stóráukinn innflutning á landbúnaðarvörum. Evrópskur landbúnaður nýtur gríðarlegra styrkja og nýtur niðurgreiðslu á sinni framleiðslu og uppbyggingu.

Eggjabændur, svínabændur og



Sigmar Vilhjálmsson.

kjúklingabændur njóta engra ríkisstyrkja hér á landi. Þetta eru þær landbúnaðargreinar sem standa algjörlega á eigin fótum í sinni ræktun.

Þegar tollasamningar við Evrópusambandið eru skoðaðir þá er um 63% af öllum umsömdum innflutningi, svínakjöt, kjúklingakjöt eða unnar kjötvörur, úr þeim afurðum.

Á sama tíma hafa verið innleiddar reglugerðir frá Evrópusambandinu um aðbúnað og ferla sem krefst þess að bændur þurfa að fjárfesta í endurbótum húsakostum, tækjum og tólum.

Það er því vel við hæfi að heimfæra rök sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til lækkunar á veiðigjöldum á landbúnaðinn og skipta út orðinu veiðigjöld fyrir tollkvóta. Þá myndu rök ráðherra til varnar íslenskum landbúnaði hljóma svo:

„Við mat á áhrifum tollkvóta verður að athuga að íslenskur landbúnaður er í samkeppni við landbúnað í öðrum ríkjum sem og landbúnaðarafurðum frá risafyrirtækjum, auk þess sem verðsamkeppni getur verið við staðgönguvörur. Takmarkaðir möguleikar eru til þess að sækja auknar tekjur við sölu landbúnaðarvara.“

Í stjórnarsáttmálanum segir: „Megin markmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og vernd búfjárstofna sé tryggð.“

Það verður því áhugavert að sjá hvernig nýtt frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lítur út í samræmi við gefin loforð og sjálfan stjórnarsáttmálan.

Sigmar Vilhjálmsson, Greinarhöfundur er talsmaður FESK, Félags eggjabaenda, svínabænda og kjúklingabænda á Íslandi.



## ÞORLÁKSMESSUSKATA

Þorláksmessuskatan er tilbúin í sölu, takmarkað magn.

Kæst, ósöltuð stórskata veruð eftir aldagamalli vestfiskri hefð.

Sendum hver á land sem er.

Upplýsingar í síma: 666 9363 og netfang: nilli.skogar@simnet.is

HEITUR POTTUR.IS  
KALDUR POTTUR.IS

# GÁMATILBOÐ

- Saunatumur - saunaofnar -  
- viðarpottar - viðarkynding -

## Verð frá 99.000kr.

S: 416 - 2500  
info@heiturpottur.is

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300  
Næsta blað kemur út **5. desember**



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara



- VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
- SÉRSMÍÐI
- IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR  
Á **HYDROSCAND.IS**



VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í  
DRÁTTARVÉLAR  
FRÁBÆR VERÐ



John Deere Ford  
Zetor Fiat  
Case IH New Holland  
McCormick Deutz-Fahr  
Steyr Massey Ferguson  
Claas

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**Bændablaðið**  
á **bbl.is** og líka á **Facebook**

Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert breyta.  
Á grænum grundum  
lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum  
þar sem ég má  
næðis njóta.

Sálm.23.1-2

biblian.is

**Bændablaðið**

Smáauglýsingar.

**5630300**

**ÁSCO**

BÍLARAFMAGN

**OKKAR ÆR OG KÝR**  
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Háttalarar. Tengi fyrir togspól. Hléslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlóður. Fjarlægðing. Fjarstart í bíla. Radarvar. Startkaplar. Áhrólar 12V og 24V / 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampermælur, spennufellur, 24V / 12V, trúflanaþéttar, loftnetsframlenging. Kerutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postullinsöryggi. Öryggishöndur. Stór öryggi uppi 250A. Stærðir fyrir Landrover. Smíðsett fyrir bátsakvélur. Bættarvélur. Oxaldrösur. Spennuáttar. Dúkur. Rafgeymaklefi. Jarðbandvæðing. Dúðubreyt. Reimskútur fyrir alternatara. Vöðuggeymar. Startarvél. Lagur í alternatara. Ról í alternatara. Hljóðnemar fyrir rútur. Öryggisloftnet. Öryggisloftnet. Öryggisloftnet.

**ÁSCO**

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

**Alternatorinn eða  
startarinn bilaður?**

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum  
í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólástillingar, úrval af ljósum á kerrur og  
eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is

pgs@pgs.is

s 586 1260

Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík



**PG Startþjónustan**  
Alternatara & Startara





Sæmundur

# NÝJAR BÆKUR FRÁ Sæmundi




Fréttablaðið, ÓKP 31. október 2019

Í þessari bók eru rifjaðar upp sögur af íslenskum kindum að fornu og nýju, afrekum þeirra, uppátækjum og viðureignum við óbliða náttúru og kappsfulla smala.



Hér segir frá prestsstörfum en veigamestar eru þó frásagnir af búsmala og fjallferðum, kúm, kindum, hestum og hundum. Skemmtileg og mannbætandi lesning.



Alhliða fræðslurit um gamla verkmenningu, málfar og þjóðhætti sem tengjast kúabúskap og nautpeningi í gamla íslenska bændasamfélaginu.



Münchhausen Íslands en líka einstaklega nákvæmur sagnaritari sem gefur okkur innsýn í fyrri tíma. Návistinn slær hér einstakan tón fegurðar og tærleika.



Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2019. Heillandi og hófstíllt verk þar sem hugsanir um æsku og elli vega salt.




Laust fyrir aldamótin 1900 er maður drepinn á Vatnsleysuströnd. Líkið er hræðilega útleikið. En þótt Strandaríngar láti sem þeir viti allt um morðið er enginn handtekinn.



Tindra Sól er tæplega ellefu ára og býr hjá ömmu sinni í sveitinni. Besti vinur hennar er uppátækjasöm og svoltið hrekkjótt forstugimbur.



Ekki raunasaga og ekki grátsaga. Þetta er sannsaga – líffsaga.



Sagan byggir á raunverulegum atburðum við Öskjuvatn árið 1907 þegar tveir þjóðverjar hurfu þar sporlaust.



Höfundur er ráðsett læða á Akranesi og hafa margar vísur eftir hana birst í fjölmiðlum. Höfundarlaunum hefur skáldið ánafnað Kattholti.